

18

24–25

40



Fjölga  
fé með  
ræktun  
úr eigin  
stofni

Dýralækna-  
þjónusta  
er dýra-  
velferðarmál



Bærinn okkar  
Neðri-Mýrar



# Bændablaðið

1. tölublað 2015 • Fimmtudagur 15. janúar • Blað nr. 434 • 21. árg. • Upplag 32.000



Það var sannarlega ekki amalegt að líta til lofts á hinum sögufræga stað Odda á Rangárvöllum hinn 26. desember síðastliðinn. Þá bókstaflega logaði himinninn af flóktandi norðurljósum. Hreinn Óskarsson skógræðingur tók þá þessa fallegu mynd af kindunum á bænum sem virtust ekkert vera að láta tilkomumikla ljósadýrðina á himni raska ró sinni.

Nýir hluthafar koma inn í eigendahóp eina ullarvinnslufyrirtækis landsmanna:

## Sauðfjárbændur kaupa stóran hlut í Ístex

Þeir sauðfjárbændur sem áttu um 75 prósent af verðmæti innlagðrar ullar í ullarvinnsluna Ístex á síðasta ári munu eignast 24 prósent hlut í fyrirtækinu.

Síðastliðið sumar hafði tilboði frá erlendum krónueigendum, í gegnum verðbréfafyrirtækið Virðingu, í 34 prósent hlut verið hafnað. Um haustið bárust síðan tvö önnur tilboð sem einnig var hafnað. Í byrjun nóvember var greint frá því að sauðfjárbændum stæði til boða að kaupa 24 prósent hlut í Ístex, samhliða því að félagið sjálft keypti tíu prósent af eigin hlutum.

Um hluti starfsmanna Ístex er að ræða; þeirra Guðjóns Kristinssonar framkvæmdastjóra, Jóns Haraldssonar framleiðslustjóra og Viktors Guðbjörnssonar sem hefur haft umsjón með tæknimálum fyrirtækisins.

Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir að um nýliðin áramót hafi verið búið að skrá um 437 tonna ullarinnlegg hjá Ístex. Innleggjendur ríflega 75 prósent af verðmæti þess samþykktu að taka þátt í hlutabréfakaupunum – og það sé í samræmi við áætlanir.

„Innleggjendum býðst að gera viðskiptasamning um kaupin í Ístex, en hann felur í sér að viðkomandi bóndi fær 15 prósent hærra ullarverð fyrir ullina sína, en um leið skuldbindur hann sig til að verja 27 prósentum af verðmæti innlegsins til hlutabréfakaupanna. Gert er ráð fyrir að samningurinn gildi í fjögur ár.“ Segir Sigurður líkur til að það séu helst smærri innleggjendur sem hafi hafnað þátttöku það sem af er.

Í samtali við Bændablaðið í nóvember síðastliðnum sagði Ari Teitsson, stjórnarformaður Ístex,

að hann hefði markvisst unnið að þeirri hugmynd frá síðasta sumri að bændur keyptu sjálfir umræddan hlut í félaginu. „Þegar Ístex var stofnað tóku bændur þátt í þeirri stofnun með því að leggja fram um einn þriðja af hlutafé félagsins. Markmiðið var að bændur, lykilstarfsmenn og ullarkaupendur – sem þá voru aðallega kaupfélögin – væru þátttakendur í þessu þannig að enginn ætti meirihluta.

Á þessum tíma hefur orðið sú breyting að líklega tæplega helmingur þeirra sem tóku þátt í þessu í upphafi er ekki lengur

að framleiða ull. Þannig hefur hlutur hinna raunverulegu ullarframleiðenda þynnst mjög. Vegna markmiða stjórnar fyrirtækisins – um að safna, vinna og markaðssetja íslenska ull – var það mat hennar að það væri æskilegt að endurnýja hlut bænda í fyrirtækinu.“

Rekstur Ístex hefur á undanförunum árum gengið vel. Á síðasta ári var það rekið með 46 milljóna króna hagnaði. Næsti aðalfundur verður haldinn í dag, 15. janúar.

/smh

## Fréttir

Stóra Ármót:  
Enginn tilraunastjóri  
vegna manneklu

Grétar Hrafn Harðarson dýralæknir hefur látið af störfum sem tilraunastjóri Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) í tilraunafjósinu á Stóra Ármóti í Flóahreppi.



Grétar Hrafn Harðarson.

Hann hefur ráðið sig í hlutastarf í fóðurráðgjöf fyrir bændur hjá Jötun Véllum á Selfossi, auk þess sem hann mun sinna starfi dýralæknis hjá Dýralæknamiðstöðinni á Hellu. Sökum manneklu við Landbúnaðarháskólann frestast framkvæmd á tilraun sem búið var að undirbúa og átti að hefjast á haustdögum en hún snýst um að skoða áhrif fóðrunar á efnasamsetningu mjólkur og þá sérstaklega fituinnihald mjólkur. Búið var að fá 5 milljónir króna úr þróunarsjóði nautgriparæktar til verkefnisins.

/MHH

Rangárping eystra:  
Sex þorablót

Íbúar í Rangárþingi eystra og gestir þeirra þurfa ekki að kvarta undan því að komast ekki á þorablót í ár því sex slík blót verða haldin í sveitarfélaginu í janúar og febrúar.

Fyrsta þorablótið verður haldið í Gunnarshólma 24. janúar, annað í Goðalandi 31. janúar, það þriðja í Hvoli 7. febrúar, það fjórða í Fossbúð 7. febrúar, fimmta blótið verður í Njálshúsi 14. febrúar og loks það sjötta á Heimalandi 21. febrúar.

/MHH

Beingreiðslur:  
Orðsending til  
garðyrkjubænda

Ný reglugerð nr. 1178/2014 um beingreiðslur í garðyrkju fyrir árið 2015 hefur tekið gildi.

Þeir sem hafa hug á að þiggja beingreiðslur á árinu 2015 þurfa að skila inn umsókn og/eða áætlun til Bændasamtaka Íslands, Búnaðarstofu, fyrir 20. janúar 2015, þar sem fram kemur flatarmál gróðurhúsa, sem ætlað er til framleiðslu fyrir hverja tegund svo og áætluð framleiðsla af hverri tegund á árinu 2015.

Framleiðendur sem hlotið hafa beingreiðslur á árinu 2014 skulu senda heildaruppgjör fyrir árið staðfest af löggiltum endurskoðanda fyrir 10. febrúar 2015.

Umsóknarblöð og nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Bændasamtaka Íslands undir Eyðublöð eða hjá Ásdísi Kristinsdóttur í síma 563-0300 og á ak@bondi.is

Bændablaðið og BÍ:  
Breytingar  
á verðskrá

Vegna virðisaukabreytinga um áramótin lækkar verð á stórum auglýsingum í Bændablaðinu um 1,5%.

Áskrift að Bændablaðinu til þeirra sem fá blaðið sent heim í pósti hækkar um áramótin um 300 krónur á ári. Er fullt verð áskriftar þá 7.500 krónur fyrir árið en áskrift með afslætti kostar 3.750 eftir gjaldskrárhækkanir.

Gjaldskrá vegna tölvuforrita tölvudeildar BÍ hækkar um áramótin en verðlista má finna á bondi.is



Massey Ferguson 5610 var vinsælasta nýja dráttarvélin meðal bænda á Íslandi árið 2014. Hér er sams konar vél komin alla leið á Suðurland eftir að hafa fyrst farið í reynsluakstur á Vatnajökli.

Alls voru seldar 105 nýjar dráttarvélar á Íslandi á árinu 2014:

Massey Ferguson er langvinsælasta  
dráttarvélategundin ár eftir ár

— Jötunn Vélar á Selfossi er með meira en helming dráttarvélamarkaðarins

Samkvæmt tölum Samgöngustofu voru seldar 105 nýjar hefðbundnar dráttarvélar á árinu 2014 sem er nærri um 1% samdráttur frá árinu 2013 þegar seldar voru 108 vélar. Það ár hafði verið 6,5% samdráttur í heildina frá 2012 svo lítið virðist vera að glæðast í dráttarvélasölu hér á landi miðað við stöðuna fyrir efnahagshrunið 2008.

Sala upp á 105 dráttarvélar er ekki sérlega mikið að mati þeirra sem þekkja vel til á markaðnum. Eðlileg endurnýjunarþörf er talin vera um 150 til 170 dráttarvélar á ári og nú hefur salan verið langt undir þeim tölum í fjölda ára. Meðalaldur dráttarvélaflota landsmanna hækkar því stöðugt.

## Massey Ferguson á toppnum

Söluhæsta nýja dráttarvélin á síðasta ári var hinn fornfrægi Massey Ferguson, sömu gerðar og fór á Suðurland undir árslok 2014 (MF 5610) og var m.a. í reynsluakstri á vegum Artic Trucks á Vatnajökli á síðastliðnu hausti.

Á síðasta ári voru fluttar inn 30 nýjar Massey Ferguson vélar. Er hann greinilega langvinsælasta tegundin, með 28,6% hlutdeild af heildarsölu dráttarvéla hér á landi á síðasta ári. Á árinu 2013 voru seldar 28 Massey Ferguson vélar sem veltu þá úr sessi Valtra sem var söluhæst árið 2012 en er nú í öðru sæti eins og í fyrra. Í þriðja sæti er svo Claas sem kemst þar upp fyrir New Holland sem var í þriðja sætinu á síðasta ári.

Jötunn Vélar með 51,4%  
markaðshlutdeild



Athygli vekur að Jötunn Vélar á Selfossi var með tvær söluhæstu dráttarvélar rétt eins og árið 2013 og bætir heldur við markaðshlutdeild sína. Er Jötunn Vélar nú með 51,4% markaðshlutdeild af sölu allra nýrra dráttarvéla á Íslandi en var með 46% hlutfall árið áður.

Finnbogi Magnússon, framkvæmdastjóri Jötuns Véla, segir að þó þeim hafi gengið vel í sölu á síðasta ári, þá sé sú staða ekkert sjálfgefin.

Á síðasta ári var Massey Ferguson með 30 seldar vélar og Valtra með 24. Samanlagt þýðir þetta 51,4% markaðshlutdeild hjá umboðsaðilanum Jötni Véllum.

Vélfang er með Claas, Fendt og JCB. Seldi fyrirtækið 17 Claas vélar og 3 Fendt en JCB komst ekki á blað frekar en árið áður. Er fyrirtækið því með 19% markaðshlutdeild og er komið í annað sætið á markaðnum, en var með 11% hlutdeild árið 2013 samkvæmt fyrirbyggjandi tölum.

Kraftvélar í Kópavogi eru í



Massey Fergusona á leiðinni á Suðurland.

þriðja sæti í samanlögðum tölum með New Holland og Case IH. Af þessum tegundum voru seldar 13 dráttarvélar, þ.e. 9 stykki af New Holland og 4 Case, sem gerir 12,4%

markaðshlutdeild. Er það heldur lægri markaðshlutdeild en á árinu 2013 þegar fyrirtækið var með 17% hlutdeild á dráttarvélamarkaðnum og í öðru sæti.

Þór er í fjórða sætinu og seldi 5 Kubota og 5 Deutz Fahr dráttarvélar. Var Þór því samanlagt með 9,5% hlutdeild á síðasta ári en var með 14% markaðshlutdeild árið 2013.

VB Landbúnaður seldi 3 Zetor dráttarvélar en enga John Deere vél. Markaðshlutdeild fyrirtækisins er því 2,8% en var 12% hlutdeild árið 2013. Vegur hver einasta vél þungt í slíkum útreikningi og ekki þarf mikið til að breyta stöðunni á markaðnum.

Samkvæmt heimildum Bændablaðsins munu hafa verið seldar tvær kínverskar Dong Feng dráttarvélar á síðasta ári, ein Belarus frá Hvíta Rússlandi, ein kínversk Unique og ein Branson dráttarvél frá Suður-Kóreu.

/HKr.

/Sjá tölur um notaðar vélar bls. 4



## Einkorna áburður:

# Hin fullkomna pakkalausn

Yara áburður er einkorna gæða áburður þar sem öll næringarefnin eru í hverju korni. Með notkun á einkorna áburði er tryggð jöfn og góða þekja áburðarefnanna og fullkomin nýting þeirra. Ekki er hætt á aðskilnaði áburðarefna þar sem öll áburðarefnin eru í hverju korni.



SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðenda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

## Notaðu minni áburð með Yara



Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • yara@yara.is • www.yara.is

## Fréttir



Reglugerðir um velferð búfjár og gæludýra:

## Nýjar reglugerðir um nautgripi, sauðfé og geitfé gefnar út – básahald nautgripa verður lagt af

Reglugerðir um velferð nautgripa annars vegar og sauðfjár og geitfjár hins vegar voru birtar 11. desember síðastliðinn og eru aðgengilegar á vefnum [www.reglugerd.is](http://www.reglugerd.is). Helstu breytingar eru þær að með þeim er gert ráð fyrir að básahald nautgripa verði lagt af innan 20 ára og að öll ný fjós skuli vera lausagöngufjós. Þá verður allt sauðfjárhald tilkynningaskyld.

Vinna við reglugerðir um velferð búfjár og gæludýra hefur staðið yfir frá síðastliðnu vori, þegar skipaðir voru starfshópar til að vinna tillögur til ráðuneytisins.

### Styttist í síðustu reglugerðirnar

Á síðari hluta síðasta árs var unnið úr umsögnum fyrir allar reglugerðirnar og um leið var útgáfa þeirra undirbúin. Í lok október var fyrsta reglugerðin gefin út, um velferð hrossa, og svo nú þessar. Samkvæmt upplýsingum frá Rebekku Hilmarsdóttur, lögfræðings í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, munu á næstu dögum verða birtar reglugerðir um velferð svína og minka, en þær munu vera til meðferðar hjá Stjórnartíðindum – sem sjá um birtingu þeirra.

## Eigendaskipti á Sveinbjarnargerði

Eignarhaldsfélagið Sólífjörð hótels hefur keypt Sveitahóтелиð í Sveinbjarnargerði í austan-verðum Eyjafirði.

Að Sólífjörð hótels stendur Sigurður Karl Jóhannsson, veitingamaður á Akureyri. Seljandi er Byggðastofnun og var skrifað undir samninga um viðskiptin í dag, þriðjudag.

Sigurður Karl segir að kaupin hafi verið í undirbúningi í nokkurn tíma.



## Tilboð á sérmerktum þorrablótsstaupum



Norðlingabraut 14 - 110 Reykjavík  
Sími 569 9000 - [sala@bros.is](mailto:sala@bros.is) - [www.bros.is](http://www.bros.is)

– með þínu merki

Fyrsta loðskinnauppböð ársins hjá Köbenhavn Fur:

# Á flestan hátt jákvætt

Öll skinn sem í boði voru á fyrsta uppböði ársins hjá Köbenhavn Furs seldust upp og verð var yfirleitt hærra en á síðasta uppböði að sögn Einarss E. Einarssonar, ráðunauts hjá RML og loðýrabónda að Syðra-Skórðugili í Skagafirði.

„Uppböðið var á flestan hátt mjög jákvætt. Kaupendur voru tæplega fjögur hundruð og uppböðið hófst á sölu á refaskinnnum sem hefði mátt ganga betur. Minkaskinn seldust aftur á móti mjög vel, sum skinnin hækkuðu en önnur lækkuðu frá síðasta uppböði og minkaskinnin seldust upp. Skinnin sem hækkuðu mest voru sjaldgæfustu litirnir og hækkunin á sumum þeirra í kringum 20%. Svo mikil hækkan er samt villandi og á ekki við um megnið af skinnunum þar sem framboðið á sjaldgæfustu litunum er mjög lítið,“ segir Einar.

### Kaupglaðir kaupendur

Á Íslandi er framleitt mest af brúnum skinnnum og verðið á þeim lækkaði um 8% en á móti kom að



Tæplega 9.000 skinn af íslenskum loðdýrum voru boðin upp á fyrsta uppböði Köbenhavn Fur á þessu ári.

Þau seldust öll upp. „Þrátt fyrir það var uppböðið mun betra en ég átti von á enda kaupendur kaupglaðir að mínu mati.“

Einar segir að uppböðið núna geti bent til að næsta uppböð sem verður 8. til 15. febrúar geti líka verið gott en lengra nái það ekki. „Markaðurinn er mjög breytilegur og ómögulegt að segja hvernig hann þróast þegar líður á árið.“

### Lítið um íslensk skinn

Að sögn Einarss voru ekki nema tæp 9.000 íslensk skinn á uppböðinu að þessu sinni en yfir árið eru þau um 190.000. „Skilafresturinn fyrir fyrsta uppböð ársins er

okkur óhagstæður og því erfitt fyrir Íslendinga að senda mikið af skinnnum á það.“

Einar segir erfitt að bera saman verðið sem fékkst fyrir íslensku skinnin og skinn frá öðrum löndum þar sem íslensku skinnin hafi verið fjölbreytt og í litlum einingum. Hann segist aftur á móti eiga von á að það verði milli 20 og 30 þúsund íslensk skinn á uppböðinu í febrúar og að eftir það verði hægt að bera saman verð á íslenskum skinnnum og skinnnum frá öðrum löndum.

### Gott fyrir sálina

„Í mínum huga var þetta uppböð fyrst og fremst gott fyrir sálartetrið og vekur hjá mönnum bjartsýni um framhaldið. Skinnin seldust og oftar en ekki á hærra verði en á síðasta uppböði.“

Markaðurinn er fyrir hendi og tiskukóngar í auknum mæli farnir að nota skinn í sína hönnun og vetur að ganga í Kína og þá eykst eftirspurnin,“ segir Einar E. Einarsson, ráðunautur og loðýrabóndi. /VH

Samdráttur í neyslu þorramatar sé horft 10 til 15 ár aftur í tímann:

# Þorramatur fyrir grænmetisætur

Framleiðsla á þorramat er svipuð í ár og á síðasta ári. Neyslan hefur aftur á móti dregist saman sé horft einn til tvo áratugi aftur í tímann. Meðal nýjunga í ár er kjötsúpu- og grænmetisultu sem svipar til sviðasultu í útliti.

„Undirbúningur fyrir þorran höfst strax í haust og eins og undanfarin ár bjóðum við upp á súrmat sem lagt var í síðastliðið haust. Að venju eru það pungar, sviðasulta, slátur, bringur og lundabaggi,“ segir Guðmundur Svavarsson, framleiðslustjóri hjá Sláturfélagi Suðurlands.

### Aukning í sölu milli ára

Guðmundur segir að auk súrmats seljist mikið af ferskri sviðasultu og slátri á og í kringum þorra.

„Hangikjöt og saltkjöt selst einnig vel á þessum tíma.“ Hann vill ekki gefa upp hversu mikið sláturfélagið er að selja af þorramat en segir að það séu tugir tonna og að salan aukist um nokkur prósent milli ára.

Að sögn Guðmundar er sala á þorramat hafin.

„Við setjum fötur af blönduðum þorramat í sölu fyrir jól. Það selst yfirleitt vel af þeim enda þykir mörgum þorramatur góð tilþreying um jól og áramót.“

### Útflutningur á hliðarafurðum

Frá því í haust hefur Sláturfélag Suðurlands selt um 300 tonn af því sem er kallað hliðar- eða aukaafurðir. „Megnið af afurðunum fer til Asíu og þeir eru að kaupa allt mögulegt sem áður þurfti að farga en búin eru til úr verðmæti í dag. Má þar nefna fitu, titlinga, bein og lungu, sem fara reyndar ekki til Asíu en seljast samt.“

Guðmundur segir að aukaafurðirnar séu flokkaðar, pakkaðar og frystar hér en áfram unnar hjá kaupendum.

„Ég veit ekki annað en að afurðunum sé breytt í mat í Asíu og einhvern tíma heyrði ég að titlingarnir væru djúpsteiktir og borðaðir þannig.“

Guðmundur segir að áður fyrr hafi Íslendingar nýtt kindaskrokka upp til agna og að með aukinni nýtingu á aukaafurðum sé á vissan hátt verið að hverfa til fortíðar. „Fljótt á lítið erum við að nýta 90 til 95% af lambaskrokknunum í dag



Af nýjungum í boði á þorrabakka má nefna kjötsúpu- og grænmetisultu sem líkjust sviðasultu í útliti.



Margir vilja smakka súrsaða lambatittlinga.

en vegna áhættuþátta sem tengjast sýkingu má ekki nýta ákveðna vefi, miltið, mjógi, heila og hryggssúlu eða mænu og þessum hlutum er fargað í brennslu hjá okkur.“

### Samdráttur sé horft til lengri tíma

Ólafur Már Þórisson, markaðsstjóri hjá Kjarnafæði, segir að framleiðslan hjá þeim á þorramat á þessu ári sé álíka og á liðnum árum. „Framleiðslan í ár er svipuð og í fyrra en sé lítið til lengri tíma, 10 til 15 ára, þá hefur hún verið að dragast saman og skýringin er hreinlega sú að þeir sem hafa borðað mest af þorramat eru smám saman að falla frá vegna aldurs. Á móti kemur, og ánægjulegt er, að fjöldi skóla og leikskóla eru farnir að kynna þorramat fyrir nemendum sínum og þannig að viðhalda hefðinni. Við verðum líka varir við að þorrablót eru færri en stærri í dag en áður og fólk borðar þorramat meira á veitingahúsum en áður.“

Kjarnafæði framleiðir flestan

þorramat sem unninn er úr landbúnaðarafurðum hvort sem hann er súrsaður eða nýr. „Vinsælustu afurðirnar ár eftir ár eru sviðasulta, pungar og svið. Hangikjöt og saltkjöt eru líka vinsæl með þorramat og mikið sem selst af því á þessum árstíma.“

### Kjötsúpu- og grænmetisultu

„Af nýjungum frá okkur get ég nefnt afurð sem líkist sviðasultu. Önnur er sulta sem búin er til úr kjötsúpu en hin úr grænmeti. Hvoru tveggja er að öllu leyti sambærilegt við sviðasultu nema hvað kjötsúpusultan bragðast eins og gamla góða kjötsúpan og grænmetisultan er hugsuð fyrir grænmetisætur.“

Ég er sannfærður um að hvoru tveggja á eftir að koma verulega á óvart bæði hvað formið varðar og bragðgæði,“ segir Ólafur.

### Sviðnar lappir og súrir titlingar

Hjá Norðlenska ehf. fengust þær upplýsingar að framleiðslan hjá þeim væri svipuð og undanfarin ár. Reynir Eiríksson framleiðslustjóri segir að þeir framleiði nokkra tugi tonna af súrmat á ári og á svipuðu róli og undanfarin ár.

„Af nýjungum hjá okkur er að við erum að sviða lappir fyrir einn aðila. Í fyrra prófuðum við okkur áfram með að súrsa titlinga, sem annars hafa farið í útflutning og þeir seldust upp, og við jukum því við magnið í haust. Magnið er ekki mikið og aðallega til að svara forvitni þeirra sem vilja smakka,“ segir Reynir. /VH

# Við hjálpum þér að ná settu markmiði

Í Lyfju finnur þú allt sem þarf til að hlúa að líkamanum og viðhalda forminu í ferðalaginu að nýjum markmiðum.

Afsláttur gildir til 31. janúar.



## Solaray

Hyaluronic Acid og Astaxanthin og Beet Root. Nauðsynlegt í ræktina til að minnka harðsperrur og auka úthald.

**25%  
afsláttur**

af öllum Solaray vörum.



## OptiBac

Eru sérhæfðir meltingargerlar lausnin fyrir þig? Þú færð virkar lausnir frá OptiBac.

**20%  
afsláttur**



## Solaray

Green Coffee Bean og Body Lean. Ýtir undir þyngdartap og byggir upp vöðvastyrk.

**25%  
afsláttur**

af öllum Solaray vörum.



## 3-in-1

3 frábær fitubrennsluefni í einu hylki. Garcinia Cambogia, Green Tea og Green Coffee. Slær á sykurlöngun.

**20%  
afsláttur**



## Biomega

Vítamín fyrir alla fjölskylduna. Íslensk framleiðsla.

**20%  
afsláttur**



## Curcumin

Jákvæð verkun gegn slæmum liðum, gigt, bólgum og magavandamálum. Styrkir hjarta- og æðakerfið, bætir heilastarfsemi og andlega líðan.


**20%  
afsláttur**



## Berocca

Vertu upp á þitt besta. Bættu frammistöðuna með Berocca. Sykurlausar freyðitöflur.

**20%  
afsláttur**



## Melissa Dream

Þjáist þú af svefnleysi? Melissa Dream stuðlar að dýpri slökun og betri svefni.

**20%  
afsláttur**



## Cura-Heat

Ný náttúruleg leið til að losa um sársauka í hálsi, öxlum, baki og hnjám. Virkar í allt að 12 klst. Án ilmefna.

**20%  
afsláttur**

# Bændablaðið

## Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279  
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) [hk@bondi.is](mailto:hk@bondi.is) – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason [tjorvi@bondi.is](mailto:tjorvi@bondi.is)  
Bláðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir [mth@bondi.is](mailto:mth@bondi.is) – Sigurður Már Harðarson [smh@bondi.is](mailto:smh@bondi.is) – Vilmundur Hansen [vilmundur@bondi.is](mailto:vilmundur@bondi.is)  
Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir [ehg@bondi.is](mailto:ehg@bondi.is) – Sími: 563 0303 – Frágangur fyrir prentun: Prentsnið.  
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er [bbl@bondi.is](mailto:bbl@bondi.is) Netfang auglýsinga er [augl@bondi.is](mailto:augl@bondi.is) Vefsíða blaðsins er [www.bbl.is](http://www.bbl.is)  
Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

## LEIÐARINN

# Tollverndin virkar

Ég óska lesendum Bændablaðsins gleðilegs árs með þökkum fyrir lesturinn á liðnum árum.

Tollvernd er önnur af tveimur meginstöðum stuðnings við landbúnað, bæði hér á Íslandi og annars staðar í heiminum. Tilgangur tollverndar er að jafna stöðu innlendrar framleiðslu gagnvart innfluttri. Á Íslandi er hún meðal annars notuð til að styðja við fjölbreytta framleiðslu úr íslenskri sveit, þar sem hreinleiki umhverfisins er ótvíræður, sjúkdómar fáir, sýklalyfjanotkun þar af leiðandi í lágmarki og skapar þýðingarmikil störf fyrir byggð í landinu. Ekkert af þessu er sjálfgefið og byggir meðal annars á því að tollverndin sé fyrir hendi.

### Engin þjóð vill alfarið treysta á innflutt matvæli

Allar þjóðir sem við berum okkur saman við styðja eigin búvöruframleiðslu með tollvernd að meira eða minna leyti. Rökin eru einkum þau að hagsmunir neytenda séu ekki fölgirnir í því að veikja innlenda matvælaframleiðslu með auknum innflutningi á mat sem hægt er að framleiða í heimalandinu. Aðeins 10% af landbúnaðarframleiðslu heimsins eru seld á milli ríkja. Hin 90% eru til neyslu og vinnslu á heimamarkaði. Engin þjóð vill alfarið treysta á innflutt matvæli enda sýnir reynsla annarra þjóða að slíkt leiðir á endanum til herra verðs, þegar aðrir kostir en innflutningur eru ekki lengur í boði.

### Langflestar landbúnaðarvörur eru tollfrjálstar

Stjórnmöld leggja tolla á innfluttar búvörur sem eru sambærilegar þeim sem framleiddar eru hér á landi. Einkum er um að ræða mjólkurvörur, kjötvörur og blóm. Einnig nýtur útiræktað grænmeti eins og gulrætur, gulrófur og kartöflur tollverndar þegar íslenska framleiðslan annar eftirspurn. Þegar íslenskar vörur eru ekki til eru erlendu vörurnar fluttar til landsins án tolla. Langflestar landbúnaðarvörur eru fluttar inn án tolla. Þetta á til dæmis við um allt hveiti og kornvörur, pasta, hrísgrjón, sykur, matarolíur, ávexti og stærstan hluta af innfluttu grænmeti.



Oft er leyft að flytja inn takmarkað magn af búvörum sem almennt bera tolla á lægri eða jafnvel engum tollum. Það er þá gert með úthlutun á tollkvótum. Stjórnmöld hafa hér farið þá leið að bjóða kvótana út og gefa hverjum sem er færi á að bjóða í þá. Með því eru allir jafnsettir og sá fær kvótann sem treystir sér til að greiða mest fyrir hann. Vissulega eru til aðrar aðferðir við úthlutun en ekki hefur verið sýnt fram á að annað fyrirkomulag sé sanngjarnara þegar eftirspurnin er meiri en framboðið.

Innflytjendur kvarta endurtekið yfir þessu enda vilja þeir engar takmarkanir á innflutningi yfirleitt, hvorki á grundvelli atvinnulegra eða heilbrigðistengdra sjónarmiða. Þeim er sama um innlenda framleiðslu, eða heilbrigði innlends búfjár. Gjarnan er reynt að láta líta þannig út að hér séu bæði hæstu og víðtækustu tollar á byggðu bóli. Hvorugt er rétt. Við tollum rúman þriðjung af innfluttum matvælum sem er minna en víðast hvar annars staðar. Tollkvótar eru auk þess margþættir. Í gildi eru kvótar vegna innflutnings frá ESB, frá EFTA-löndunum, frá Noregi og einnig kvótar sem kveðið er á um í samningum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Til viðbótar því koma síðan einhliða aðgerðir stjórnsvalda. Meirihluta ársins 2014 var til dæmis hægt að flytja inn nauta- og svínakjöt á lágmarkstollum. Magn var ekki takmarkað þannig að ekki þurfti að greiða fyrir þá kvóta.

Um nokkurra ára skeið hafa verið viðræður um frekari aðgang fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir inn á ESB markaðinn. Evrópusambandið vill eðlilega ekki láta okkur hafa þann aðgang fyrir

ekki neitt – þeir nota nefnilega tollvernd líka. Niðurstaða þeirra viðræðna er ekki í sjónmáli en mikilvægt er að tekið verði mið af stærð markaða í báðum tilvikum.

### Fullyrðingar sem ekki standast

Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, fjallaði um landbúnaðinn í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni fyrir skömmu. Þingmaðurinn hélt þar ýmsu fram sem ekki stenst skoðun.

Framleiðsluverðmæti landbúnaðarins árið 2014 var 51,6 milljarðar króna. Framleiðsluverðmæti er án vörutengdra styrkja s.s. beingreiðslna. Það eru rúmar 140 milljónir á dag – alla daga ársins. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar starfa 4.700 við landbúnað. Rannsóknir benda til þess að með afleiðdum störfum starfi meira en 12.000 manns við landbúnað eða tengdar greinar.

Þá hélt þingmaðurinn fram að 97% tekna sauðfjárbænda eftir að búið er að greiða breytilegan kostnað kæmu af beingreiðslum. Ekki er gott að segja hvaða tölur þingmaðurinn valdi sér til að fá þessa prósentu fram, enda gerði hann enga grein fyrir því. Í Hagreikningum landbúnaðarins sem Hagstofan tekur saman má hins vegar sjá að af heildartekjum meðalsauðfjárbús koma 39,5% af beingreiðslum eða öðrum framleiðslustyrkjum. Sambærilegt hlutfall hjá meðalkúabúi er 31,2%.

Þetta er í meira lagi sérkennilegur málflutningur hjá þingmanninum, enda eru orð hans hvorki í samræmi við opinbera stefnu Sjálfstæðisflokksins, né heldur stjórnsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Þvert á móti eru í stjórnsáttmálanum tillögur um að efla íslenskan landbúnað og matvælaframleiðsluna í heild. Það hefur alltaf legið fyrir að íslenskur landbúnaður nýtur stuðnings úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og mikils velvilja meðal almennings. Stuðningurinn nýtist fyrst og fremst til að lækka verð til neytenda.

Hins vegar steig Alþingi það óheillaskref fyrir jól að hækka matvælaverð með því að hækka neðra þrep virðisaukaskattsins. Bændur voru og eru á móti þeirri ráðstöfun. /SSS

## LOKAORÐIN

# Meðvirkni er líka hættuleg

Fjölmiðlar um allan heim hafa verið mjög uppteknir við umfjöllun um hryðjuverkin sem framin voru í Frakklandi, þar sem 17 einstaklingar voru teknir af lífi af öfgatrúarmönnum sem sögðust starfa í nafni íslam. Á meðal hinna myrtu voru blaðamenn og teiknarar franska skopádeilublaðsins Charlie Hebdo.

Þetta sorglega mál sem skekið hefur fjölmiðlaheiminn, allavega á Vesturlöndum, hefur að miklu leyti verið sagt snúast um að hvergi megi gefa eftir til að verja skoðanafrelsið sem gaf blaðamönnum Charlie Hebdo tækifæri til að starfa. Um leið hafa fjölmiðlar kappkostað að koma í veg fyrir að umræðan snúist upp í hatur á múslimum sem hefur farið ört fjölgandi í Evrópu á liðnum áratugum. Þar sjá menn í hendi sér að hömlulaus hatursumræða geti hæglega þróast upp í ööld og mögulega borgarastyrjöld.

Allt ætti þetta að vera flestum vel skiljanlegt, en um leið er það óskiljanlegt hvernig umræðan, ekki sist hér á landi, virðist vera að snúast upp í ómælda meðvirkni með ákveðinni hugmyndafræði. Nú er það nánast að verða að líflátssök að nefna ákveðin trúarbrögð á nafn án þess að viðkomandi sé umsvifalaust úthrópaður rasisti. Þar má enginn hafa skoðanir á málinu, hvað þá að opinbera þær, nema það sé sjálfskipuðum siðapostulum að skapi. Þarna eru menn komnir á afar hættulega braut og einmitt farnir að beita aðferðum sem blaðamenn Charlie Hebdo börðust alla tíð gegn, og létu lífið fyrir, nefnilega skoðanakúgun. Þetta mættu menn hafa í huga þegar menn drulla yfir mann og annan fyrir skoðanir sínar á bloggsíðum og í fjölmiðlum og baða sig í sviðsljósi látinna blaðamanna.

Kommúnismi, nasismi, kapitalismi, kristin trú, Múhamedstrú, hindúismi, búddismi eða hvað það nú heitir allt saman á allt sinn tilverurét í hugtakasafninu, eða allt þar til menn fara að nota þessar skoðanir, trúarstefnur og isma til að troða á rétti annarra. Að sjálfsöfgðu eiga þá allir að sama skapi að hafa rétt á að lýsa skoðunum sínum á þessum fyrirbærum svo lengi sem þeir troða ekki á sjálfsöfgðum mannréttindum fólks. Að úthúða hins vegar öllum umyrðalaust sem voga sér að spyrja spurninga, eða lýsa sínum skoðunum varðandi þetta, er ekkert annað en skoðanakúgun. Þar eru viðkomandi farnir að gefa sér fyrirfram hver sé hin eina rétta skoðun og á ekkert skylt við skoðanafrelsi og umburðarlyndi. /HKr

### Árásin á Charlie Hebdo:

# Skop og groddalegt grín er hluti af tjáningarfrelsi og menningarhefð

Árásin á franska tímaritið Charlie Hebdo og slátrun starfmanna á ritstjórn þess og lögreglumanni í kjölfarið í síðustu viku er óhugnan- og villimannleg.

Í kjölfar árásarinnar sem tengist birtingu tímaritsins á skopmyndum af Múhamed spámanni og hildarleiksins á eftir hefur umræðan beinst að frelsi fjölmiðla og tjáningarfrelsi einstaklinga. Svipuð staða kom upp þegar Salman Rushdie gaf út bókina The Satanic Verses árið 1988 og danska blaðið Jyllands-Posten birti skopmyndir af spámanninum í lok september 2005. Íslömsk öfgasamtök töldu sér misboðið og hótuðu hefndaraðgerðum.

Skop og groddalegt grín er hluti af tjáningarfrelsi og menningarhefð Evrópubúa og réttur sem ekki má gefa eftir. Fjölmiðlar hafa rétt til að tjá skoðun sína á þann hátt sem þeir kjósa. Það er svo réttur neytenda að samþykkja, hneykslast eða hafna

efninu án þess að ráðast gegn miðlinum með ofbeldi og vopnum.

### Aðdáunarverð viðbrögð

Viðbrögð almennings í Frakklandi við voðaverkinu eru aðdáunarverð og sýna að meginþorri almennings ætlar ekki að láta hópa öfgamanna umturna samfélaginu og neyða það til undirgefni. Norðmenn brugðust á svipaðan hátt við fjöldamorðum Anders Breivik árið 2011. Vert er að minna á að Breivik er ekki múslimi og fáir mundu segja að hann væri dæmigerður Norðmaður. Við megum heldur ekki gleyma að fyrir skömmu kom út skýrsla sem upplýsti um hræðilegar pyntingar Bandaríkjamanna á múslimum í fangelsi við Guantanamo-flóa. Þrátt fyrir það er engin ástæða til að líta á alla bandarísku þjóðina sem böðla.

Á sama hátt er engan veginn hægt að dæma alla einstaklinga sem aðhyllast íslam, 1,6 milljarðar, sem

ofbeldismenn vegna framkomu ofstækishópa og öfgamanna. Við megum ekki fara niður á slíkt plan.

### Hræðsla og stóri bróðir

Ein af afleiðingum árásar sem þessarar er hræðsla sem brotist getur út í fordómum og hreinlega hatri á útlandingum og fólki sem ekki aðhyllist sömu menningu og trúarbrögð. Þá gildru verðum við að varast og ekki leyfa hópum öfgamanna að stjórna skoðunum okkar á fólki af ólíkum uppruna en við. Annað sem getur fylgt í kjölfar árásar sem þessarar er efling eftirlitssamfélagsins þar sem frelsi einstaklinga er heft til muna og engin getur um frjálst höfuð strokið án vitundar stóra bróður. Gerist annað hvort af fyrrgreindu er hluta af markmiðum ofstækishópanna náð. Frelsi okkar verður takmarkað og um leið möguleikar okkar til að



Allt fyrirgefið, segir á forsiðu nýjasta heftis Charlie Hebdo sem kom út í þrem milljónum eintaka í gær og prentuð verða tvær milljónir eintaka til viðbótar og á alls 6 ungumálum.

tjá okkur og gagnrýna það sem aflaga er í samfélaginu.

### Múslimi forseti Frakklands

Í fréttum erlendra fjölmiðla segir að árásin á Charlie Hebdo hafi verið vel skipulögð og tímasett þannig að sem flestir starfsmenn væru á ritstjórnarfundi. Ekki veit ég hvort það tengist árásinni á nokkurn hátt en meðal umfjöllunarefna í næsta tölublaði eftir árásina átti að fjalla um nýjustu skáldsögu Michel Houellebecq, Soumission, eða Undirgefni. Í bókinni sem gerist í náinni framtíð veltir Houellebecq upp þeirri hugmynd að múslimar hafi komið sínum manni að í forsetakosningum í Frakklandi árið 2020 og hvaða afleiðingar slíkt mundi hafa. /VH

Líf og starf

Sauðfjárbændur í Dölum öflugir í félagsstarfinu og stefna enn hærra:

# Hyggjast gera Íslandsmeistaramót í rúningi að alvöru landsmóti

Félag sauðfjárbænda í Dalasýslu (FSD) hefur staðið fyrir öflugu félagslífi og hefur Haustfagnaður FSD með hrútasýningum og tilheyrandi vakið athygli. Stöðugt fleiri sækja þann viðburð. Einn af forsprökkum í þeim félagsskap, Guðmundur Guðmundsson á Kjarlaksvöllum í Saurbæjarhreppi, segir að nú séu hugmyndir uppi um að efla þennan viðburð enn frekar.

„Okkur langar til að útvíkka þetta meira með því að það verði haldnar rúningskeppnir í hverju héraði fyrir sig og síðan komi þeir bestu saman í Dölunum og keppi þar um sjálfan Íslandsmeistaratitilinn,“ segir Guðmundur.

Vísar hann þar til álíka viðburða erlendis þar sem settar séu upp viðamiklar sýningar á keppnisstöðunum.

Gert að skoskri fyrirmynd

„Allt sem við höfum verið að gera hér varðandi rúningskeppnina síðastliðin níu ár er byggt á skoskri fyrirmynd varðandi stigagjöf og annað. Svo fóru nokkrir íslenskir rúningsmenn til Skotlands á heimsmeistaramót í rúningi ásamt Guðmundi Hallgrímssyni á Hvanneyri. Þegar þeir komu til baka gáfu þeir okkur verðlaunabikar sem við munum keppa um í framtíðinni.“

Guðmundur segir að eftir hvern haustfagnað hafi menn velt fyrir sér hvernig mætti setja þetta betur upp til að gera keppnina skemmtilegri fyrir keppendur og áhorfendur. Smám saman hafi aðstaðan verið bætt og lagt upp úr að keppnin gangi hratt og vel fyrir sig. Haustfagnaðurinn stendur yfir í tvo daga, föstudag og laugardag, þar sem fram fer hrútasýning með hrútaðómum. Þá er á föstudagskvöldinu efnt til



Verðlaunahafar í Íslandsmeistaramóti í rúningi 2014, Hafliði Sævarsson, Fossárdal, Julio Cesar Gutierrez, Hávarsstöðum og Þórarinn Bjarki Benediktsson frá Breiðavaði.

heljarmikillar sviðaveislu þar sem hagyrðingar hafa gjarnan stolið senunni.

Sprengdu utan af sér húsnaðið

„Á þessu hagyrðingakvöldi er boðið upp á venjuleg svið, reykt svið og söltuð, sviðalappir og fleira. Við byrjuðum á þessu í félagsheimilinu Árbliki í Suður-Dölum og sprengdum strax utan af okkur húsnaðið. Þar var ekki lengur borðpláss fyrir alla og endaði það með því að setið var á bekkjum með veggjum og sat þá hver og einn bara með kjamma í hendi og hníf. Þá færðum við okkur í Dalabúð og sprengdum það hressilega utan af okkur líka og neyddumst þá til að koma 60–70 manns fyrir uppi á sviði fyrir aftan hagyrðingana.

Á þessum árum létum við fólk ekkert panta miða fyrirfram, heldur mættu bara þeir sem vildu mæta. Þannig að við vissum aldrei hvað kæmu margir, en samt var alltaf nóg að borða fyrir alla og sviðin dugðu. Eftir þetta fórum við með sviðaveisluna í íþróttahúsið á Laugum í Sælingsdal sem tekur 400 manns í sæti. Það er ekki enn búið að



Sigurvegarinn Hafliði Sævarsson í Fossárdal sýnir snilld sína í rúningi.

sprengja það og við gætum svo sem komið hundrað manns fyrir í viðbót uppi í áhorfendastúku með hníf og kjamma í hendi.“

Guðmundur segir ánægjulegt hvað aðsóknin hafi aukist mikið. Það gefi mönnum tækifæri til að bjóða upp á veglegri skemmtiatriði sem sé ekki á færri fámennrar samkomu. Þannig var Gissur Páll Gissurarson fenginn í haust til að syngja og vakti það mikla lukku. Þá hafa Álftagerðisbræður einnig komið á þessa samkomu Dalamanna.

Í 20. tölublaði Bændablaðsins í október sl. gerði Jón Viðar Jónmundsson hrútasýningum Dalabænda ítarleg og góð skil. Þar við hliðina var sagt frá haustfagnaði FSD. Af einhverjum ástæðum slæddist þar að hluta inn gamall texti og m.a. sagt frá rúningskeppni og fleiru sem átti við árið áður. Er beðist velvirðingar á þessu, en hér koma réttu úrslitin í Íslandsmeistarakeppninni í rúningi 2014.

- 1. Hafliði Sævarsson, Fossárdal.
- 2. Julio Cesar Gutierrez, Hávarsstöðum
- 3. Þórarinn Bjarki Benediktsson, Breiðavaði.

/HKr.



Myndin Berglind Vésteinsdóttir, bóndi á Sauðafelli, stendur vaktina í sauðburði, eftir Kristján Einvarð Karlsson, var í þriðja sæti.

## MÆLT AF MUNNI FRAM

121

Með góðum nýárs- óskum hefjum við vísnavaðalinn á ný. **Davíð Hjálmar** kvaddi árið með fádæma fjölbreyttum gersemisvísium úr sinni nýútkomnu ljóðabók, „Ljóð á léttnum nótnum“. En varla var nýtt ár gengið í garð þegar mér barst vísa frá Davíð. Líkt og allir lifandi landsmenn, þá lúsles Davíð Bændablaðið og staldraði þá sérstaklega við fréttir frá „Kótelettufélagi togarajaxla“. Félagsmenn þar leggja til kynbætur á íslenska sauðfjárkyninu svo af því fáiast fleiri kótelettur. Þá orti **Davíð Hjálmar**:

*Jaxlarnir sem eru á úthafsveiðidollunni heimta nú að hafa þrjá hryggi á sömu rollunni.*

En fleiri vísnaverðarmenn hafa vitjað þáttarins. Bréfkorn barst þættinum frá **Geir Garðarssyni** búsettum í Langholti í Þingeyjarsveit. Í byrjun aðventu síðasta árs má segja að veturinn vitjaði okkar af alvöru og sennilega þess vegna er kvíðatónn í þessari vísu Geirs:

*Þarna krunka krummar tveir hver sem betur getur. Ósköp kvíðnir eru þeir enda að koma vetur.*

Og enn hríðar um huga skáldsins og reyndar svo verulega, að í seinniparti vísunnar villist hann ögn af leið, eða þannig:

*Úti hríðin ólmast köld, ill er tíðin núna. Ekki Fríða fer í kvöld fram í Hlíð með kúna.*

Ekki er minni veðragnýr í næstu vísu sem þættinum barst nýlega frá Ingólfi **Ómari Ármannssyni** í Hveragerði:

*Vetur stríður steytir klær, storm og hríðar gefur. Fjöll og hlíðar faldar snær frónið víða kefur.*

En svo húsar ögn frá huga skáldsins:

*Mánaljósín leiftra skær, lýsa grund og ögur. Hélublóm á glugga grær, glitrar mjallarkögur.*

Og áfram kveður við kaldan tón. **Sigurður Jóhannesson** á Geiteyjarströnd orti svo við dorgveiði á Mývatni:

*Þó að hríðar hamurinn herði gríðartökin, við skulum stríða maður minn meðan þið er vökin.*

**Ólína Jónasdóttir** orti í vetrarbyrjun:

*Niður moka mjöllin sér, mesta rok á sænum, kuldaströka framhjá fer, farðu að loka bænum.*

**Benedikt Valdemarsson** frá Þröng í Eyjafirði orti:

*Syngur tíðin sorgarlag sæld og blíðu dylur. Á mér níðist nótt og dag norðanhríðarbylur.*

**Stefán Stefánsson** frá Mósakógum kvað í vetrarveðri:

*Þó setjist vetur völdum að, vona ég enginn kvíði; við erum menn að þola það þó að blási og hríði.*

**Umsjón:**  
**Árni Geirhjörtur Jónsson**  
kotabyggð1@gmail.com



Myndin Hjalti og Kátur á Villingadal eftir Berglindi Vésteinsdóttur var í fyrsta sæti í ljósmyndasamkeppni FSD 2014.



Myndin Stund milli stríða eftir Valdísi Einarisdóttur var í öðru sæti.

## Fréttir

## Garðyrkja: Framkvæmdastjóraskipti hjá Sambandi garðyrkjubænda

**Katrín María Andrésdóttir viðskiptafræðingur hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda.**

Katrín hefur meðal annars reynslu á sviði sveitarstjórnamála og gegndi síðast starfi framkvæmdastjóra Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Bjarni Jónsson, fráfari framkvæmdastjóri, hefur starfað fyrir garðyrkjubændur síðastliðin sjö ár. Á þeim tíma hafa verið stigin mörg framfaraskref í ýmsum hagsmunamálum garðyrkjunnar hér á landi. Stjórn Sambands garðyrkjubænda og Bjarni hafa gert með sér samkomulag



Bjarni Jónsson.



Katrín María Andrésdóttir.

um starfslok hans. Hann mun láta af störfum hjá SG 15. janúar 2015.

/VH

Gróðurfar:

## Planta öflugum birki-plöntum í lúpínubreiður

Á fundi Framkvæmda- og hafnanefndar Norðurþings í vikunni var tekið fyrir erindi frá Rootopia ehf. Í erindinu var leitað að samstarfsaðila til að taka þátt í tilraunaverkefni þar sem ætlunin er að planta birkiplöntum í lúpínubreiður.

Hugmyndin er að planta 450 eins metra háum birkiplöntum sem smitaðar hafa verið með svepprót í lúpínubreiður.

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir þátttöku í verkefninu.

/VH

## Sunnlendingum fjölgar

Sunnlendingar voru duglegir að fjölga sér á nýliðnu ári því fæðingum við fæðingadeild Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fjölgaði um 30% á milli áranna 2013 og 2014.

Árið 2013 fæddust 58 börn á deildinni en á síðasta ári voru börnin 82, 40 stúlkur og 42 drengir. Mikil ánægja er með þessa fjölgun á svæðinu, ekki síst hjá yfirljósmóður fæðingadeildarinnar.

„Já, þetta er mjög gaman og við ljósmæðurnar erum ákaflega kátar yfir þessu. Ein af ástæðunum gæti verið vegna þess að á Selfossi er mjög góð þjónusta við konur í meðgöngu og gott aðgengi kvenna að ljósmæðrum allan sólarhringinn. Þannig að konur sem eiga þess kost að fæða hér velja það í auknum mæli en það eru konur í eðlilegri



Fæðingadeildin á Selfossi þykir með þeim betri á landinu enda alltaf nóg að gera þar.

meðgöngu og fæðingu sem hafa val um það,“ segir Sigrún. Níu ljósmæður vinna á deildinni.

/MHH

Útflutt ferðabjónusta:

## Tæpir sextíu og sjö milljarðar á þriðja ársfjórðungi 2014

Heildarútflutningur á þjónustu á þriðja ársfjórðungi 2014 var, samkvæmt bráðabirgðatölum, 173,3 milljarðar króna en innflutningur á þjónustu 93,1 milljarðar.

Þjónustujöfnuður við útlönd var því jákvæður um 80,2 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi en var jákvæður um 69,9 milljarða á sama tíma árið 2013 á gengi hvors árs.

Ferðabjónusta er í fyrsta skipti stærsti þjónustuliður í bæði inn- og útflutningi og var afgangur af henni 37,4 milljarðar. Útflutningur hennar nam 66,9 milljörðum og innflutningur 29,5 milljörðum. Afgangur vegna ferðabjónustu voru rúmir 27 milljarðar á sama ársfjórðungi árið 2013.

Mestur afgangur var hinsvegar af samgöngu- og flutningabjónustu eða 47,4 milljarðar. Útflutningur þeirra nam 64,9 milljörðum og innflutningur 17,5 milljörðum.

Önnur innflutt viðskiptabjónusta nam 27,5 milljörðum og útflutningur 10,3 milljörðum á þriðja ársfjórðungi. Halli var því mestur af þeirri þjónustu eða 17,3 milljarðar.

Samhliða þessari útgáfu hefur brúartafla verið uppfærð. Taflan sýnir breytingar á útgefnum tölum á vöru- og þjónustuviðskiptum og tölum um viðskipti eins og þau birtast í greiðslujöfnuði. Breytingar hafa verið gerðar á niðurstöðum fyrir fyrsta ársfjórðung 2010.

/VH

# Dregið hefur úr innflutningi á notuðum dráttarvélum

— verðlagning á notuðum vélum umdeild en sögð ráðast af ástandi tækjanna

Samkvæmt upplýsingum frá dráttarvélasölum voru seldar 19 notaðar innfluttar dráttarvélar á síðasta ári sem er nokkur fækkun frá árinu 2013 þegar fluttar voru inn 25 notaðar dráttarvélar.

Að vísu eru upplýsingar aðeins á reiki varðandi þetta, því aðrar heimildir blaðsins segja að þar sé um 21 vél að ræða. Í einhverjum tilfellum getur þar hafa verið um endurskráningu að ræða eða nýskráningu á innfluttum vélum sem hafa verið fluttar inn árið áður. Samkvæmt tölum frá Jötni Vélum, sem hefur verið nokkuð öflugt í innflutningi á notuðum dráttarvélum, þá telja þeir innfluttu notuðu vélarnar á síðasta ári vera 19 talsins.

**Samtals fluttar inn 124 nýjar og notaðar dráttarvélar**

Samtals var verið að flytja inn 126 dráttarvélar sem nýskráðar voru á árinu 2014. Af þeim voru 105 nýjar. Á árinu 2013 voru fluttar inn samanlagt 133 nýjar og notaðar dráttarvélar. Samdrátturinn milli ára er því 9,5%. Endanlegar tölur um þetta lágu þó ekki fyrir hjá Samgöngustofu þegar fréttin var í vinnslu.

Vekur athygli að þeim tölulegu gögnum, sem Bændablaðið reyndi að styðjast við hjá Samgöngustofu, bar ekki að öllu leyti saman innbyrðis, hvað þá að þau stemmdu við gögn sem söluaðilar höfðu undir höndum og Bændablaðið reyndi að sannreyna með samtölum. Reyndar var ekki búið að ljúka samantekt Samgöngustofu þótt söluaðilar virtust hafa allar þessar tölur á hreinu. Kváðust þeir fá þær upplýsingar uppfærðar mánaðarlega, en eftir öðrum leiðum en í gegnum Samgöngustofu sem á þó að halda utan um skráninguna.

**Fjórthjól skráð sem dráttarvélar**

Þá vekur einnig athygli að ár eftir ár eru í flokki dráttarvéla talin upp ákveðin fjórthjól sem Samgöngustofa gerir engar athugasemdir við. Samkvæmt heimildum af tækjamarkaði er þar þó augljóslega verið að skrá slík tæki sem dráttarvélar til að komast undan tollum. Eru þessi fjórthjól skilgreind sem dráttarvélar á þeim forsendum að mótórar þeirra eru innsiglaðir þannig að þau eigi ekki að komast hraðar en á 40 km hraða.

Á árinu 2013 voru 19 fjórthjól þannig skráð sem dráttarvélar, öll af gerðinni Artic Cat. Á síðasta ári voru þau 14 af sömu tegund samkvæmt tölum Samgöngustofu. Við eftirgrennslan hefur því verið borið við að skráning fjórthjólanna með þessum hætti sé einfaldlega í samræmi við tollalög.


**Verð á notuðum vélum afstætt**

Jötunn Vélar eru stærst í sölu á notuðum dráttarvélum hér á landi og segir Finnbogi Magnússon framkvæmdastjóri að oftast sé þar um að ræða vélar sem teknar hafi verið upp í sölu á nýjum vélum. Sala á notuðum vélum haldist því nokkuð í hendur við sölu nýrra véla.

Sterkar raddir hafa verið uppi á markaðnum að verð á notuðum dráttarvélum á Íslandi sé allt of hátt, ef tillit sé tekið til eðlilegra afskrifta miðað við aldur. Það er einmitt sú afskriftarregla sem bankarnir miða við í sínum lánveitingum. Finnbogi segir að vissulega hafi menn þá tilfinningu að notaðar vélar séu dýrar, en allt sé það afstætt ef tekið sé tillit til ástands vélanna.

**Ekki dýrari en erlendis**

„Ef menn skoða hvað nýjar vélar



Einu John Deere-dráttarvélarinnar sem fluttar voru til landsins á síðasta ári voru notaðar. John Deere er bandarískt fyrirtæki og einn örfárar þekktar dráttarvélaframleiðenda sem er ekki að einhverju leyti í eignaraðild Fiat-samsteypunnar á Ítalíu.



Finnbogi Magnússon.

kosta, þá er hlutfallið á verði notaðra véla ekki alltaf svo galið. Ef við berum það saman við hvað sömu vélategundir eru seldar á erlendis, þá eru þær alls ekki dýrari hér. Ég get t.d. ekki keypt notaða 100 hestafla vél úti þannig að ég geti reiknað með að hafa út úr því einhverja álagningu. Ef maður fer inn á söluvefi í Evrópu þá er oft herra verð á þessum 100 hestafla notuðu vélum en hér. Vélar sem við höfum verið að flytja inn notaðar eru vélar í stærðum sem ekki hafa verið í boði á íslenska markaðnum. Þetta eru dráttarvélar með 140 hestafla mótórum og þar yfir.

Finnbogi segir að vissulega komi alltaf upp annað slagið eitt og eitt dæmi þar sem verið er að selja notaðar vélar á of háu verði. Það eigi þá yfirleitt við eldri vélar sem eru í verðflokki á 2–4 milljónir króna. Hann segir aldur vélanna þó ekki endilega segja alla söguna.

Á nýrri vélum yfir 4 milljónir finnst mönnum verðið þó yfirleitt ekki of hátt miðað við verð á nýjum vélum.

**Ástand vélanna skiptir miklu máli**

„Ef menn horfa á afskriftartölur miðað við árafjölda og miðað við að ekkert sé búið að gera fyrir tækið, þá er kannski ekkert óeðlilegt að verðið fylgi afskriftunum. Menn

gleyma því þó oft að eftirspurnin er meiri eftir eldri vélum og það þrýstir verðinu aðeins upp. Þá verður líka að hafa það í huga að oft er búið að endurnýja þær mikið. Bara nýr dekkjagangur á svona vél kostar fyrir utan virðisaukaskatt um 800 þúsund krónur. Ámoksturstaeki í góðu lagi, góður mótórum og kannski upptekinn gírkassi og annað er líka mikils virði. Gírkassinn er kannski veikasti punkturinn og það getur verið búið að gera við hann fyrir eina eða tvær milljónir króna. Menn geta því verið með dráttarvélaeiningu í höndunum sem skilar sínu jafn vel og ný vél með litlu viðhaldi í nokkur ár þótt hún sé orðin gömul.“

**Lætur yfirfara allar notaðar vélar**

„Í mörg ár erum við hjá Jötni Vélum búin að gera söluskoðun á öllum notuðum dráttarvélum sem við tökum upp í og seljum aftur. Það er farið vandlega yfir vélarnar á viðurkenndum verkstæðum. Mótórin er aflmældur, flæði og þrýstingur á vökvakerfi er prófaður. Allir slitfletir kannaðir og vélinni reynsluþekkið af vönum mönnum sem vinna alla daga í viðgerðum á dráttarvélum. Það er gerð ástandsskýrsla sem bæði fyrirverandi og væntanlegur eigandi fær í hendur. Þetta erum við búin að vera ein um að gera í ein fimm ár og þannig sköpum við öryggi í þessum viðskiptum.“ Finnbogi segir það sama gilda um allar notaðar vélar sem fyrirtækið flytur til landsins.

„Við leggjum metnað okkar í að viðskiptavinirnir viti hvað þeir eru að kaupa þegar keypt er notuð vél af okkur.“

Finnbogi gerir sér vonir um að sala nýrra dráttarvéla fari að aukast miðað við fyrri ár. „Eðlilega vilja bændur þó fara varlega í fjárfestingum í ljósi reynslunnar og eru varfærari en áður, sem er mjög gott og sannarlega hagsmunamál okkar allra.“ /HKr.



**Bústólpi**  
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

## **PREMIUM PRO-FIT**

**Kúafóður sem hámarkar fitu,  
prótein og afurðamagn samtímis**

**Inniheldur ríkulegt magn af hágæða fiskimjöli**

### **PREMIUM PRO-FIT 13 & 17**

**inniheldur MEGAFAT kalsíumhúðaða fitu (aðallega C:16)**

- MEGAFAT stuðlar að aukinni fitu í mjólk
- MEGAFAT er mjög orkuríkt og dregur úr hættu á súrdoða og lömun
- MEGAFAT stuðlar að aukinni frjósemi

[www.bustolpi.is](http://www.bustolpi.is)

**PREMIUM  
PRO-FIT**  
er mest selda  
kúafóður  
Bústólpa

## Fréttir



Vel hefur gengið að fjölga í kanínuhópnum, en hann fer ört stækkandi.

Fyrsta kanínuslátrun ársins á Hvammstanga um helgina:

## Reksturinn gengur betur en ég átti von á

— segir Birgit Kositzke, eigandi félagsins Kanína ehf.

Fyrsta kanínuslátrun þessa árs er fyrirhuguð í slátruhúsinu á Hvammstanga nú á laugardaginn kemur, 17. janúar.

Fyrirtækið Kanína ehf. hefur verið að byggjast upp í Húnaþingi vestra undanfarin misseri og segir Birgit Kositzke, eigandi þess og frumkvöðull, að staðan sé góð um þessar mundir, „það gengur bara vel og í rauninni betur en ég átti von á“. Eskja í Reykjavík hefur umboð fyrir kanínukjötið og bendir Birgit þeim sem áhuga hafa á að verða sér úti um ferskt kanínukjöt að hafa samband við fyrirtækið.

Birgit segir að stefnt sé að því að slátra að jafnaði einu sini í mánuði framvegis og muni það magn sem fer á markað aukast smátt og smátt. Gerir hún ráð fyrir að verð á íslensku kanínukjöti verði svipað og á nautalund.

### Öflugur hópur undaneldis- og ræktunardýra

Hópur undaneldiskvendýra hefur nú náð hámarki, sá hópur er nú allur kominn í búr og got eru reglubundin, en Birgit segir stefnt að því að „reynslumiklar“ undaneldiskanínur muni gjóta fjórum sinnum á ári, en ungdýr eitthvað sjaldnar. Félagið hefur nú alls sjö ræktunarkarldýr, þeir heita Kólur, Magnús, Lucky Luke, Robert, Frosti, Nikulás og nýja stjarnan í hópnum er Leonardo en að auki er eitt ungdýr að bætast í þann hóp, Lolli, sem brátt fær aukin tækifæri til að standa í stykkinu.

„Ég hafði smá áhyggjur af því hvernig kanínunum myndi reiða af í vetur, en sá ótti reyndist ástæðulaus, það hefur gengið mjög vel að fjölga kanínunum í hópnum þrátt fyrir vetrarkulda og myrkur og nú eru hér hjá mér kanínur á ýmsum aldurstigum um allt hús og von á enn fleirum í næstu viku þegar fleiri kanínur gjóta,“ segir hún.



Kanínukjöt hefur ekki verið á hvers manns disk hér á landi fram til þessa, en breyting gæti orðið á í nárustu framtíð. Fyrirtækið Kanína ehf á Hvammstanga býður upp á ferskt kanínukjöt og mun magnið sem á markað fer vaxa jafnt og þétt næstu misseri.

### Skoða möguleika á að nýta aukaafurðir

Auk þess sem félagið býður kanínukjöt til manneldis verða möguleikar á að nýta aukaafurðir einnig skoðaðir og nýttir eftir því sem tækifæri eru á. Það á til dæmis við um skinn, en tilraunir með að súta skinn hjá fyrirtækinu Loðskinni á Sauðárkróki lofa að hennar sögn góðu.

Birgit segist bjartsýn á framtíðinni, út sé kominn bæklundur með uppskriftum og leiðbeiningum um hvernig best sé að meðhöndla og elda kanínukjöt og séu viðtökur góðar. Þá sé fyrirhugað að opna nýtt veitingahús á Hvammstanga með vorinu, líklega í mars og uppi séu hugmyndir um að efna þar til sérstakrar kanínuveislu. „Það er margt spennandi í gangi og ég er bjartsýn,“ segir Birgit. /MPÞ

Kinda leitað í Fjörðum og á Látraströnd um jólin:

## Góður árangur

Fjarleitir í Fjörðum og Látraströnd á milli jóla og nýárs skiluðu góðum árangri, alls fundust 23 kindur.

Voru þær allar vel á sig komnar enda frekar lítill snjór úti í Fjörðum og veður með eindæmum gott framan af vetri. Fé fannst við bæina Gil, Tindriðastaði, Brekku, Hól og í Blæjudal og á Látraströnd. Eftir er að kanna Keflavíkina og utan við Látur. Farið var í leitimar á vélsleðum og kindurnar ferjaðar heim á þeim og tóku áhugamenn um vélsleða og



Komnir heim úr fyrstu ferðinni.

smölun stóran þátt í leitinni með bændum að því er fram kemur á vefsíðu Grýttubakkahrepps. /MPÞ



Starfsfólk Búnaðarstofu í starfsstöð sinni í Bændahöllinni. Talið frá vinstri; Guðrún S. Sigurjónsdóttir fulltrúi, Ómar S. Jónsson fjármálastjóri, Ásdís Kristinsdóttir fulltrúi og Jón Baldur Lorange, forstöðumaður.

Mynd / HKr.

Búnaðarstofa sett á laggirnar sem sjálfstæð rekstrareining:

## Tekur við stjórnsýsluverkefnum sem flytjast frá Bændasamtökum Íslands

Sjálfstæð rekstrareining hefur verður sett á laggirnar innan Bændasamtaka Íslands frá og með 1. janúar 2015 sem mun sinna þeim stjórnsýsluverkefnum sem Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR) hefur ákveðið að flytjist frá Bændasamtökunum.

Á síðasta ári var vinna í gangi við flutning stjórnsýsluverkefna frá Bændasamtökunum til stofnana ANR. Á haustdögum ákvað ráðuneytið að fresta flutningnum um eitt ár en undirritaður hefur verið þríliða samningur milli Bændasamtakanna, ráðuneytisins og Matvælastofnunar um hvernig að þessum málum verður staðið á árinu 2015. Vilji ráðuneytisins er þó skýr um að stjórnsýsluverkefni færist til Matvælastofnunar eigi síðar en 1. janúar 2016. Þess vegna mun atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra skipa verkefnisstjórn sem í eiga sæti fulltrúi ráðuneytisins, Matvælastofnunar og Bændasamtakanna og mun verkefnisstjórnin halda utan um vinnu við flutning stjórnsýsluverkefna frá Bændasamtökunum til Matvælastofnunar.

### Sjálfstæð eining með sjálfstæðan fjárhag

Á árinu 2015 munu Bændasamtökin áfram sinna þeim

stjórnsýsluverkefnum sem samkomulag náðist um að færðust frá samtökunum. Sett hefur verið á stofn sjálfstæð rekstrareining með sjálfstæðum fjárhag. Með því er tryggt fullt fjárhags- og bókhaldslegt sjálfstæði rekstrareiningarinnar.

### Búnaðarstofa með fjórum starfsmönnum

Vinnuheiti hinnar nýju rekstrareiningar innan Bændasamtakanna verður Búnaðarstofa. Búnaðarstofa hóf starfsemi þann 5. janúar og verður hún staðsett í sérgreindu húsnæði á 3. hæð Bændahallarinnar. Starfsmenn hennar eru eftirtaldir: Jón Baldur Lorange, forstöðumaður, Ómar S. Jónsson, fjármálastjóri, Ásdís Kristinsdóttir og Guðrún S. Sigurjónsdóttir, fulltrúar. Verkefni Búnaðarstofu eru stjórnsýsluverkefni í tengslum við búvörusamninga og búnaðarlagasamning.

### Annast stuðningsgreiðslur til bænda

Að sögn Jóns Baldurs er hér um að ræða viðamikil og vandasöm stjórnsýsluverkefni í tengslum við stuðningsgreiðslur til landbúnaðar. Þannig mun Búnaðarstofa fara með verkefni varðandi framleiðslustjórn og beingreiðslur o.fl. varðandi mjólkur- og sauðfjárframleiðslu,

verkefni vegna ullarnýtingar, markaðsstarfs og birgðahald, og nýliðunarsamninga, umsjón með framkvæmd beingreiðslna í garðyrkju, utanumhald greiðslumarksskráa, annast framkvæmd greiðslu til framleiðenda sem njóta framlaga til aðlögunar að lífrænni ræktun og að síðustu má nefna utanumhald og framkvæmd á greiðslum vegna jarðræktarstyrkja og styrkja vegna vatnsveituframkvæmda.

### Unnið eftir handbók um innra eftirlit

Starfsfólk Búnaðarstofu mun vinna eftir handbók um innra eftirlit. Í Búnaðarstofu verður haldið áfram þróun á tölvukerfinu AFURÐ, sem heldur utan um greiðslukerfi landbúnaðarins, og samhliða er hin rafræna upplýsingagátt í landbúnaði, Bændatorgið, þróuð í samvinnu við Bændasamtökin, þar sem beitt er aðferðum rafrænnar stjórnsýslu í sem mestum mæli. Þá tók Jón Baldur fram að flest þessara verkefna væru unnin nú þegar í umboði Matvælastofnunar samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um og í samræmi við reglugerðir. Arið yrði nýtt til að treysta þá samvinnu enn frekar til að vinna að flutningi verkefna að fullu til Matvælastofnunar í samræmi við vilja ráðuneytisins.

Ársskýrsla Matís 2014:

## Lífhagkerfið í forgrunni

Meginþema skýrslunnar í ár snýr að lífhagkerfinu en á árið var formennskuár Íslands í norræna ráðherraráðinu og í kjölfar þess hófst þriggja ára formennskuáætlun sem snýr að lífhagkerfinu.

Matís hefur unnið náið með íslenskum stjórnvöldum að útfærslu áætlunarinnar þar sem lífhagkerfið er undirstaða flestra rannsóknna og nýsköpunarverkefna hjá fyrirtækinu. Helsta verkefni formennskuársins var um nýsköpun í norræna lífhagkerfinu til þess að styrkja svæðisbundinn hagvöxt.

Matís mun leiða nýsköpunar- og vöruþróunarverkefni sem unnin verða á sviði lífhagkerfisins

undir formennskuáætluninni. Sigrún Elsa Smáradóttir, fagstjóri á Viðskiptaþróunarsviði, er verkefnastjóri.

Um er að ræða verkefni sem snúa að nýsköpun og aukinni sjálfbærni í matvælaframleiðslu, aukinni framleiðslu lífmassa, meðal annars fyrir lífmassaver, og nýtingu nýrrar tækni þar á meðal líftækni til verðmætaaukningar við nýtingu lífrænna auðlinda.

Matís hefur þegar náð góðum árangri í að auka verðmæti vannýtttra auðlinda

og leita leiða til bættrar nýtingar þeirra auðlinda sem þegar eru nýttar með því að stunda virkar rannsóknir og nýsköpun auk þess að standa við bakið á frumkvöðlum. Nýsköpunarverkefni innar formennskuáætlunarinnar eru þannig eðlilegt framhald þeirrar vinnu, þau tengja saman íslenska og norræna þekkingu með það að markmiði að greina tækifæri, minnka soun og auka verðmæti í lífhagkerfinu.

Ársskýrslan er á ensku en skýrslan verður aðgengileg á íslensku á næstu vikum. /VH



# Áburður fyrir íslenskar aðstæður

## ÁBURÐARSÖLUMENN OG AFGREIÐSLUSTAÐIR

### SUÐURLAND

Þjónustufulltrúar



**Birkir Tómasson**  
Móeiðarhvoli  
boelanna@simnet.is  
Sími: 487 8077  
Gsm: 897 8082



**Birkir Ármannsson**  
Brekku  
birkirarm@gmail.com  
Sími: 487 5646  
Gsm: 898 2464



**Einar Gestsson**  
Hæli II  
einargestsson@gmail.com  
Sími: 486 1058  
Gsm: 860 9682



**Sverrir Gíslason**  
Kirkjubæjarklaustri 2  
leiti@simnet.is  
Sími: 487 4888  
Gsm: 895 9055



**Björn Jónsson**  
Höfn  
bjornj@kask.is  
Sími: 470 8222  
Gsm: 893 5444



**FB Verslun Selfossi Guðjón Kjartansson**  
gudjon@fodur.is  
Sími: 570 9840  
Fax: 570 9841  
Gsm: 864 3770



**FB Verslun Hvolsvelli Tryggvi Sigurður Bjarnason**  
tryggvi@fodur.is  
Sími: 570 9850  
Gsm: 894 9820

### REYKJAVÍK SKRIFSTOFUR

Þjónustufulltrúar



**Pétur Pétursson**  
sölustjóri áburðar  
petur@aburdur.is  
Sími: 570 9826



**Stefanía Gunnarsdóttir**  
þjónustufulltrúi  
stefa@aburdur.is  
Sími: 570 9822



**Ólafur Jónsson**  
þjónustufulltrúi  
olijons@aburdur.is  
Sími: 570 9812



**Hjördís Bergsdóttir**  
þjónustufulltrúi  
Sími: 570 9811  
hjordis@fodur.is



**Ingi Fróði Helgason**  
þjónustufulltrúi  
Sími: 570 9802  
ingi@fodur.is

### VESTURLAND / DALIR

Þjónustufulltrúar



**Margrét Katrín Guðnadóttir**  
margret@kb.is  
Sími: 430 5500  
Gsm: 898 0034



**Jónmundur Hjörleifsson**  
Gsm: 660 8254



**KM Þjónustan Unnsteinn Árnason**  
Vesturbraut 20  
370 Búðardal  
irisbjorg@simnet.is  
Gsm: 898 8210



**Ásberg Jónsson**  
Hraunholtum  
hraunholt@simnet.is  
Gsm: 897 7113

### VESTURLAND

#### VESTFIRÐIR

Þjónustufulltrúar



**Jóhann P. Ágústsson**  
Brjánslæk  
bri2@simnet.is  
Sími: 456 2055  
Gsm: 824 3108



**Jón Eðvald Halldórsson**  
KF Steingrímsfjarðar  
Hólmavík  
jon@ksholm.is  
Sími 455 3100

### NORÐURLAND / NORÐAUSTURLAND

Þjónustufulltrúar



**Bústólpi - Akureyri Gylfi Pálsson**  
gylfi@bustolpi.is  
Sími: 460 3352  
Gsm: 898 5565



**Jóhannes Sigfússon**  
Gunnarsstöðum  
gunnarstadir@simnet.is  
Sími: 468 1270  
Gsm: 868 7832



**Sigurður Kristjánsson**  
Stöng, Mývatnssveit  
stongmy@emax.is  
Sími: 464 4252  
Gsm: 892 0157



**Trausti Aðalsteinsson**  
Húsavík  
trausti@bustolpi.is  
Sími: 464 3450  
Gsm: 864 0759



**Stefán Grímsson**  
Kópasker  
shgsirra@kopasker.is  
Sími: 465 2172  
Gsm: 894 0172



**Ingvar Olsen**  
ingvar@bustolpi.is  
Gsm: 840 6363



**Árni Arnsteinsson**  
Sími: 462 6783  
Gsm: 866 7501



**Birgir H. Arason**  
Gullbrekku  
Sími: 463 1511  
Gsm: 845 0029

### NORÐURLAND VESTRA

Þjónustufulltrúar



**Jón Hilmar Karlsson**  
KVH Hvammstanga  
Sími: 455 2325  
Gsm: 868-8022



**Reimar Marteinsson**  
KVH Hvammstanga  
reimar@kvh.is  
Sími: 455 2300  
Gsm: 894 9939



**Björn M. Svavarsson**  
KS - Sauðárkróki  
bjorn.svavarsson@ks.is  
Sími: 455 4626  
Gsm: 825 4626

### AFGREIÐSLUSTAÐIR

#### SUÐURLAND

Fiskmarkaður Íslands Þorlákshöfn  
villi@fmis.is Sími: 430 3730  
Gsm: 840 3733

KASK - Höfn í Hornafirði  
bjornj@kask.is Sími: 470 8200

#### VESTURLAND / DALIR

ÞÞÞ hf. Akranesi  
trukkur@aknet.is Sími: 431 1500

#### VESTURLAND

##### VESTFIRÐIR

Kaupfélag Steingrímsfjarðar  
Hólmavík  
jon@ksholm.is Sími: 455 3100  
Patreksfjörður  
Flateyri

#### AUSTURLAND

Reyðarfjörður  
Elvar Vignisson - Sími 570 9860  
ÞS Verktakar - Sími 471 1170

### NORÐURLAND / NORÐAUSTURLAND

#### Bústólpi ehf

Oddeyrtanga Akureyri  
Sími: 460 3350 Fax: 460 3351

### NORÐURLAND VESTRA

Kaupfélag Vestur Húnavetninga  
Hvammstanga  
Sími: 455 2300 Fax: 451 2354

Kaupfélag Skagfirðinga  
Sauðárkróki  
bjorn.svavarsson@ks.is Sími: 455 4626  
Gsm: 825 4626 Fax: 455 4611



Áburðarverksmiðjan



**Kaupfélag Vestur Húnavetninga**  
Strandgötu 1  
Hvammstanga  
Sími: 455 2300  
Fax: 451 2354



**KS Sauðárkróki**  
Sauðárkrókur  
Sími: 455 4626  
Gsm: 825 4626  
Fax: 455 4611



**Bústólpi**  
Oddeyrtanga  
Akureyri  
Sími: 460 3350  
Fax: 460 3351



**Kaupfélag Borgfirðinga**  
Egilsstötu 1  
Sími: 430 5500  
Fax: 430 5501



**Kaupfélag Steingrímsfjarðar**  
Höfðatún 4  
510 Hólmavík  
Sími: 455 3100



**Fóðurblandan hf.**  
Korngörðum 12  
104 Reykjavík  
Sími: 570 9800  
www.aburdur.is

Fréttir

# Áburðarsalar segja verðhækkun á áburði óhjákvæmilega

Verðskrár áburðarsala eru nú aðgengilegar á vefjum þeirra.

Þeir eru sammála um að óhjákvæmilegt hafi verið að hækka verð, meðal annars vegna gengisþróunar og verðbreytinga á heimsmarkaði. Þeir eru bjartsýnir á sölu og telja að magnið verði svipað því sem verið hefur og jafnvel heldur meira.

Skeljungur

„Skeljungur er bjartsýnn á áburðarsölu fyrir þetta ár og kemur enn með nýjungar fyrir bændur. Erfitt er að spá fyrir um sölu að svo stöddu þar sem sala á áburði er nýhafin. Skeljungur reiknar með að sala verði góð eins og hún hefur verið,“ segir Aron Baldursson hjá Skeljung.

Verðlag er með svipuðu móti og frá síðasta ári, einhverja hækkun má þó sjá á köfnunarefni þetta árið þar sem verð á köfnunarefni á heimsmarkaði hefur hækkað í verði vegna eftirspurnar á móti þróun í annarri hrávöru.

Skeljungur leitast alltaf við að auka þjónustu og vöruframboð til bænda í áburði og býður nú upp á tvær nýjar tegundir: Sprettur N27-0-11 (köfnunarefni og kalí) og Sprettur 22-5-5+Se+Vorvaki.

Nefndur Vorvaki í nýju tegundinni er ný áburðarhúðun að viðbættum helstu innihaldsefnum (NPK), vorvakahúðunin er auðleyst köfnunarefni, fosfór, mangan og sink. Vorvakinn er hannaður sérstaklega fyrir blautan og kaldan jarðveg snemma á vorin. Umrædd húðun er mjög auðleysanleg og virkni því afar snögg.“

Fóðurblandan

„Verðskrá Fóðurblöndunnar hækkaði á milli ára um 3–7 %, misjafnt eftir tegundum. Þær upplýsingaveitur sem Fóðurblandan notar, sýna hækkun á skráðum áburðarviðskiptum með kalsíum-ammoníumnitrati um meira en 20 prósent á milli ára, í evrum talið. Þetta gerist þrátt fyrir að sumir kostnaðarliðir við framleiðslu á áburði hafi lækkað mikið eins og til dæmis gasolíá,“ segir Sigurður Þór Sigurðsson hjá Fóðurblöndunni.

„Hækkun Fóðurblöndunnar á kalsíum-ammoníumnitrati milli ára er miklu minni en sem nemur hækkun áburðarins og tel ég það vera að hluta til vegna hagstæðari samninga í ár.

Áburðarverð ákvarðast af mörgum ólíkum þáttum sem eru meðal annars, hráefni, framleiðsla, vinnsla og flutningar. Hér á landi skiptir gengi krónunnar einnig miklu máli. Flestar áburðartegundir taka mið af gengi evru eða Bandaríkjadollars í alþjóðlegum viðskiptum. Evran hefur lækkað á milli ára um 6–7% en Bandaríkjadollar hefur hækkað lítillega á milli ára.

Undanfarin ár hefur áburðarmarkaðurinn á Íslandi verið nokkuð stöðugur í heildarmagni. Við gerum ráð fyrir að svo verði einnig í ár og að heildarmarkaðurinn verði í kringum 45–50 þúsund tonn, ef allur áburður er talinn með. Við reiknum með að halda okkar hlutdeild á markaðnum.

Í fyrra bauð Fóðurblandan í fyrsta sinn í mörg ár upp á áburð með seleni. Við buðum þrjár tegundir í okkar vöruskrá, eina tvígjlda og tvær NPK blöndur sem innihéldu 0,0015 % selen. Viðskiptavinir hafa í vaxandi mæli óskað eftir áburði með selen og virðist okkur sem áhuginn sé síst minni í ár.

Vöruskrá Fóðurblöndunnar er næstum því óbreytt, nema einni tvígjildri áburðartegund var breytt, Fjöl móði 4 er núna með töluvert hærri fosfórinnihald en áður, þar sem við hækkuðum P2O5 úr 5% í 9%. Við merkjum engar stökkbreytingar þar. Eftirspurnin ræðst oft af



því að mælingar á heysýnum eða jarðvegssýnum kalli eftir breytingum á efnainnihaldi. Breytt eftirspurn eftir einstökum tegundum, getur líka verið tilkomin vegna verðbreytinga. Ef breytingar verða innbyrðis á milli einstakra tegunda, óháð efnainnihaldi, þá hafa slíkar breytingar mikil áhrif á eftirspurn. Eftir efnahagshrunið hér á landi gátum við merkt að viðskiptavinir drógu úr áburðarnotkun, sérstaklega á dýrari tegundum sem innihéldu herra hlutfall fosfórs. Við teljum að þessar breytingar séu jafnt og þétt að ganga til baka að einhverju leyti.“

Búvís

„Áburður lækkaði örlítið í erlendri mynt en hækkaði aðeins í íslenskum krónum. Sem dæmi þá hefur Kraftur 27 hækkað um 3,7% á milli ára en gengi á dollar, hækkað um 12%. En við reiknum með að áburður komi til með að hækka í verði 1. febrúar enda er okkar núverandi verðlisti í gildi til 31 janúar,“ segir Einar Guðmundsson hjá Búvís.

„Varðandi það áburðarmagn hjá okkur í ár þá finnum við fyrir miklum meðbyr. Við bjóðum upp á 9 nýjar tegundir af áburði og flestar þeirra með seleni. Bændur átta sig á því að vatnsuppleysanleiki fosfórs í okkar áburði er mjög hár eða allt að 98% og eins er reynsla bænda sem hafa verið að nota okkar áburð sú að heyfengur þeirra er góður og má þar þakka smærri kornastærð og að kornin eru frekar lin og leysast því fljótt upp og áburðurinn fer að virka fljótt fyrir grösín, sem er mikið atriði á stuttu sumri eins og við höfum hér á landi. Við teljum því að okkar áburðarsala verði þó nokkuð meiri en á síðasta ári.

Breytingar í sölu á milli tegunda hjá okkar eru aðallega tilkomnar af því að við erum að bjóða margar nýjar tegundir sem innihalda Selen og margir velja þær tegundir.“

Sláturfélag Suðurlands

„Sala á Yara-áburði fór mjög vel af stað í desember og árið 2015 gefur fyrirheit um að tímabilið verði gott í sölu á Yara-áburði. Rúmlega 20 þúsund tonn voru seld af áburðinum á síðasta sölutímabili,“ segir Elías Hartmann Hreinsson hjá Sláturfélagi Suðurlands.

„Yara leggur áherslu á að bjóða bændum góða valkosti til að auka selen í heyi og á beitarlönd enda víða selenskortur. Tegundir eru NP 26-4 Se, NPK 27-3-3 Se og NPK 22-6-6 Se sem er ný áburðartegund.

Allur Yara-áburður er einkorna gæða áburður þar sem öll næringarefni eru í hverju korni en góð dreifing og nýting næringarefna í áburði getur skipt sköpum varðandi fóðrun og heilsufar gripa. Einnig þarf að huga sérstaklega að sýrustigi jarðvegs til að nýting áburðarefna sé háværkuð og vekjum við athygli á Kalksaltpetri og Dolomit kalki sem stendur til boða á hagstæðu verði. Nýting búfjáráburðar skiptir sem fyrr verulegu máli til að draga úr notkun á tilbúnum áburði.

Heimsmarkaðsverð á áburði hækkaði umtalsvert milli ára. Sérstaklega þær tegundir sem innihalda mikið köfnunarefni. Til að mynda hefur CAN í Þýskalandi hækkað um 21% frá október 2013. Þrátt fyrir að gengið hafi verið tímánlega frá samningum um innkaup á áburði í haust þá varð ekki hjá því komist að hækka verð á áburði.“

/smh

Vinsælustu hrútar sæðingastöðvanna eru Saumur og Bósi:

# Á bilinu 2.500 til 3.000 sæðisskammtar fóru í súginn

Sæðistöku hjá sauðfjár-sæðingastöðvunum lauk á seinni helmingi desembermánaðar síðastliðnum. Líkt og árið 2013 eru þeir Saumur (12-915) og Bósi (08-901) afgerandi vinsælustu sæðingahrútarnir, með yfir 2.300 skammta hvor.

Að þessu sinni voru um 44.000 sæðisskammtar sendir út í desember, en það er svipaður fjöldi og var árið 2013. Að sögn Eyjólf Ingva Bjarnasonar, ráðunauts í sauðfjárrækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, voru flestir skammtar sendir út árið 2012 þegar fjöldi skammta var um 48.000. Meira var þó um pantanir á sæði en undanfarin ár. Ætlar Eyjólfur að sæddar ær á landinu þetta árið séu á bilinu 26–28 þúsund.

Rysjótt veðurfar setti strik í reikninginn

Hann segir að nýting á útsendu sæði hafi verið talsvert lakari en undanfarin ár. „Það kemur til vegna þess hversu veðurfar var rysjótt; flugi var oft seinkað og víða hefur verið ófært landleiðina. Allt sæði sem er sent út er ferskt. Það skal helst nota innan við 12 tíma eftir sæðistöku en þó getur sæði sem geymt er við réttar aðstæður (kælt rólega niður í 10 °C og svo niður í 5 °C eftir sex klukkustundir) lifað í rúman sólarhring. Eftir því sem sæði verður eldra minnka þó gæði þess. Sæði er mjög viðkvæmt fyrir öllum hitasveiflum því þær geta drepð sæðisfrumurnar.

Núna í desember var tíðarfarið mjög rysjótt, víða ófærð og flugi oft frestað. Sæðingastöðvarnar eru staðsettar í Borgarnesi og á Selfossi. Dreifing sæðis á Vestfirði, Norðausturland, Austurland og Suðausturland treystir mjög á flugsamgöngur þannig að sæðið komist á ákveðna staði þaðan sem því er svo deilt út landleiðina, en þar sem flugi var oft frestað, komst sæðið ekki á áfangastað á réttum tíma. Það dugar nefnilega ekki að það fari með næstu ferð á eftir. Á nærsvæði sæðingastöðvanna, Suðurlandi, Vesturlandi, Húnavatnssýslum og Skagafirði, er treyst á að landleiðin sé fær en Holtavörðuheiðin var til dæmis oft lokuð í desember og aðrar leiðir illfærar, svo sæðið komst ekki á áfangastað á réttum tíma. Forsvarsmenn sæðingastöðvanna telja að um 2.500–3.000 sæðisskammtar hafi farið í súginn vegna þessarar ófærðar.“

Eyjólfur segir að oft komi skritinn svipur á starfsfólk flugvallanna þegar komið sé með þessa pakka í flug og lögð áhersla á að sendingin verði að komast á áfangastað því um lifandi farþega sé að ræða.

„Frysting á sæði hefur verið reynd og eru núna um 500 ær sæddar árlega með frystu sæði. Árangurinn af notkun þess hefur verið lakari og því kjósa bændur frekar að nota ferska sæðið. Eins er framleiðslan á frysta sæðinu mun dýrari og aðeins hægt að frysta sæði úr hrútum á hinum hefðbundna fengitíma; í nóvember, desember og fram í janúar. Utan þess tíma er ekki hægt að frysta sæði úr hrútum ólíkt því sem er til dæmis í nautgriparækt þar sem er hægt að frysta sæði úr nautum allt árið um kring.“

Frjósamar dætur og vel gerð afkvæmi

Eyjólfur segir að Bósi og Saumur



Saumur 12-915.



Bósi 08-901.



Raftur 05-966.

hafi báðir komið á sæðingastöð sumarið 2013.

„Bósi var valinn á stöð á grunni þess að þar væri á ferðinni hrútur sem gæfi dætur sem yrðu bæði frjósamar og góðar afurðær. Hefur hátt kynbótamat fyrir þá eiginleika. Sem lambafaðir eru afkvæmi hans væn og þroskamikil en gerð þeirra og fitumat breytilegt. Mér þykir líklegt að bændur séu því fyrst og fremst að sækja í að bæta þá eiginleika í sínum hjörðum með því að nota Bósa.

Saumur var valinn á stöð sem mjög öflugur lambafaðir, afkvæmi hans voru virkilega vel gerð með mikinn vöðvamassa og litla fitu en það eru þeir eiginleikar sem bændur fá hæst verð greitt fyrir frá afurðastöðvunum. Á þeim grunni velja bændur hann til notkunar og kynbóta í sínum hjörðum.

Báðir eiga þessir hrútar svo sameiginlegt að vera mjög góðir sæðisgjafar, en hrútar eru misgóðir sæðisgjafar,“ segir Eyjólfur um ástæður vinsælda þeirra og fjölda sæðisskammta sem þeir hafa skilað.

Saumur og Bósi ættu að geta náð því að sæða 5.000 ær

Að sögn Eyjólf hafa Saumur og Bósi, eftir tveggja ára notkun, sætt um 3.500 ær. „Til þessa eru vinsælustu hrútarnir Kveikur (05-965), Raftur (05-966) og Grábotni (06-833) en með hverjum þeirra voru sæddar meira en 6.000 ær þau ár sem þeir dvöldu á sæðingastöð. Grábotni, fjögur ár, Raftur og Kveikur fimm ár. Fyrir fáum árum var sett sú regla að hrútur skyldi felldur þegar sæddar hefðu verið 5.000 ær með viðkomandi hrút. Það er fátt því til fyrirstöðu að þeir ná þeim fjölda ef þeim endist aldur og heilsa til þess,“ segir Eyjólfur.

Þrír vinsælustu sæðingahrútarnir voru Saumur (12-915) frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum með 2.327 skammta, Bósi (08-901) frá Þóroddsstöðum, Hrótafirði með 2.324 skammta og Kölski (10-920) frá Svínafelli (Víðihlíð), Öræfasveit með 2.065 skammta. Af kollóttum hrútum var það Heydalur (09-929) frá Heydalsá sem var vinsælastur með 1.500 skammta.

/smh





DUGGUVOGI 10 - 104 REYKJAVÍK

SÍMI 588 8040

GÍRAR • FÆRIBÖND • RAFMÓTORAR • LEGUR

**EVROPSKIR**  
GÆÐAMÓTORAR  
Á GÓÐU VERÐI

www.scanver.is

**Bændablaðið** smáauglýsingar **56-30-300**

Dreift í 32 þúsund eintökum á 395 dreifingarstaði



limtrevirnet.is

# Við framleiðum landbúnaðarbyggingar

Með því að nota límtré í burðargrindur landbúnaðarbygginga eins og fjósa, hesthúsa, reiðhalla, fjárhúsa og fleiri gerða, og klæða grindurnar með Yleiningum fást mjög hlýleg og falleg hús sem eru fljótuppsett, endingargóð og brunapólin. Ekki skemmir fyrir að þessi hús eru hagkvæm í viðhaldi og rekstri.

**Ráðgjöf til viðskiptavina**  
Starfsmenn okkar búa yfir áratuga reynslu við hönnun og framleiðslu húsanna.





Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes  
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur  
Netfang - sala@limtrevirnet.is



**Vor 1** **31. mars - 12. apríl**

## Provence & Tossa de Mar

Glæsileg páskaferð um töfrandi perlur Suður-Frakklands, Spánar og frönsku Alpana. Farið verður frá París, um Provence héraðið og Camargue í Frakklandi, Katalóníu á Spáni, þaðan til Annecy, perlu frönsku Alpanna og ferðinni lýkur svo við hið fagra Bodensee vatn.

Verð: 269.600 kr. á mann í tvíbýli.  
**Mjög mikið innifalið!**

Fararstjóri: Hólmfríður Bjarnadóttir



Spent

**Bókaðu núna á baendaferdir.is**  
Sími 570 2790  
bokun@baendaferdir.is  
Síðumúla 2, 108 Reykjavík



ferðapjónusta bænda  
BÆNDAFERÐIR

**B&B Guesthouse**

Á leiðinni til útlanda?

Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu

**2 manna herbergi**  
**9.000 kr**

Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989  
www.bbguesthouse.is

**Bændablaðið**

kemur næst út 29. janúar



## Vertu viðbúinn vetrinum

Mest seldu snjókeðjur á Íslandi

**Léttar • Sterkar • Traustar**

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

Ísnet Húsavík • s. 5 200 555  
Ísnet Akureyri • s. 5 200 550  
Ísnet Sauðárkrúkur • s. 5 200 560  
Kristbjörg Ólafsfjörður • s. 5 200 565

Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is



**ÍSFELL**  
www.isfell.is

## Fréttir



Vísnaðar ólífuplöntur.

Plöntusjúkdómar:

## Alvarleg sýking ógnar ólífutrjám í Evrópu

**Bakteríusýking sem drap nokkur þúsund hektara af aldagömlum ólífulundum á Suður-Ítalíu á síðasta ári sýnir merki þess að hún dreifi sér til fleiri Evrópulanda.**

Einkenni sýkingarinnar er að bakterían, *Xylella fastidiosa*, teppir vatnsflæði um trén með þeim afleiðingum að blöð þeirra þorna og skrælna áður en þau falla af. Eftir það þorna greinarnar.

Bakterían er vel þekkt í Suður-Ameríku og Mið-Austurlöndum og er talið að hún hafi borist til Ítalíu með skordýrum eða sýktum plöntuafurðum og þaðan í ólífutrén.

Eftir að bakterían hefur tekið sér bólfestu breiðist hún út með skordýrum sem fara milli trjáa og sjúga úr þeim safu og geta mismunandi afbrigði bakteríunnar tekið sér bólfestu í mismunandi trjategundum eins og eik, hlyn, sítrusávöxtum, kirsuberjum,

möndlutrjám og vínvið svo dæmi séu tekin.

Í nóvember síðastliðnum voru 7,5 milljónir evra, jafngildi 1,1milljarða íslenskra króna, eyrnamerkir vörnum gegn sýkingum í trjám innan Evrópusambandsins. Hluti þeirrar fjárveitingar er ætlaður til varnar aukinni útbreiðslu sýkingarinnar í ólífutrjámum á Ítalíu enda um gríðarlega hagsmuni að ræða þar sem heilu héruðin byggja afkomu sína á ólífurækt í löndunum við Miðjarðarhafið.

Bent hefur verið á að breytingar á útbreiðslu plöntu- og dýrasjúkdóma sem orðið hefur vart undanfarin ár tengist oft breytingum á alþjóðlegum viðskiptum með vörur. Sýkingar sem ekki þekktust áður á ákveðnum svæðum hafa undanfarin ár verið að skjóta upp kollinum eftir að tekin hafa verið upp viðskipti með landbúnaðarafurðir við ný svæði. /VH

## Skýrsla um fuglalíf í Hrísey

Skýrsla um fuglalíf í Hrísey sem Þorsteinn Þorsteinsson og Sverrir Thorstensen unnu fyrir umhverfisnefnd Akureyrarbæjar er komin út.

Í henni er gerð grein fyrir talningu fugla í eyjunni sumarið 2014 og niðurstöður brenna saman við áður óbirtar tölur úr talningum 1994 og 2004. Fyrri talningar voru á vegum Þorsteins sem aflaði sjálfur styrkja til verkefnisins en talningin síðasta sumar var á vegum umhverfisnefndar.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að talsverðar breytingar hafa



Þorsteinn Þorsteinssonhefur annast fuglatalningar í Hrísey.

orðið á fuglafánu Hríseyjar síðustu 50–60 árin. Af 37 tegundum sem nú verpa í eyjunni hafa 15 numið land eftir 1950. Frá þessu er sagt á vefsíðu Akureyrarbæjar en þar má einnig lesa skýrsluna. /MPD

## Ekkert formlegt tilboð um skaðabætur borist Steingrími í Efri-Engidal: Ætlað alla leið með málið

Eins og komið hefur fram í fréttum á undanförunum dögum hefur Steingrímur Jónsson, bóndi í Efri-Engidal í Skutulsfirði, ekki enn fengið skaðabætur frá Ísafirði vegna díoxínmengunar sem varð vart í búfé og mjólk á bænnum og er rakið til sorpbrennslu á vegum bæjarins.

Málið komst í hámaði í desember árið 2010 þegar díoxín greindist í mjólk frá bænnum. Í kjölfarið, um vorið 2011, var bústofn hans svo felldur; um áttatíu kindur og tuttugu nautgripir.

Steingrímur segist ekki heldur hafa fengið neitt formlegt tilboð frá bænnum um skaðabætur, en Fréttablaðið greindi frá því á dögnum að bærinn hefði náð samkomulagi við bændur á tveimur nálægum bæjum, þar sem fella þurfti fé.

„Ég ætla með þetta mál alveg til enda og er með mál í gangi sem bara mjakast rölega áfram. Matsmenn á vegum bæjarins hafa metið hluta af þessum skaða og það má vera að það verði hægt að leysa sauðfjárlutann með einhvers konar sátt við bæinn. Ég sé þó enga lausn á þessum málum á allra næstu mánuðum.“



Engidalur við Skutulsfjörð.

Mynd /HKR.

*Er með kominn með 100 fjár*

„Ég fékk heimild fyrir því frá Matvælastofnun að hefja aftur sauðfjárbúskap og ég hóf búskap aftur í fyrirhaust. Eg hef verið með um 100 fjár í vetur – en ekki nautgripi að svo stöddu. Mér er sagt að sauðfé taki ekki upp mikið díoxín og því sé það óhætt.“

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, lét hafa eftir sér í viðtali við Fréttablaðið að bærinn viðurkenni ekki skaðabótaskyldu vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslunni í Engidal, þótt bærinn ætli að taka þátt í að bæta tjón bændna á svæðinu. Þar segist

hann aldrei hafa séð gögn sem sýni fram á díoxínmengun í kjötinu úr Engidal, sem væri marktækt yfir mörkum. Hann viðurkennir þó að sýni af nautahakki hafi verið lítillega yfir öryggismörkum.

Ljóst er þó að sýni úr mjólk, nautgripum og sauðfé frá Efri-Engidal hafa öll sýnt díoxínmengun yfir hámarksákvæðum. Það kemur skýrt fram í skýrslu sérfræðihóps MAST, sem fjallaði um áhrif díoxínmengunar á framtíð búskapar í Engidal í Skutulsfirði, og birt var í byrjun 2011. Skýrslan var birt á heimasíðu Matvælastofnunar og hana er enn þar að finna undir mast.is/uploads/document/skyrslur. /smh

### Skortur á dýralæknþjónustu á Norðausturlandi:

## Leitað leiða til að leysa vandann

– þó ekki sé gert ráð fyrir fjármunum til þess á fjárlögum

Á blaðsíðum 24 og 25 er rætt við Sigurborgu Daðadóttur yfirdýralækni, þar sem hún lýsir þungum áhyggjum af stöðu mála varðandi dýralæknþjónustu á landsbyggðinni – ekki síst á Norðausturlandi.

Þar kemur fram að ekki hafi tekist að manna stöður dýralækna til að sinna þjónustu á Húsavík og Egilsstöðum, frá því að minnka þurfti starfshlutfall þar í nóvember á síðasta ári í 50 prósent til að mæta þörfum afskekktari svæða.

*Mikilvægt að skapa áhuga á starfi þjónustudýralæknis í dreifbýli*

Vegna fréttu af skorti á dýralæknþjónustu sendi Dýralæknafélag Íslands (DÍ) frá sér tilkynningu. „Dýralæknafélag Íslands (DÍ) [vill] árétta að félagið hefur til fjölda ára bent á mikilvægi þess að treysta sólarhringsþjónustu í öllum umdæmum með vöktum í samstarf tveggja eða fleiri dýralækna. Eins hefur DÍ lagt áherslu á að þjónustusvæði verði ekki það stór að viðbragðstími verði óhóflega langur.

Því miður hafa þessi sjónarmið DÍ fengið takmarkaðan hljómgrunn.

Mikilvægt er að tryggja tekjulegan grunn dýralækna með því að auka föst verkefni þeirra. Það verður ekki gert nema með ákveðnum velvilja hjá búnaðarsamböndum, BÍ og stuðningi ríkisins. Dýralæknar leggja eins og aðrar stéttir áherslu á eðlilegan frítíma með fjölskyldu. Þeir verða að geta sótt sér nauðsynlega símenntun og þeir eru almennt ekki tilbúnir að vera einir á samfelldri sólarhringsvakt mánuðum saman. Mikilvægt er því að höfða til ungra dýralækna með fjölbreyttum og samfelldum verkefnum og skapa þannig áhuga á starfi þjónustudýralæknis í dreifbýli.

Að mati DÍ er nærþjónusta dýralæknis mikilvæg m.t.t. velferðar dýra, ímyndar landbúnaðar og vinnslu búfjárafurða. Félagið telur hins vegar að stórtækar breytingar á dýralæknisþjónustu undanfarin ár hafi skert og muni að óbreyttu skerða dýralæknþjónustu í dreifbýli það mikið að hún geti hæglega lagst af með öllu. [...]

Vegna lélegra kjara og mikils

vaktaálags hefur reynst erfitt að fá íslenska dýralækna til að koma heim til starfa, þar sem þeim bjóðast oftast mun betri kjör og starfsaðstaða erlendis,“ segir í tilkynningu DÍ.

*Unnið er að lausnum í ráðuneytinu*

Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í atvinnuvegaráðuneytinu, segir að í desember hafi komið fram beiðni frá yfirdýralækni um að breyta reglugerð um dýralæknþjónustu í dreifðum byggðum, þannig að þjónustusvæðum dýralækna á Norður- og Austurlandi yrði fjölgað úr tveimur í þrjú. „Að breyta reglugerðinni einni og sér leysir ekki þann vanda sem menn standa frammi fyrir. Alþingi hefur nýverið samþykkt fjárveitingar fyrir árið 2015 og þar eru ekki fjárveitingar fyrir nýju þjónustusvæði með 100% styrk. Það vantar því fjárveitingu upp á um 10 m.kr. til þess að þetta geti gengið eftir. Þeir fjármunir eru ekki á fjárlögum þessa árs. Ráðuneytið og Matvælastofnun eru engu að síður að leita leiða til þess að það sé hægt að manna þessar stöður sem um ræðir. /smh



**SR Viper M-TX 153/162 árg. 2015**

Léttasti fjörgengissleðinn frá Yamaha til þessa.

Frábærir aksturseiginleikar.

Eigum örfáa sleða til afhendingar strax.

Verð frá kr. 2.885.000,-

**MOTUL**  
A ÍSLANDI  
umboðsaðili  
á Akureyri



www.yamaha.is

Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900



## Nýtt starf til þriggja ára á Kirkjubæjarklaustri

Skaftárhreppur og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), með stuðningi Byggðastofnunar hafa auglýst eftir verkefnisstjóra til þriggja ára til að vinna í verkefninu „Brothættar byggðir – Skaftárhreppur til framtíðar“.

Verkefnið er að fylgja eftir ákvörðunum verkefnisstjórnar til eflingar byggðar og mannlífs í Skaftárhreppi og vinna þannig náð með sveitarstjórn Skaftárhrepps, starfsmönnum og stjórn SASS, Byggðastofnun og íbúum Skaftárhrepps.

„Þetta verður frábær viðbót hjá okkur og við bindum miklar vonir við þetta starf. Helstu viðfangsefni verkefnastjórans verða að fylgja eftir verkefnum sem fram komu á íbúðapingi í október 2013 og



Nýi starfsmaðurinn verður með aðsetur í Kirkjubæjarklaustri næstu fimm árin. Umsóknarfrestur um stöðuna rann út 15. janúar.

eins að fylgja eftir ákvörðunum verkefnastjórnar,“ segir Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps, þegar hún var spurð hvort það ríkti ekki ánægja að fá starfsmann í fullt starf á Kirkjubæjarklaustri í þetta nýja verkefni. /MHH

Úthlutun úr Vaxtarsamningi Norðurlands vestra:

# 59 milljónum úthlutað til 24 verkefna

Tvívegis var úthlutað úr Vaxtarsamningi Norðurlands vestra í lok nýliðins árs, alls 59 milljónum króna til ýmissa verkefna á svæðinu.

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra er samningur milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og SSNV og er hluti af samningi um stuðning við byggðapróun. Markmið samningsins eru að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins á starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins, samtals ríflega 37 milljónir króna.

Aukin verðmæti folaldakjöts

Meðal styrkþega má nefna Selasetur Íslands sem hlaut 6 milljóna króna styrk til áframhaldandi sóknar náttúrutengdrar ferðaþjónustu í Húnaþingi vestra, Hólanes sem fékk 4,6 milljónir til að gera markaðskönnun og hagkvæmniathugun á byggingu hótels á Skagaströnd, Iceprotein hlaut tæplega 2,7 milljónir vegna verkefnis sem snýst um aukin verðmæti folaldakjöts, Álfaklettur hlaut ríflega 4 milljónir vegna verkefnis um þurrkun og nýtingu skjaldkirtils úr sláturdýrum, Húnaþing vestra fékk tæplega 1,6 milljónir til að efla fjárfestingar á Norðurlandi vestra og Sveitarfélagið Skagafjörður fékk 1 milljón vegna útgáfu ferðakorta.

Örsögur um mat og menningu

Þá má nefna að Veiðifélag Víðidalstunguheiðar hlaut 800 þúsund krónur vegna rannsókna á vötnum á Víðidalstunguheiði, Félag ferðaþjónustu í Skagafirði hlaut 3 milljónir vegna vetrarferða í Skagafirði og félagið Skotta ehf. fékk 2 milljónir vegna verkefnis sem nefnist Örsögur um mat og menningu. Sigrún F. Arnardóttir fékk 750 þúsund krónur vegna verkefnisins: Sauðárkrókur – bærinn undir Nöfunum og Sóley Björk Guðmundsdóttir hlaut 1 milljón vegna verkefnis sem ber heitið: Lifandi landslag.

Frumrannsókn á að nýta minkakjöt til fódurframleiðslu

Við seinni úthlutun hlutu 10 verkefni styrki, samtals tæplega 22 milljónir króna. Meðal verkefni

við þá úthlutun má nefna að Blönduósbær hlaut 1,5 milljónir króna til að kanna hagkvæmni þess að sameina Hafissetur og Laxasetur, Dýrakotsnammi fékk tæplega 3,5 milljónir króna til að gera frumrannsókn á möguleikum þess að nýta minkakjöt til fódurframleiðslu og Pure Nature Travel fékk 3 milljónir vegna verkefnis um uppbyggingu ferðaskrifstofu í A-Hún. Þá fékk Félagsheimilið á Hvammstanga tæplega 800 þúsund krónur vegna verkefnis sem snýst um betri nýtingu og bætta afkomu.

Að auki fékk Ferðamálafélag A-Hún. 3 milljónir vegna verkefnis sem nefnist „Reshape your journey- Slow travel pakkar í Austur-Húnavatnssýslu“, Ferðamálafélag V-Hún fékk um 1,5 milljónir vegna samstarfs í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, Jóhannes Erlendsson fékk 2 milljónir vegna verkefnis sem nefnist: Hornsteinar í heimahaga og 1,4 milljónir eru vegna stefnumótunarverkefnis í Húnaþingi vestra, sem nefnist Brú yfir boðaföllin.

/MPÐ



## Námskeið í dkBúbót

Fyrirhugað er að halda námskeið í bókhaldskerfinu dkBúbót á næstu vikum verði nægjanleg þátttaka.

Þeir sem óska eftir að komast á námskeið eru beðnir um að fara inn á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins [rml.is](http://rml.is) og svara könnun um námskeið, efnistöð og ósk um staðsetningu fyrir 26. janúar næstkomandi.

RML mun þá halda námskeið í samvinnu við bókhaldsstofur búnaðarsambandanna á þeim svæðum þar sem næg eftirspurn er. Haft verður samband við alla sem svara könnuninni. Þá má einnig hringja í þjónustunúmer dkBúbótar 563 0368 milli kl. 10 og 16.

# Ekki sofna á verðinum

Við minnum á að seinasti dagur til þess að tryggja sér KRONE heyrinnuvél á vetrarverði er 24. janúar næstkomandi.



## Comprima CV 150 XC17

Sambyggð rúllu- og pökkunarvél.  
Sú fastkjarnasamstæða sem gengið hefur hvað best við íslenskar aðstæður.

TILBOÐSVERÐ án vsk.....kr. 10.318.000

Kaupauki fylgir þessu tilboði:  
Boðsmiði fyrir einn í skoðunarferð til KRONE verksmiðjanna í Þýskalandi  
Tilboð gildir til 23. janúar 2015



## Rúlluvéla-tilboð



KRONE rúlluvélar bjóðast nú á ómóttstæðilegu verði!



**KRONE Comprima F125 XC17**  
Einföld og þægileg rúlluvél sem skilar þéttum og vel löguðum rúllum.

TILBOÐSVERÐ án vsk.....kr. 4.940.400



**KRONE Comprima V150 XC17**  
Gífurlega öflug rúlluvél sem skilar fóstum og þéttum rúllum af öllum stærðum.

TILBOÐSVERÐ án vsk.....kr. 6.430.000

Tilboð gildir til 23. janúar 2015



## Heyþyrllu-tilboð



Nú geta allir eignast KRONE snúningsvél!



**KRONE KW 5.52/4x7** Lyftutengd snúningsvél  
Vinnslubreidd 5,50 m - 4 stjörnur, 7 arma

TILBOÐSVERÐ án vsk.....kr. 995.000



**KRONE KW 7.92/8** Lyftutengd snúningsvél  
Vinnslubreidd 7,90 m - 8 stjörnur, 5 arma

TILBOÐSVERÐ án vsk.....kr. 1.599.000



**KRONE KWT 8.82/8** Dragtengd með vagni.  
Vinnslubreidd 8,80 m - 8 stjörnur, 6 arma

TILBOÐSVERÐ án vsk.....kr. 2.075.000

Tilboð gildir til 23. janúar 2015

\*) Allt verð er tilgreint án virðisaukaskatts og miðast við gengi á Evru = 154 kr.



P Ó R

**Reykjavík:**  
Krókháls 16  
110 Reykjavík  
Sími 568-1500

**Akureyri:**  
Lónsbakka  
601 Akureyri  
Sími 568-1555

**Vefsíða:**  
[www.thor.is](http://www.thor.is)



Bændablaðið  
Kemur næst út

29.  
janúar

## STEEKUR



## I Kina Spiser De Hunde

Undirrituðum þykir fátt skemmtilegra en að upplýsa lesendur um áhættuna sem fylgir því að borða mat í útlöndum. Fólk getur hreinlega breyst í vampírur af því að borða innfluttar kjúklingabringur.

Alþjóða heilbrigðisstofnunin, Evrópusambandið og Smitvarnarmiðstöð Bandaríkjanna hafa lýst því yfir að sýklalyfjaónæmi sé ein mesta ógnin við lýðheilsu í heiminum í dag. Þrátt fyrir það eru sýklalyf víða notuð sem vaxtarhvatí í landbúnaði og fram eru komnar ofurbakteríur sem geta borist í menn og eru ónæmar fyrir öllum sýklalyfjum sem eru á markaði í dag.

Nánast í hverjum mánuði koma upp tilbrigði af fuglaflensu í alifuglabúum víðs vegar um heim. Í það minnsta 14 einstaklingar í borgunum í Belgíu greindust með svínaorm eða tríkínu í síðasta mánuði. Veiktist fólkið eftir neyslu á kjöti af villisvínunum á þrem veitingastöðum. Svo ekki sé minnst á hættuna sem fylgir því að smitast af bogfrymli.

Í Austurlöndum eru matarvenjur ólíkar og ófáir ferðamenn lent í hræðilegum hremmingum á matsölustöðum í þeim heimshluta. Ekki alls fyrir löngu var í fréttum greint frá svissneskum hjónum sem voru á ferðalagi, ásamt smáhundinum sínum, í Kína. Hjónin fóru inn á matsölustað í suðurhluta landsins og pöntuðu sér forrétt af matseðlinum og reyndu að koma þjóninum í skilning um það með handapati að hundurinn ætti líka að fá að borða. Þjónninn var kurteis, brosti út að eyrum og þóttist skilja þau fullkomlega. Hann beygði sig því næst niður, tók upp hvutta og fór með hann fram í eldhús til að gefa honum að borða, eða svo héldu hjónin að minnsta kosti.

Eftir nokkra bið kom þjónninn með aðalréttinn sem var bæði vel útlátinn og bragðgóður. Hjónin gáfu sér því góðan tíma til að borða og höfðu á orði hvað þjónustan væri góð og þau heppin að finna svo góðan stað. Að máltíðinni lokinni var reikningurinn gerður upp og hjónin biðu þess að hundinum yrði skilað en þjónninn horfði bara á þau, brosti og hló. Þegar gestunum tókst að lokum að gera sig skiljanlega rann brosið af andliti þjónsins og yfir hann kom skelfingarvipur. Hann hafði skilið handapat þeirra á þann veg að þau vildu borða hundinn og fengið kokkinn til að matreiða hann.

Þrátt fyrir að finna megí hundakjöt á matseðli finni veitingahúsa í Kína og að undirritaður hafi smakkað slíkt góðgæti á ferðalagi um landið er ólíklegt að sagan hér að framan sé sönn. Í fyrsta lagi hleypa Kínverjar ekki ferðamönnum inn í landið með gæludýr og í öðru lagi matreiða þeir eingöngu sérreктаða hunda sem eru mjög dýrir þegar búið er að kokka þá eftir kúnstarinnar reglum. /VH

Óhemju birgðir af ævafornu vatni taldar bundnar í jarðskorpunni undir Kanada:

# Myndi fylla 34 kílómetra djúpan tank sem næði yfir allt Ísland

— sömu eiginleikar til að geyma vatn eru taldir vera í um 70% berglaga jarðarinnar

Í jólablaði Bændablaðsins 18. desember 2014 var greint frá bágrí stöðu grunnvatnsbirgða víða um heim. Sem betur fer er það eitthvað sem ekki er farið að valda vandræðum á Íslandi, en allur er varinn samt góður.

Það virtist því ætla að verða nokkur sárabót í þessari umræðu er greint var frá því sama dag og jólablaðið kom út að jarðfræðingar hafi uppgötvað gríðarlegar neðanjarðarlindir undir Kanada. Er vatnið í þeim talið nema um 2,5 milljónum rúmmílina, að því er fram kemur í Mail Online, eða sem svarar 10.420.456 rúmkílómetrum. Þar er álíka mikið vatn og kæmist í 33,7 kílómetra djúpan tank sem næði yfir allt flatarmál Íslands.

### Um 2,7 milljarða ára gamalt vatn


Samkvæmt kanadískum vísindamönnum nemur þessi vatnsfundur meiru en því sem er að finna í öllum ám, fljótum, stöðuvötnum og fenjum jarðar. Gallinn við þetta vatn er að það er 2,7 milljarða ára gamalt, mjög saltríkt og bragðið af því er hræðilegt að sögn vísindamanna.

Í einni zink- og koparnámu í Kanada sem rannsókuð var hefur þetta forna vatn verið að seytla upp um glufur í marga áratugi. Úr rannsóknum á gasísatópum sem safnast hafa í vatnið í tímans rás hafa vísindamenn getað áætlað aldur vatnsins. Telja þeir það vera allt að 2,7 milljarða ára gamalt.

### Mögulega svipuð staða á Mars

Hefur þessi uppgötvun leitt hugann að rannsóknum á Mars þar sem milljarða ára gamalt berg er talið hafa getað safnað í sig vatni líkt og á jörðinni.

Kanadískir og breskir vísindamenn uppgötvuðu þetta eftir



Bláu fletirnir sýna berglögin sem vatnið er talið felast í en gulu doppurnar sýna staðina sem rannsakaðir voru.



Fornt bergvatn seytlar inn í námur í Kanada.

Mynd / G. Borgonie/Toronto háskóli.



Barbara Sherwood Lollar, prófessor við Toronto-háskóla í Kanada.

Mynd / Brian Summers/Toronto háskóli.

að hafa verið að skoða berg í 19 námum í Kanada, Suður-Afríku og í Skandinavíu. Þá komust þeir að því að gríðarlega mikið af forsögulegu vatni er bundið í berglögum í jarðskorpunni.

Það var jarðfræðingurinn

Barbara Sherwood Lollar, prófessor við Toronto-háskóla í Kanada, sem leiddi þessa rannsókn í samstarfi við félag sína í Oxford-háskóla í Bretlandi. Voru tekin vatnssýni sem lokað var inni í svokölluðum Precambrian-berglögum, sem er



Um 2,7 milljarða ára gamalt vatn í gamalli námu í Kanada.

Mynd / J. Telling/Toronto-háskóli.

elsta berg jarðskorpunnar. Voru sýni tekin í 19 námum í Kanada, Suður-Afríku og í Skandinavíu. Þessi berglög eru um 70% af jarðskorpunni.

/HKr.

Athöfnum manna fylgir gríðarleg vatnsnotkun samkvæmt bókinni Your Water Footprint:

# Til að framleiða Whisky í tvö lítil staup þarf heilt baðkar af vatni

Vatn hefur meira notagildi en olía og er auk þess undirstaða lífs á jörðinni. Hins vegar hefur maðurinn farið mjög óvarlega með þetta dýrmæta vatn og horfir því víða um heim fram á vatnsskort í náinni framtíð.

Í bókinni Your Water Footprint er að finna ýmsar áhrifaríkar staðreyndir um vatn og vatnsnotkun. Þar segir að eftir einn áratug muni þrír af hverjum fimm jarðarbúum finna fyrir vatnsskort. Um óheyrilega vatnsnotkun við iðnaðarframleiðslu segir m.a. að það þurfi 7.600 lítra af vatni til að framleiða einar gallabuxur. Á bak við hvern einasta bolla af morgunkaffi liggja vatnsnotkun

sem nemur 140 lítrum. Það er að segja vatnið sem fer í að rækta kaffibaunina og vinna hana áður en vatnið fer í bollann sem kaffi. Gríðarlegt vatn sé þannig notað við framleiðslu á öllum neysluvörum, þar með töldum fötum, farsímum og öðrum raftækjum. Til að framleiða Whisky í tvö lítil staup þarf að nota vatn sem fylla myndi heilt baðkar. Til að rækta og vinna bómull í eina stuttermaskyrtu þarf að nota um 3 tonn af vatni.

### Um 300 lítra þarf til að framleiða tvær brauðsneiðar

Á bak við morgunverðinn er líka mikil vatnsnotkun. Til að

framleiða hráefni sem fer í að búa til brauðsneiðar sem við setjum í brauðristina þarf að nota um 300 lítra af vatni. Til að framleiða tvö hænuegg fara samkvæmt bókinni um 400 lítrar af vatni, en þar á bakvið er væntanlega eldi á varphænnunni og ræktun fódursins sem hún étur. Þá eru tvær litlar beikonsneiðar sagðar útheimta um 300 lítra vatnsnotkun.

### 5,5 lítrar fara í að framleiða plastflösku fyrir hálftan vatnslitra

Þegar við kaupum vatn í hálfs lítra plastflösku, þá er búið að nota um 5,5 lítra af vatni við að framleiða flöskuna sjálfa en plastið er unnið úr olíu.

### Vesturlandabúar nota tvöfalt meira en meðaltal jarðarbúa

Fyrir utan þetta allt saman notum við óhemjumikið af vatni til að svala þorstanum, til eldunar og til að þvo okkur og umhverfi okkar. Þannig er talið að Bandaríkjamenn noti að meðaltali um 300 til 400 lítra af vatni á dag. Mesta vatnsnotkunin er þó við að sturta niður úr klósettinu. Ef öll vatnsnotkun vegna okkar lífshátta er talin með er áætlað að hver og einn Vesturlandabúi noti að meðaltali um 7.500 lítra af vatni á dag, sem er um tvöföld meðaltalsvatnsnotkun jarðarbúa. Líkum má leiða að því að Íslendingar noti miklu meira vatn en þetta. /HKr.

## Það er gaman að bæta hestöflum við afkastagetuna. Við aðstoðum með ánægju.



Það er stór stund þegar þú tekur við nýju atvinnutæki sem stýttir vinnudaginn og eykur afköstin. Og okkur finnst að ánægjan eigi að endast í mörg ár. Þess vegna er það aðalatriðið hjá Ergo að mæta þínum þörfum með faglegri ráðgjöf og framúrskarandi þjónustu þegar kemur að fjármögnun atvinnutækja.

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > [www.ergo.is](http://www.ergo.is) > [ergo@ergo.is](mailto:ergo@ergo.is)

**ergo**





Kjarlaksvellir hafa gott skjól af fjöllum í Staðarhólsdal. Þótt hríðarbylur geti verið af norðri nokkrum kílómetrum í burtu þá getur heimilisfólkið á bænum staðið úti á hlaði með logandi kertaljós í logndrífu. Mynd / Kjarlaksvellir

Sauðfjárþændur á Kjarlaksvöllum í Saurbæ í Dalasýslu:

# Fjölga fé með ræktun úr eigin stofni

Á Kjarlaksvöllum í Dölum er rekið sauðfjárþú undir nafninu Vallarfé með um 500 fjár á vetrarfóðrun. Þar er tvíbýli og þar býr Guðmundur Gunnarsson ásamt eiginkonunni, Hugrúnu Reynisdóttur, á öðrum bænum og bróðir hennar, Bjarki Reynisson, og Þórunn Elva Þórðardóttir í hinum.

„Við höfum hægt og rólega verið að fjölga úr okkar eigin stofni. Árið 2014 var okkar besta ár í sauðfjárræktinni í heildina tekið,“ segir Guðmundur.

## Í skjóli í þröngum dal

Sólin skein á fjallatoppa við Kjarlaksvelli þegar tíðindamaður Bændablaðsins sló á þráðinn síðastliðinn laugardag. Þá var orðið heiðskirt eftir nokkra snjókomu nóttina áður. Segir Guðmundur að tíðarfarið hafi verið rysjótt í vetur þótt hann kvarti svo sem ekkert þar sem hann býr á skjólríkum stað innanlega í Staðarhólsdal.

„Ég kom úr Reykjavík í gær og eini staðurinn á þessari leið sem eiginlega ekkert hafði snjóað var hér í Saurbænum þótt talsvert hafi snjóað út við ströndina eins og gerist alltaf í sunnan- og suðvestanáttinni. Ef það kemur norðanátt svo ég tali nú ekki um norðanbylur, þá get ég rölt hér út á hlað með kertaljós. Hér verður alveg logn í norðanátt, enda erum við innilokuð hér inni í dalnum í skjóli fjallanna,“ segir Guðmundur.

Nefndi hann sem dæmi að snjóaveturinn mikla árið 1995 hafi mikið snjóað á Kjarlaksvöllum, en alltaf í logni þótt vitlaust veður hafi verið af norðri víða í kringum þau.

„Svo getum við fengið hér hreina vestanátt sem getur verið mjög slæm, byljótt og miklir sviptivindar.“

## Enginn sér þótt tækniinnleiðingin gangi ekki alltaf hnökralaust

Guðmundur segir að það geti stundum verið mikill kostur að vera svo afskekktur inn til dala.

„Þegar maður er til dæmis að prófa einhver ný tæki eða annað þá sjá nágrannarnir ekki hvað manni gengur illa. Eitt sinn vorum við að prófa hér rúlluvél og það var í fyrsta skipti sem við vorum sjálf að rúlla heyi. Okkur gekk mjög erfiðlega og



Feðgarnir Guðni og Guðmundur Gunnarsson á Kjarlaksvöllum.

vorum við heila nótt að baksa við þetta og rúlluðum þá ekki nema 10 rúllum. Við uppgötvuðum það svo fyrir rest að það var náttfallið sem var að fara svona illa með okkur. Vélin gat einfaldlega ekki rúllað í rakanum af náttfallinu. Við héldum samt áfram og skildum ekkert í af hverju þetta gekk svo illa.“

– Þið eru þá heppnir með að svona nokkuð spyrjist ekki út svo það verði ekki gert grín að ykkur á þorablóti?

„Já, einmitt, nema við séum svo vitlausir að kjafta frá því sem við erum að bröla,“ segir Guðmundur.

## Með um 18 kílóa fallþunga

– Hvernig var útkoman í búskapnum hjá ykkur eftir haustið?

„Við höfum verið með í kringum 18 kíló í meðalfallþunga undanfarin ár og svo var einnig nú í haust. Gerðin er 9,83 og fitan 7,12 og kíló eftir kind er 34,7. Mesta framförin hjá okkur er að síðustu þrjú árin höfum við verið að auka til nytja. Með sama fjárfjölda erum við búin að auka um 70 lömb til nytja á

fjölbreytilegri beit. Ef lömbin ná sér á annað borð á strik, þá sér maður allt upp í 12 kílóa þyngdaráukningu, en meðal þyngdaráukning er um 4–5 kíló á þessum sex vikum. Mesti hagur þeirra sem hafa á annað borð haft aðstöðu til þess og með góða beit er að þyngja lömbin á haustin. Þá safna þau á sig miklu kjöti. Ef beitin er hins vegar léleg fara þau að safna frekar á sig fitu.“

## Slæmt tíðarfarið hafði víða slæm áhrif á þyngd lamba

„Tíðarfarið í haust var þó ekki eins gott og best gerist. Það rigndi of mikið og á bæjum hér fyrir sunnan mig virtist tíðarfarið víða hafa mjög slæm áhrif á þyngdaráukninguna. Hjá sumum bændum minnkaði fallþungi af þeim sökum verulega milli ára.

Ég vil líka meina að þegar tíðarfarið er slæmt með miklum rigningum snemma sumars, þá hafa ærnar ekki nægan forða til að mjólka nægilega fyrir lömbin. Þau verða þá rýrari en ella.“

## Fituminni gripir viðkvæmari

Guðmundur telur orsökina m.a. felast í þeirri ræktunarstefnu að skera niður fitu í fénu til að mæta kröfum markaðarins og ríkjandi heilsuviðmiðunum. Þá hafi ærnar minni forða úr að móða í sumarbyrjun ef árferði er ekki nógu gott. Afleiðingin verði lítill fallþungi í haustslátrun. Af þessum sökum séu margir orðnir afhuga þessari ræktunarstefnu.

Reyndar styður það hans rök að undanfarin misseri hefur verið að koma í ljósa að rökin fyrir þeim lýðheilsusjónarmiðum sem segja að dýrafita sé óæskileg í mataræði, er röng. Um áratuga skeið hefur sá áróður verið stundaður af opinberum aðilum um allan heim sem byggst á því að útiloka fitu úr mataræði. Nú er talið að forsendur þess áróðurs standist alls ekki og hafi jafnvel verið mannfólkinu til skaða.

## Mikil afföl en fara þó minnkandi

Guðmundur segir að heimtur af fjalli hafi einnig batnað, en bændur á svæðinu hafa búið við mikil afföll í fjölda ára.

„Fyrir um 20 árum fannst okkur mikið ef það vantaði 10 lömb að hausti. Síðan fór þetta smám saman versnandi. Þegar við fjölguðum hjá okkur fénu smátt og smátt virtist samt alltaf fjölga jafnhliða þeim lömbum sem skiluðu sér ekki af fjalli. Þegar verst lét voru þau orðin 30. Haustið 2013 vantaði 12 lömb af 740 sem fóru á fjall og síðastliðið vor fóru 770 lömb á fjall og í haust vantaði 20.“

## Telur orsök affalla lamba á fjalli ekki augljósa

Þótt þessi afföll skipti augljóslega töluverðu máli, þá finnst Guðmundi þau ekki svo ýkja slæm miðað við fyrri ár. Hann segir skýringuna á þessum afföllum ekki augljósa. Fyrst hafi þeir kennt refnum um að drepa lömbin en hann telur aðra þætti geta komið þar inn í líka.

„Refurinn drepur alltaf eitthvað og auðvitað tekur hann líka allt sem drepst af eðlilegum orsökum og þau lömb finnum við aldrei. Ég held samt að hann sé ekki eins slæmur og menn hafa verið að tala um.“

## Sendum lömbin ekki nógu hraust á fjall

„Ég held að ástæðan sé líka sú að við erum ekki að senda lömbin nógu hraust á fjall. Þau ýmist villast undan, en sum veikjast og drepast og þá tekur refurinn þau lömb. Ef við pössum upp á að lömbin fari heilbrigð á fjall, þá fáum við þau oftast lifandi til baka.“

## Hvað gera Strandamenn rétt en við ekki?

„Við vitnum oft í Strandamennina varðandi þetta. Bændur á Ströndum, sem eru með sambærilegan fjölda og við, finnst mikið ef þá vantar 5 lömb að hausti og verulega mikið ef það fer yfir 10 lömb. Samt vilja menn halda því fram að það sé mikið um ref á Ströndunum. Þá spyr maður sig, hvað þeir séu að gera rétt sem við gerum ekki.

Hér suður frá í Laxárdalnum og þar í kring er maður að heyra að menn vanti allt að hundrað lömb að hausti. Að visu eru það þá bú sem eru með yfir 1.000 fjár, en samt eru það allt of mikil afföll þegar þau eru komin í kannski 10%,“ segir Guðmundur Gunnarsson. /HKr.

# Til Hollands í fagferð með fagmönnum

## Fagferð og námskeið um fjósbyggingar í Hollandi!

Dagana 4.-8. mars stendur Landstólpi fyrir fjósbyggingarnámskeiði í Hollandi, auk þess munum við skoða og heimsækja fjós og fyrirtæki sem þjónusta kúabú. Námskeiðið, sem Snorri Sigurðsson mun sjá um, verður í formi hefðbundinna fyrirlestra þar sem leitast verður við að kynna allt það nýjasta sem er að gerast í fjósbyggingum í dag. Einnig verður verkleg kennsla í þeim hollensku fjósum sem við heimsækjum. Lögð verður áhersla á að heimsækja ólík fjós, svo þátttakendur sjái sem fjölbreyttastar lausnir s.s. með tilliti til fjósanna sjálfra, mjaltatækni, fódunartækni og aðbúnaðar bæði geldneyta og kúa.

### Dagskráin er eftirfarandi:

#### Miðvikudagur 4. mars

Lagt af stað frá Keflavík að morgni og flogið til Amsterdam. Farið í heimsókn til fódurfyrirtækisins De Heus í Utrecht þar sem verður fræðsla um fóður og fódun. Frá Utrecht verður haldið á hótél og eftir kvöldverð verður fjallað um hönnun fjósa.

#### Fimmtudagur 5. mars

Fyrirlestrar fram undir hádegi og svo farið í vettvangsferðir það sem eftir lifir dags.

#### Föstudagur 6. mars

Fyrirlestrar fram undir hádegi og svo farið í vettvangsferðir það sem eftir lifir dags.

#### Laugardagur 7. mars

Farið árla morguns til Amsterdam og getur þá hver og einn notið þessarar einstöku borgar.

#### Sunnudagur 8. mars

Farið út á flugvöll eftir morgunverð og flogið á ný heim til Íslands. Áætluð landing í Keflavík kl. 15:30

Allar nánari upplýsingar og bókanir í síma 480 5600 eða með tölvupósti: [saekar@landstolpi.is](mailto:saekar@landstolpi.is) fyrir föstudaginn 23. Janúar.



Þátttökugjald fyrir ferðina og námskeiðið er kr. 140.000,-

Aukagjald fyrir eins manns herbergi er kr. 35.000,-

**Innifalið er:** Flug, gisting, námskeiðsgjald, rútufurðir og allur matur nema hádegis- og kvöldverður í Amsterdam.

## Fjós eru okkar fag






**Snorri Sigurðsson,**  
ráðgjafi við þekkingasetur  
landbúnaðarins í Danmörku

**Athugið að sætafjöldi  
er takmarkaður**



Gunnbjarnarholti  
801 Selfoss  
480 5600  
[landstolpi.is](http://landstolpi.is)

# Stálgrindarhús og samlokueiningar



Astron stálgrindarhús, heildarlausn fyrir íslenskar aðstæður. Erum einnig með vandaðar samlokueiningar. Eigum báru á þök og veggj úr Aluzínki og áli í mörgum litum. Snögg og góð afgreiðsla.

**Ál er okkar mál**  
Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • [www.altak.is](http://www.altak.is)



## Orkumál

Talsmenn Lockheed Martin fullyrða að frumgerð nothæfs kjarnasamrunabúnaðar verði tilbúin innan fimm ára:

# Nýting á kjarnasamrunaorku gæti umbylt allri orkunotkun heimsins

— olía yrði verðlítill, kolaorkuver og geislaamengandi kjarnorkuver úrelt og óþarfi að leggja verðmætt land undir vatnsorkuver

Hörður Kristjánsson  
hk@bondi.is



**Fjöldi vísindamanna um allan heim vinnur nú að því að finna leið til að framkalla kjarnasamruna á þann hátt að hægt sé að virkja orkuna.**

Frá því í október hafa verið birtar fjölmargar greinar í erlendum miðlum um að bandaríska fyrirtækið Lockheed Martin, sem helst er þekkt fyrir smíði á orrustubotum, hafi dottið niður á lausn sem gerði smíði nothæfra kjarnasamrunaafna mögulega, jafnvel innan fárra ára. Þar er grunnurinn sams konar orkuform og heldur sólinni okkar gangandi. Frá sjónarhóli leikmannsins hljóta þetta að teljast mikil tíðindi.

## Gæti leyst loftmengunvandann og hlýnun lofthjúpsins

Kosturinn við kjarnasamrunaorku er að henni fylgir engin loftmengun og ekki heldur nein langvarandi geislaamengun eins og þekkt er við nýtingu kjarnorku. Það sem er jafnvel enn merkilegra er að við þróun á þessari orkutækni hefur náðst alþjóðleg samvinna sem er algjörlega á skjön við þá átakaímynd sem sýnd er á pólitíska leiksviðinu í Úkraínu. Í kjarnasamrunamálinu sitja til dæmis vísindamenn Evrópu-sambandsríkjanna, Rússlands, Bandaríkjanna, Kína og fleiri þjóða í mesta bróðerni saman í sömu bátsskelinni og róa allir í sömu átt. Ekkert ríki virðist þora að taka séns á að halda spilunum eingöngu fyrir sig af ótta við að verða undir ef öðrum gengur betur. Vald óttans virðist því vera að neyða menn til viðtæks samstarfs í þessum efnum.

## „Kjarnasamrunaorka er nær en þú heldur“

Í október gáfu talsmenn Lockheed Martin það út að nothæf frumgerð lítills samrunaofns, „Compact fusion reactor (CFR)“, gæti litið dagsins ljós innan fimm ára og söluhæfrar einingar innan tíu ára. Þar sagði m.a. „Compact fusion, it's closer than you think“. Á þeim bæ hafa menn í svokölluðu „Skunk Works“-teymi unnið að þróun verkefnisins og segjast vera komnir á beinu brautina með að beisla orku sólarinnar í það sem þeir kalla litla segulmagnaða flösku. Segja þeir að með kjarnasamruna sé hægt að framkalla orku sem sé þrisvar til fjórum sinnum öflugri en hægt er að ná með kjarnaklofnun.

## Yrði bylting á orkuöflun heimsins - Ísland líklega ekki undanskilið

Ef þetta gengur eftir er ljóst að nýting kjarnasamrunaorku getur gjörbylt orkuöflun heimsbyggðarinnar enda grunnefnið að mestu sameindir vatnsins. Það getur þýtt að á tiltölulega stuttum tíma yrði jarðefnaeldsneyti verðlítill auðlind og efnahagur núverandi olíuríkja gæti hrunið eins og spilaborg.

Ofurmengandi kolaorkuver gætu þá einnig heyrt sögunni til og hlýnun jarðar af mannavöldum yrði ekki lengur vandamál. Þá yrði jafnvel óþarfi að leggja verðmætar náttúruminjar, byggðir og beitarlönd undir risavatnsorkuver í líkingu við



CFR-tilraunateymi Lockheed Martin.

Mynd / Eric Schulzinger/Lockheed Martin.



Svona lítur Lockheed Martin á færnanleika samrunaorkustöðva.


það sem gert hefur verið í Kína, og víðar. Aftur á móti er vandséð að sú rándýra tækni sem liggur að baki kjarnasamrunanum, geti um fyrirsjáanlega framtíð keppt við minni eða meðalstór vatns- og jarðhitaorkuver eins og þekkjast á Íslandi, né vindorku. Ef orð þeirra Lockheed-manna reynast hins vegar rétt, um að raunhæft verði að smíða búnað sem nota mætti um borð í skipum, þá er hætt við að jafnvel Íslendingar yrðu að fara að endurskoða stöðu sinnar orkuöflunar.

## Efasemdir um raunhæfni fullyrðinga Lockheed Martin

Margir hafa orðið til að draga orð talsmanna Lockheed Martin í efa, m.a. Steven Cowley, prófessor og stjórnandi kjarnasamrunaorkumiðstöðvar í Oxfordskíri í Bretlandi (Culham Centre for Fusion Energy in Oxfordshire). Hann segir lítið sem ekkert hafa komið fram í yfirlýsingum Lockheed Martin sem skýri tæknihlið málsins og hverju þeir hafi í raun áorðað. Þar skorti sannanir. Telur hann því ólíklegt að kjarnasamrunaorka muni koma til með að spila verulegu rullu í orkumálum heimsins fyrir árið 2050. Undir þetta tekur einn af helstu vísindamönnum ITER í samtali við breska blaðið Guardian.

## Tilraunir hafa staðið yfir í rúm 80 ár

Kjarnasamruni vetnis-ísótópa var fyrst framkallaður í tilraunastofu árið 1932. Síðan hafa vísindamenn glímt við að finna nothæfa leið til að framleiða virkjanlega orku með kjarnasamruna. Kjarnasamruni var m.a. eitt af hliðarverkefnum



Mikil orka leysist úr læðingi við kjarnasamruna.

Manhattanverkefnisins upp úr 1940 þegar Bandaríkjamenn unnu að smíði kjarnorkusprengjunnar sem byggði á öfugu ferli, þ.e. að framkalla keðjuverkun við splundrun atómkjarna. Tókst vísindamönnum reyndar að framkalla kjarnasamruna í kjarnasprengjutilraun árið 1951. Síðan tókst í fyrsta sinn að framkalla kjarnasamruna í stórum skala í vetnissprengjutilraun þann 1. nóvember árið 1952 með svokallaðri „Ivy Mike“-vetnissprengju.

## Vandinn er að beisla ofurhitann

Flestar tilraunir í þessa veru á undanföllum áratugum snúast um að halda þeim ofurheita plasma sem myndast við kjarnasamruna fljótandi í fírnasterku segulsviði þar sem engin efni eru til sem standast þann hita sem myndast. Hann getur verið upp á hundrað milljón gráður á Celsíus eða þaðan af meira. Er orkan

sem myndast við kjarnasamruna í það minnsta milljón sinnum meiri en næst við brennslu á kolum eða olíu. Til að mynda slíkan hita þarf samt gríðarlega orku. Vandinn hefur verið að ná meiri orku út úr kjarnasamrunanum en sú orka er sem fer í að framkalla hann. Besti árangurinn lengi vel var að ná 16 megawatta orku í tvær sekúndur út úr 25 MW orku sem notuð var við að framkalla kjarnasamrunann.

## Mikið byggt á sovésCRI grunnhugmynd

Aðallega er um að ræða tvær gerðir ofna sem notaðir hafa verið við kjarnasamrunatilraunir, eða af gerðunum Tokamak og Interil. Tokamak-ofninn eða aðferðin var fundin upp af sovésku eðlisfræðingunum Igor Tamma og Andrei Sakharov upp úr 1940, en þeir byggðu á grunnhugmynd Oleg

Lavrentiniev. Talsmenn Lockheed Martin segja að CFR-ofn þeirra geti skilað tíu sinnum meiri orku miðað við rúmtak en hefðbundinn Tokamak-ofn.

Leið Lockheed Martin miðast við smíði kjarnasamrunaofns sem hægt væri að hafa svo lítinn að hann rúmaðist aftan á truck, eða í orrustuskipi. Lítið umfang slíks tækis er sagður lykillinn að mögulegum árangri Lockheed Martin, en þar segjast vísindamenn fyrirtækisins hafa farið aðrar leiðir en kollegar þeirra í Bretlandi og Frakklandi.

Í Frakklandi hafa menn verið að gera fjölbjóðlegar tilraunir á vegum International Thermonuclear Experimental Reactor (ITER) sem miðast við smíði á ofni sem yrði 30 metrar á hæð og 23 þúsund tonn að þyngd. Smíði á slíkum ofni er augljóslega mjög dýr. Ef unnt er að gera þetta í mun minni skala eins og Lockheed Martin-menn, og reyndar fleiri vilja vera láta, lítur dæmið allt öðruvísi út.

## Hergagnaðnaður stórveldanna dregur vagninn

Þrátt fyrir efasemdaraddir samkeppnisaðila Lockheed Martin er ljóst að það er hergagnaðnaður heimsins sem dregur nú vagninn í þróun kjarnasamrunaorku. Þar virðist sannarlega vera grunnur til að það verði kapphlaup þar sem Bandaríkin og Kína muni spila stóra rullu sem orkuþyrstir iðnaðarissar. Þegar möguleg hernaðarnot eru svo líka fyrir hendi virðast engin takmörk fyrir fjármagni og því er eins víst að einhver árangur líti dagsins ljós fyrr en margir ætla.

Síðla sumars á síðasta ári var skýrt frá því að kínverskir vísindamenn hafi fyrstum manna tekist að framleiða meiri orku við kjarnasamruna en næmi þeirri orku sem nýtt hafi verið til að framkalla samrunann. Það í sjálfu sér er stórt skref í þróun þessarar tækni og hefur heldur betur ýtt við vísindamönnum annarra þjóða.

## EUROfusion komið á fulla ferð hjá ESB

Vísindamenn hjá þjóðum Evrópusambandsins hafa unnið að þróun við beislun kjarnasamrunaorku undir samtökum sem nefnd hafa verið EUROfusion. Frá 1970 hefur í samtarfi Evrópuríkja verið unnið að smíði og rekstri kjarnasamrunaofns ásamt Svisslendingum og Svíum undir verkefnaheitinu „Joint European Torus“ sem skammstafað er JET. Gert var sérstakt samkomulag um slíkt verkefni árið 1999 undir heitinu European Fusion Development Agreement – EFDA og er EUROfusion samtökunum ætlað að taka þetta verkefni enn lengra og hefur fengið til þess styrk frá verkefnasjóði sem kallast „European Union's Horizon 2020“. Miðað er við að nothæf kjarnasamrunaorka verði orðin að veruleika fyrir árið 2050.


## Háskólinn í Washington með orkumálaráðuneytið á bak við sig

Washington-háskóli í Bandaríkjunum vinnur ásamt mörgum öðrum að þróun í beislun

kjarnasamrunaorkunnar með aðstoð orkumálaráðuneytis Bandaríkjanna. Þar á bæ vinna menn líkt og hjá Lockheed Martin líka að hönnun búnaðar sem er mun fyrirferðarminni en Tokamak ofnarnir en aðferðin á bak við hönnun Washington-háskóla er kölluð „spheromak“. Miklir peningar eru í spilinu, því smíði á einum ofni sem gæti skilað um einu gígawatti í orku getur kostað um 2,7 milljarða dollara eða sem nemur um 343 milljörðum króna.

Fjöldi þjóða komnar á fullt skrið

Samkvæmt upplýsingum á vef World Nuclear Association er fjöldi þjóða kominn á fullt við þróun í kjarnasamrunaorku. Auk vísindamanna innan ESB og Bandaríkjanna sem dregið hafa vagninn lengst af er nú unnið á fullu við slík verkefni í Kína,



Verkfræðingar Lockheed Martin að störfum.




Tokamak-kjaransamrunaofn hins sameiginlega evrópska „Joint European Torus“ eða JET-verkefnis.

Rússlandi, Japan, Kóreu, Brasilíu og í Kanada. Í Bandaríkjunum og í Rússlandi hefur þessu vinna verið afleiða af þróun kjarnorkuvopna, en Sovétríkin náðu þar forskoti með þróun Tokamak-ofnanna sem urðu líka leiðandi í rannsóknum annarra þjóða upp úr 1970. Má þar nefna Joint European Torus (JET), Mega Amp Spherical Tokamak (MAST) í Bretlandi og Tokamak fusion test reactor (TFTR) í Princeton í Bandaríkjunum. Í smíðum er þó stærsta Tokamak-verkefnið sem er International Thermonuclear Experimental Reactor – ITER í Cadarache í Frakklandi.

Rússar höfðu frumkvæðið að fjölþjóðlegri samvinnu

Fjölþjóðleg samvinna við þróun í kjarnasamrunaorku er þó að mati World Nuclear Association lykillinn



HIT-S13 tilraunaofn Washington-háskóla.

að því að nýting kjarnasamrunaorku verði raunhæf á heimsvísu. Var það reyndar að frumkvæði Rússa eða Sovétríkjanna sálugu, sem hafin var frekari þróun Tokamak-ofna árið 1985 í samvinnu við

Evrópuríki, Japan og Bandaríkin. Var það hugmyndin að sérstakri stofnun um þetta mál, sem nefnd var International Atomic Energy Agency (IAEA). Á árunum 1988 til 1990 varð svo til International Thermonuclear Experimental Reactor (ITER), með stefnuna á að finna nothæfa leið til að beisla kjarnasamrunaorku. Var samþykkt að halda samstarfi þessara ríkja áfram árið 1992 og kom Kanada og Kazakhstan síðan inn í dæmið í gegnum Euratom-verkefni þeirra í samstarfi við Rússa. Bandaríkjamenn drógu sig svo út úr þessu samstarfi sex árum síðar en komu svo aftur inn árið 2003 ásamt Kínverjum og taka þessar þjóðir ásamt Suður-Kóreu nú þátt í verkefninu í Frakklandi. Þá má nefna sérstakt samstarf Ítala og Rússa sem gengið var frá 2010 um smíði á kjarnasamrunaofni sem smíðaður verður á Ítalíu og settur upp nærri Moskvu.

Í ljósi mikillar vélasölu undanfarnar vikur er mikill fjöldi notaðra véla nýkominn á söluskrá okkar. Fleiri tæki og meiri upplýsingar má finna á heimasíðu okkar [www.jotunn.is](http://www.jotunn.is).

**Massey Ferguson 3645**  
Árgerð 2008 - 4.490.000,-

**Hitachi ZX50 CLR**  
Árgerð 2009 - 4.590.000,-

**Claas Rollant 455**  
Árgerð 2012 - Tilboð óskast!

**McHale 991 BE**  
Árgerð 2006 - 1.290.000,-

**Pöttinger Profi**  
1.090.000,-

**McHale Fusion II**  
Árgerð 2011 - 7.980.000,-

**Pökkum frábærar viðtökur við áramótatilboðum okkar og minnum á að þau gilda til 28. janúar 2015**

**JÖTUNN**  
VÉLAR - VERSLUN - VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss   Lónsbakki - 601 Akureyri   Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir   Sími 480 0400   [jotunn@jotunn.is](mailto:jotunn@jotunn.is)   [www.jotunn.is](http://www.jotunn.is)

# Bætiefni efla bústofn

**Steinefnablöndur**

**Salt- og vítamínsteinar**

**Rautt Tranol**

**Butterfat Extra**  
Getur aukið fitu í mjólk

**Bætiefnafötur í úrvali**

Lífland býður breitt úrval bætiefna fyrir búfénað á öllum æviskeiðum.

Kynntu þér úrvalið í verslunum okkar og hjá endursöluaðilum.

Söluráðgjafar okkar eru við símann og veita ráð um úrvalið.

Lífland söluráðgjöf  
Sími 540 1100  
Brúarvogur 1-3

Lynghálsi, Reykjavík  
Borgarbraut, Borgarnesi

Lónsbakka, Akureyri  
Efstubraut, Blönduósi

[www.lifland.is](http://www.lifland.is)  
[lifland@lifland.is](mailto:lifland@lifland.is)

## Umhverfismál

2015 Alþjóðlegt ár jarðvegs:

# Jarðvegseyðing vegna útpenslu borga og umferðarmannvirkja

Víða í heiminum á sér stað gríðarleg jarðvegseyðing af völdum uppblásturs, eins og á Íslandi, skógareyðinga, mengunar, loftslagsbreytinga eða annarra ástæðna eins og stækkunar borga og umferðarmannvirkja.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) hefur lýst árið 2015 Alþjóðlegt ár jarðvegsins. Einkunnarorð ársins eru: Heilbrigður jarðvegur – heilbriggt líf.

## Undirstaða matvælaframleiðslu

Í kvæðinu Mold kallar Steinn Steinnar þann hluta jarðvegsins sem í daglegu tali nefnist mold drottningu lífsins, móður og lífgjafa allra lifandi. Lýsing Steins gæti ekki verið betri því að við erum mun háðari jarðveginum en marga grunar.

Jarðvegur er undirstaða stórs hluta matvælaframleiðslu í heiminum hvort sem það er ræktun matjurta eða búfjár. Heilbrigður jarðvegur er iðandi af lífi, þar er allt krökkt af örverum, smádyrum og ánamöðkum og hann viðheldur líffræðilegum fjölbreytileika. Auk þess sem jarðvegur gegnir mikilvægu hlutverki í að hreinsa vatn og miðla því og að binda kolefni sem veldur hlýnun jarðar.

Á Íslandi og víða annars staðar í heiminum er uppblástur helsta ástæða jarðvegseyðingar. Annars staðar er eyðingin af allt öðrum toga og tengist meðal annars stækkun borga.

## Útpensla borga

Manntalstölur sýna að í dag búa um 75% íbúa Evrópusambandsins í borgum og spár gera ráð fyrir að sú tala verði komin í 80% árið 2020 og 90% í sjö þéttbýlustu ríkjunum.

Í Evrópu er það sem kallast á ensku „soil sealing“ og felst í lokun eða yfirbreiðslu jarðvegs talin ein helsta ástæða jarðvegseyðingar. Það sem átt er við með yfirbreiðslu eða lokun jarðvegs er að eitthvert annað efni, eins til dæmis sement eða malbik, er sett yfir hann.


Síðustu áratugi hafa borgir í Evrópu stækkað mikið og þanist út í nærliggjandi sveitir. Útpenslan frá því á miðjum sjötta áratugnum er tæp 80% þrátt fyrir að fjölgun íbúa hafi verið 33% á sama tíma.

Upphaflega risu borgir í nágrenni við frjósamasta landið og þar sem matvælaframleiðsla var auðveldust og því það land sem hefur horfið undir mannvirki með stækkun borga.

Samhliða því að grunnar eru teknir fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði, verslanir, skrifstofur og skóla eru lagðir vegir og búin til bílastæði. Til þess að hægt sé að fara út í fyrrgreindar framkvæmdir þarf land og framkvæmdirnar krefjast þess að jarðveginum sem fyrir er sé annað hvort skipt út eða hann þakinn sementi eða malbiki.

## Ríflega 250 hektarar í ESB fara undir steypu og malbik á dag

Samkvæmt því sem segir á heimasíðu Evrópusambandsins fóru á 16 ára tímabili, 1990 til 2006, ríflega 250 hektarar af ræktanlegu landi undir steypu og malbik í löndum ESB á hverjum degi vegna stækkunar borga. Gróflaga reiknað jafnast það á við land á stærð við Berlínarborg og úthverfi hennar á hverju ári.



Síðustu áratugi hafa borgir í Evrópu stækkað ört og þanist út til nærliggjandi sveita.



Farvegur áa hefur verið þrengdur og þar tapað stórum hluta af náttúrulegu vatnasviði sínu og því meiri hættu á að þær flæði yfir bakka sína og valdi tjóni.



Helgunarsvæði umferðarmannvirkja er stórt og gríðarlega mikið land sem fer undir þau.

Í löndum eins og Belgíu, Hollandi, Þýskalandi og Lúxemborg er áætlað að um 5% alls lands sé undir malbiki eða steypu og um 2,3% af öllu landi í ESB samanlagt.

Sé horft til landnýtingar þá er hún best þar sem byggð er þéttust en minnst í útjöðrum borga. Íbúar úthverfa eru yfirleitt með stærri garða við heimili sín en um leið nota þeir að öllu jöfnu einkabíla meira og krefjast meiri umferðarmannvirkja

til að komast leiða sinna en þar sem byggð er þéttari.

## Vatnsrennsli úr skorðum

Auk þess sem dýrmætt ræktarland tapast þegar jarðvegur er hulinn hafa víða komið upp vandamál vegna regnvatns sem ekki finnur sér farveg niður í gegnum malbikið eða steypuna vegna þess hversu þétt yfirborðið er. Í mörgum tilfellum ná

niðurföll og frárennslislagnir ekki að veita vatninu burt og við slíkar aðstæður geta skólplagnir fyllst og innihaldið blandast grunn- og drykkjarvatni í verstu tilfellunum.

Farvegur áa hefur einnig verið þrengdur og þar tapað stórum hluta af náttúrulegu vatnasviði sínu og því meiri hættu á að þær flæði yfir bakka sína í miklum vatnagangi og valdi þannig tjóni. Rín, stærsta á Evrópu, hefur til dæmis tapað 80%

af náttúrulegu vatnasviði sínu undir mannvirki.

Dæmi um vanhugsaða eyðingu jarðvegs undir byggingar og umferðarmannvirki er meðal annars að finna í Parmadalnum á Ítalíu. Í huga margra sem til þekkja er dalurinn hjarta matvælaframleiðslu á Ítalíu. Skömmu fyrir síðustu aldamót voru 3.000 hektarar af landi í dalnum skipulagðir undir byggingar og öllu því sem þeim fylgir. Byggingarnar risu og vegir voru lagðir en áformin stóðust ekki og í dag standa húsin auð og engin ræktun á sér stað á landi sem í dag eru auð bílastæði.

Ástandið í Austurríki er öllu alvarlegra. Landið er lítið og vegna fjalllendis er einungis hægt að byggja mannvirki á um 1/3 landsins með góðu móti og enn minna af landinu er hæft til ræktunar. Íbúum Vínar fjölga um tuttugu þúsund á ári og vegna plássleysis er reynt að skipuleggja ný byggingarsvæði vel og þrjóta sem minnst af ræktarlandi undir mannvirki.

## Mikilvægi jarðvegs eykst

Fyrir áratug eða svo höfðu fáir áhyggjur af ræktunarjarðvegi í Evrópu enda lítið svo á að nóg væri til af honum. Framleiðsla á hektara var sífellt að aukast og matvælaframleiðsla í ESB að verða verksmiðjuvæddari. Þessi hugsun er á undanhaldi og mikilvægi jarðvegs og varðveislu hans alltaf að koma betur í ljós.

Þrátt fyrir að ástandið á Íslandi sé ólíkt því sem er að gerast í Evrópu þá hafa græn svæði í íbúahverfum í Reykjavík víða dregist saman vegna fjölgunar einkabíla. Einkabílum fylgir þörf fyrir bílastæði og mörg dæmi um að garðblettir við íbúðarhús hafi horfið undir hellulagt bílastæði. Samkvæmt breskri tölfræði var um 12% af gördum í London breytt í bílastæði á síðasta áratug. Afleiðingin er sú að víða í gömlum hverfum eiga frárennslislagnir erfitt með að taka við regnvatni þegar mest liggur við þar sem enginn jarðvegur er til að binda vatnið.

## Engin lög um verndun jarðvegs

Ólíkt því sem á við um andrúmsloftið

og vatn eru engin lög sem taka beint til verndunar jarðvegs innan Evrópusambandsins. Lög um losun sorps, úrgangsefna og notkun eitrefna í landbúnaði snerta jarðveg að sjálfsögðu en þau lög voru sett í öðrum tilgangi en að vernda jarðveg sem slíkan.

Flestir sem láta sig þessi mál varða innan ESB telja nauðsynlegt að snúa þessari þróun við og skipuleggja landnotkun betur en gert er í dag. Einnig er brýnt að endurheimta stór landsvæði sem tekin hafa verið undir mannvirki og ekki eru í notkun og koma þeim í sitt náttúrulega ástand aftur.



/VH Ljósanotkun séð utan úr geimnum sýnir vel úþpenslu byggðar í Evrópu.

Open Country AT

**TOYO TIRES**  
driven to perform

All-terrain AT

**BF Goodrich**

Bravo AT-771

**MAXXIS**

Open Country MT

Mud-terrain KM2

Bighorn MT-762

# Mikið úrval jeppadekkja

Grjótháls 10 og Fiskislóð 30, Reykjavík  
Lyngás 8, Garðabæ  
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ  
S: 561 4200

**NESDEKK**

Hjólbarðaverkstæði  
Bílabúðar Benna,  
Tangarhófi 8  
S: 590 2045

**Bílabúð Benna**

Umboðsmenn um allt land

# Artoficeland.is

Listaverk úr náttúru Íslands

Fæst meðal annars hjá:  
The Viking Akureyri  
Upplifun Hörpunni  
Ísbirninum Laugarveg  
Gallerí Alþýðulist Varmahlíð Skagafirði  
Rammagerðin Hafnarstræti Reykjavík  
Gestastofan Þorvaldseyri

**Artoficeland.is**  
**sala@artoficeland.is**  
**Sími 8631626**

# Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

**MICKEY THOMPSON**  
PERFORMANCE  
M/T  
Tires & Wheels

# JEPPADEKK

Söluaðilar: Öll helstu dekkjaverkstæðin á landinu.  
Umboðsaðili: Ice-track ehf. Sími 690 1919

**mtdekk.is**

PPAR/TEWA - SIA - 150085

# Þorrinn nálgast

Gæðavörur á góðu verði fyrir þorrablót og aðrar vetrarveislur

Kertastjaker

Spirttkerti

Dúkar og servíettur

**REKSTRARLAND**

Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olis og er dótturfyrirtæki Oliuverzlunar Íslands hf.

Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

[www.rekstrarland.is](http://www.rekstrarland.is)

# Starfsmenntasjóður BÍ

## Bændur!

Hafið þið kynnt ykkur möguleikana?

Starfandi bændur eiga rétt á styrkjum til endurmenntunar úr Starfsmenntasjóði Bændasamtaka Íslands. Til þess að hljóta styrk þurfa námskeið að tengjast starfs- eða búgreinum umsækjenda eða fagsviði. Námskeið á sviði tölvutækni, tungumála, fjarvinnslu og samskipta eða félagsstarfa eru einnig styrkhæf þótt þau tengist ekki beint starfi umsækjanda.

Reglur og umsóknareyðublöð sjóðsins er að finna á vef Bændasamtakanna, [www.bondi.is](http://www.bondi.is)

Bændasamtök Íslands - Bændahöllinni við Hagatorg - sími 563-0300

Miklar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi yfirdýralæknis síðustu tveimur árum:

# Dýralæknabjónusta er dýravelferðarmál

– það verður að auka aðgengi bænda að dýralæknabjónustu

Um tvö ár eru liðin frá því að Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir tók við embætti. Starfssvið yfirdýralæknis eru dýraheilbrigði og dýravelferð.

Óhætt er að segja að starfsumhverfi yfirdýralæknis hafi tekið nokkrum stakkaskiptum á þessum tíma, en ný lög um velferð dýra tóku gildi fyrir um ári síðan, auk þess sem verkefni búfjáreftirlitsmanna sveitarfélaga voru færð yfir til Matvælastofnunar (MAST) á sama tíma.

### Niðurskurður dýralæknabjónustu byrjar 2011

Halldór Runólfsson hafði gegnt embættinu í um 15 ár á undan Sigurborgu og fékk það verkefni í fangið árið 2011 að taka við alveg nýju skipulagi dýralæknabjónustu, sem fól í sér skerta þjónustu við bændur. Birtingarmynd skerðingarinnar er núna að koma fram, þannig að ekki fást dýralæknar til að þjónusta bændur á Norð-Austurlandi og Mið-Austurlandi miðað við þau kjör sem í boði eru.

„Ég tók til starfa 1. febrúar 2013, en áður starfaði ég sem forstöðumaður Áhættumats- og gæðastjórnunarsviðs hjá MAST. Á því sviði var m.a. fengist við sjúkdóma sem berast milli manna og dýra – svokallaðar „súnur“ – en það eru til dæmis salmonella og fuglaflensa,“ segir Sigurborg. „Meginþungi í starfi mínu sem yfirdýralæknir hefur verið á sviði dýravelferðar – vegna hinna nýju laga um velferð dýra. Samfara þessum nýju lögum urðu breytingar á starfinu, því samhliða var lögum um búfjárhald breytt. Nú eru aðeins ein lög í landinu sem fjalla um líðan dýra. Samhliða voru gerðar breytingar á öðrum lögum, meðal annars um dýralækna, svo hægt væri að koma öllum skyldum málum fyrir á sama stað.“

### Uppstokkun á skipulagi dýrlæknabjónustu

„Í nóvember árið 2011 var skipulagi dýralæknabjónustu í landinu gjörbreytt. Þá var gengið skrefið til fulls; við að skilja að opinbert eftirlit með dýrahaldi og framleiðslu matvæla annars vegar og læknisþjónustuna hins vegar. Áður fyrr var þetta á hendi sama aðila. Það gafst að ýmsu leyti mjög vel því aðgengi bænda að

dýralæknabjónustu var gott, en hafði þann annmarka að það gat komið til hagsmunaárekstra, þannig til dæmis að viðkomandi hefði eftirlit með lyfjanotkuninni en um leið að gefa lyfin og ávísa þeim.

Ég kem heim úr námi 1985 og þá voru hér starfandi 28 héraðsdýralæknar í jafnmörgum umdæmum og á jafnmörgum vaktsvæðum. Líklega hefur það verið skömmu fyrir árið 2000 sem byrjað var að skilja að opinbera eftirlitið og dýralæknabjónustuna. Þá var komið á skipulagi þannig að búin voru til þrjú stór héraðsdýralæknisumdæmi á landsvæðum þar sem ekki var talin þörf á að ríkið styddi við dýralæknabjónustu. Það voru þá Suðurland austur, höfuðborgarsvæðið og Skagafjörður/Eyjafjörður sem voru undanskilin stuðningi við dýralæknabjónustu. Einn héraðsdýralæknir var á viðkomandi svæði í opinberu eftirliti og mátti ekki sinna dýralæknabjónustu við bændur, en með þeim störfuðu eftirlitsdýralæknar. Sjálfstætt starfandi dýralæknar sinntu allri almennri dýralæknabjónustu á þessum svæðum. Á öðrum svæðum landsins voru héraðsdýralæknar áfram í tvöföldu hlutverki og sinntu dýralækningum og eftirliti. Á þessum tíma var þar með búið að fækka héraðsdýralæknum í 14.“

### Strjálbýlum svæðum skipt upp í nýu stuðningssvæði

„Þannig var fyrirkomulagið alveg til í nóvember 2011, en þá var hætt stuðningi við dýralæknisþjónustu í Borgarfirði og landinu öllu var skipt upp í sex umdæmi með samsvarandi fjölda héraðsdýralækna, en enginn þeirra má sinna dýralækningum. Um leið var strjálbýlum svæðum skipt upp í nýu stuðningssvæði – svokölluð þjónustusvæði – og ákveðið að styðja við dýralæknabjónustu á þeim svæðum. Þannig fá dýralæknar þóknun frá ríkinu gegn því að vera á viðkomandi svæði og stunda sínar dýralækningar þar. Á þéttbýlissvæðunum hafa ekki orðið teljandi vandræði með dýralæknabjónustu, nema í Borgarfirðinum, en þar hafa komið upp alvarleg mál.“

### Aðgengi að dýralæknabjónustu í dreifðum byggðum hefur hrakað

Þjónustusvæðin eru níu en ættu



Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir.

að mati Sigurborgar að vera í það minnsta tíu. „Svæði eitt er Snæfellsnes og það hefur alltaf verið þannig. Dalirnir eru áfram eitt svæði og þar hefur Ströndunum verið bætt við, en á árum áður var héraðsdýralæknir á Hólmavík. Svæði þrjú er nú allur Vestfjarðakjálkinn, en áður var Barðaströndin með héraðsdýralækni. Húnavatnssýslurnar eru nú svæði númer fjögur en voru áður tvö svæði, einn á Hvammstanga og annar á Blönduósi. Samtals á þessum svæðum voru áður sjö héraðsdýralæknar en eru nú fjórir. Á landsvæðinu austan Eyjafjarðar og norðan Fáskrúðsfjarðar hafa verið vandræði með dýralæknabjónustu frá því að nýja fyrirkomulaginu var komið á. Áður voru tveir héraðsdýralæknar fyrir Þingeyjarsýslurnar, báðir staðsettir á Húsavík, einn á Þórshöfn og einn

til tveir á Egilsstöðum. Á þessu stóra landsvæði voru þannig alltaf fjórir eða fimm dýralæknar á launum frá ríkinu. Nú er þetta landflæmi sem þekur nær fjórðung landsins orðið að tveimur svæðum. Þrjú svæði eru svo frá Fáskrúðsfirði að Mýrdal, með búsetu dýralækna á Breiðdalsvík, Höfn og Kirkjubæjarklaustri. Af þessum níu þjónustusvæðum, þá hafa fimm af þeim verið stækkuð verulega.

Það verður að segjast eins og er að ýmislegt í þessu skipulagi er ekki eins og best verður á kosið. Fyrir utan vandamálin í Borgarfirðinum og á Norðaustur- og Miðausturlandi, má nefna að í Húnavatnssýslum hefur ekki verið ánægja með þjónustuna. Dýralæknir þar hefur kvartað yfir því að komast hreinlega ekki yfir að sinna þeim dýrafjölda sem þar í þrennt að lágmarki þannig að viðunandi þjónusta sé tryggð. Við höfum óskað eftir því við ráðuneytið að einu þjónustusvæði verði bætt þarna við og við komum því á framfæri á fundum í nóvember síðastliðnum – og skrifuðum svo formlegt bréf í kjölfarið. Við höfum hins vegar ekki fengið svar frá ráðuneytinu enn þá, en ég veit þó að málið er í skoðun þar.

### Tvær stöður á Norðausturlandi auglýstar í þrígang

Árið 2011 var gerður samningur við dýralækna á þessum níu svæðum – til þriggja ára – um að sinna dýralæknabjónustu á svæðunum. „Þessir samningar runnu út síðastliðið haust. Þá var allt auglýst upp á nýtt og svo fór að samningar voru endurnýjaðir hjá öllum til fimm ára, nema á Norð-austurlandi og Miðausturlandi, þ.e. frá Ljósavatnsskarði niður í Fáskrúðsfjörð, en eins og áður sagði er aðeins fjármagn til að greiða fyrir tvo dýralækna. Þetta er gríðarlega umfangsmikið svæði og erfitt yfirferðar, sérstaklega á vetrum. Við stóðum því frammi fyrir því að manna þetta svæði og tókum ákvörðun um að gera það með tilliti til viðbragðstíma dýralæknis, sumsé hversu hratt væri hægt að bregðast við gagnvart sjúkdómum í kúm og hrossum. Því þrátt fyrir allt þá eru það viðkvæmustu skepnurnar

”Það verður að segjast eins og er að ýmislegt í þessu skipulagi er ekki eins og best verður á kosið. Fyrir utan vandamálin í Borgarfirðinum og á Norðaustur- og Mið-austurlandi, má nefna að í Húnavatnssýslum hefur ekki verið ánægja með þjónustuna. Dýralæknir þar hefur kvartað yfir því að komast hreinlega ekki yfir að sinna þeim dýrafjölda sem þar er.

gagnvart sjúkdómum sem krefjast bráðra viðbragða í aðstæðum sem þessum; þegar löng vegalengd er í læknisþjónustu og mikil hætta á ófærð. Minna mál er til dæmis að fara með kind eða gæludýr til dýralæknis en hross eða kýr, þ.e. að því gefnu að ekki sé ófært. Ég mat það þannig að það væri rétt að styrkja dýralækni á þessu svæði sem er búsettur á Vopnafirði; en hann þjónar afskekktasta hluta landsins, Þistilfirði, Langanesi, Bakkafirði og Vopnafirði. Því urðum við að taka helming fjármagnsins af hvoru svæði, fimmtíu prósent frá dýralækninum á Húsavík og fimmtíu prósent frá þeim sem er á Egilsstöðum og freista þess að dýralæknarnir fengjust til að starfa gegn skertri þóknun. Reglugerðin skiptir þessu svæði í tvennt en það er nauðsynlegt að mínu mati að skipta því í þrennt að lágmarki þannig að viðunandi þjónusta sé tryggð. Við höfum óskað eftir því við ráðuneytið að einu þjónustusvæði verði bætt þarna við og við komum því á framfæri á fundum í nóvember síðastliðnum – og skrifuðum svo formlegt bréf í kjölfarið. Við höfum hins vegar ekki fengið svar frá ráðuneytinu enn þá, en ég veit þó að málið er í skoðun þar.

Það hefur svo komið í ljós að það er ekki eftirsóknarvert að sækja um að sinna dýralæknabjónustu fyrir þessi svæði í kringum Húsavík og Egilsstaði gegn skertri þóknun og hef ég fullan skilning á því þar sem skyldurnar á dýralæknunum eru miklar. Frá því að hlutfallið var skert hefur enginn sótt um þær stöður – þrátt fyrir að þær hafi í þrígang verið auglýstar lausar á undanförunum mánuðum. Reyndar féllst dýralæknir á Húsavík á að sinna þjónustu í desember síðastliðnum í þeirri von að varanleg lausn myndist, en frá áramótum er hins vegar engin trygging fyrir þjónustu, hvorki frá Húsavík né Egilsstöðum.

Reyndar eru tveir sjálfstætt starfandi dýralæknar á báðum þessum stöðum, en þeir hafa engar skyldur og geta farið hvenær



„Gömlu reglurnar eru auðvitað enn í fullu gildi, í þeim tilvikum þegar lögin ganga lengra en reglugerðirnar þá gilda lögin því þau eru vitanlega réttthærr. Sem dæmi má nefna að í eldri reglugerðum er gerð krafa um útivist nautgripa, en í lögnum er kveðið á um að þeim sé tryggð beit á sumrin.“

sem er. Þeir á Egilsstöðum tóku sér frí frá miðjum desember og fram yfir áramót og var þá engin dýralæknaþjónusta fyrir svæðið í boði á dagvinnutíma. Þetta er auðvitað ömurlega staða, sérstaklega í ljósi þess að það er lagaleg skylda á dýraeigendum að sjá dýrunum sínum fyrir hjálp og læknisaðstoð, en þeim er gert það ókleift í þessari stöðu.“

#### Vaktsvæðum fækkað um helming

„Vaktsvæðin eru svo annar hlutur, en þau eru 14 talsins en voru þegar best lét 28, vaktsvæðin ná yfir allt landið, jafnt þéttbýli sem dreifbýli. Þá er um að ræða tímann frá klukkan 17 til 08 – og á frídögum. Þá greiðir ríkið dýralæknum fyrir að vera á bakvöktum. Þarna á Norðausturlandi eru vaktsvæðin líka of stór. Eitt vaktsvæði er til dæmis frá Bakkafirði niður aðFáskrúðsfirði. Þetta getur verið mjög erfiitt svæði að fara yfir, Hellsisheiði eystri lokast við fyrstu snjóa og Vopnafjarðarheiði lokast oft auk heiðanna á Austfjörðum. Eins teljast báðar Húnavatnssýslurnar og Skagafjörður vera eitt vaktsvæði, sem er óhemju víðfeðmt, frá Hrutafjarðarboti út í Fljót. Það getur leitt til þess að bændur veigri sér við að kalla í dýralækni og voni að dýrið hafi það af fram að dagvinnu, eða að bændur ná ekki í vakthafandi dýralækni sem getur verið upptekinn í öðrum bráðaútköllum. Þetta ástand er líka ögn við almennt dýraheilbrigði í landinu. Það er mitt mat að dýralæknaþjónustu hafi hrakað verulega í dreifðum byggðum landsins frá því ég kom til landsins árið 1985, en batnað mjög í þéttbýli.

Hluti af því vandamáli sem nú birtist varðandi dýra-læknaþjónustuna er að sú samfélagslega breyting hefur orðið að nú sætta dýralækna­r sig ekki lengur við, í sama mæli og áður, að vera alltaf til staðar. Nú eru konur orðnar stór hluti stéttarinnar og ef þær eru barnshafandi eða eru með ung börn, þá geta þær til dæmis ekki sinnt dýralæknaþjónustu eins og henni var sinnt á árum áður. Ekkert bendir til annars en að meirihluti dýralækna verði konur næstu árin, þar sem mun fleiri konur en karlar útskrifast úr námi. Það þarf því að byggja upp nýtt kerfi með þessar breytingar í huga.

Varanleg lausn við skortinum á dýralæknaþjónustu á áðurnefndum svæðum er ekki að láta bændur hafa sýklalyf til að gefa skepnum sínum. Aðhlynning að sjúkum dýrum felur svo miklu meira í sér. Það eru strangar reglur um afhendingu sýklalyfja og það er ekki að ástæðulausu. Þær eru settar til að takmarka heilbrigðisógnina sem lyfjaónæmi er. Varanleg lausn felst í því að það verður að auka aðgengi bænda að dýralæknaþjónustu.“

#### Ný hugsun með nýjum lögum um velferð dýra

„Við setningu nýrra laga um velferð dýra voru mín fyrstu verkefni í starfi ákvörðuð. Ég hafði setið í nefndinni sem gerði drög að því frumvarpi sem síðar varð að lögum. Lögin tóku gildi 1. janúar 2014 og það þurfti auðvitað að undirbúa þau á árinu 2013 sem lenti á mér og mínu sviði. Svo þurfti að hrinda þessu öllu í framkvæmd í fyrra. Auk nýrra laga þurfti að endurskoða allar reglugerðir sem lutu að velferð dýra, alls átta talsins, og við komum auðvitað að þeirri vinnu. Nú hefur ráðuneytið gefið út þrjár reglugerðir, að afloknu umsagnarferli. Fyrst kom reglugerð um velferð hrossa, nú í haust, og síðan voru reglugerðir um velferð nautgripa annars vegar og sauðfjár og geitfjár hins vegar, gefnar út í desember síðastliðnum. Ég hefði viljað sjá að þetta gengi hraðar fyrir sig, en ég hef skilning á að ekki sé hægt að vinna þetta hraðar, svona mikil endurskoðun krefst tímafrekrar og vandaðrar vinnu.“



Sigurborg nefnir til dæmis að hestahald hafi batnað mikið; öll umhirða og húsakostur.

Sigurborg segir það ekki rétt að segja að það hafi verið réttarfarsleg óvissa frá því lögin tóku gildi, þó að reglugerðir hafi ekki verið tilbúnar um svipað leyti og ný lög tóku gildi. „Þetta gerir okkur þó erfiðar fyrir í einhverjum tilvikum. Gömlu reglurnar eru auðvitað enn í fullu gildi, í þeim tilvikum þegar lögin ganga lengra en reglugerðirnar þá gilda lögin því þau eru vitanlega réttærri. Sem dæmi má nefna að í eldri reglugerðum er gerð krafa um útivist nautgripa, en í lögunum er kveðið á um að þeim sé tryggt beit á sumrin. Reglugerðaákvæðið er mjög opið og því væri hægt að komast af með að setja nautgripina út í gerði og uppfylla þannig ákvæðið. Sama má segja með geldingu grísa. Lögin segja að það eigi að deyfja fyrir skurðaðgerðir þegar grísir eru geldir og að aðeins dýralækna­r megi framkvæma slíka aðgerð. Reglugerðin leyfði að aðrir en dýralækna­r mættu gera það.“ Um tíma síðastliðið vor deildu svínabændur við Sigurborgu um réttmæti þess að þeir geldu grísi sína sjálfir, en þá höfðu þeir fengið tilmæli frá MAST að þeir hættu því. Í kjölfarið lýstu svínabændur því yfir að þeir myndu framvegis eftirláta dýralækni þessa aðgerð. Sigurborg staðfestir nú að þetta hafi gengið eftir og sé rétt.

#### Ágætt samstarf við bændur

„Annars gengur samstarf við bændur bara ágætlega. Ég er að sinna minni vinnu og reyna að gera það af samviskusemi. En maður þarf auðvitað að taka óvinsælar ákvarðanir. Gömlu dýraverndarlögin gáfu stjórnvaldinu svo lítil úrræði. Þá urðu þvinganir eins og til dæmis vörslusviptingar að fara fram í gegnum sýslumann, ef svo má segja, og þá aðeins þegar um mjög svæsin tilfelli var að ræða. Hitt úrræði var að kæra til lögreglunnar, en það var alveg bitlaust tæki. Nýju lögin gefa stjórn­­sýslunni miklu fleiri

úrræði til að þvinga eftirlitsþega til úrbóta ef hann skirrist við að bæta úr. Bændur eru auðvitað matvælaframleiðendur og þurfa þess vegna að lúta sömu skilyrðum og aðrir matvælaframleiðendur – og þeir eru kannski ekki vanir því að líta á sjálfa sig með þeim formerkjum. Við hjá MAST erum eins og mögulegt er að reyna að samræma matvælaeftirlit. Bæði innan hvernar greinar og eins milli greina, þannig að það sé samræmi í opinberu eftirliti. Það má kannski segja að eftirlitið hafi orðið ópersónulegra en áður var. Formlegar skýrslur eru gerðar, kröfur um úrbætur settar fram og gefinn andmælaréttur á grundvelli stjórnsýslulaga. Það er því farið að vinna miklu betur í samræmi við stjórnsýslulög en áður var gert og ég held að bændum finnist þetta vera þeim framandi. Matvælafyrirtækjunum er þetta hins vegar ekki eins framandi. Auðvitað er mikill munur á eftirliti með bændum – einyrkjunum – sem vinna fyrir sitt fjölskyldubú og svo eftirliti með dýrahaldi sem er stórt í sniðum – og rekið af fyrirtæki. Við sem önnumst þetta eftirlit þurfum líka að líta í eigin barm og huga að því að nálgast einyrkjana öðruvísi en fyrirtækið.“

#### Vald er mjög vandmeðfarið

„Það hefur gengið alveg ágætlega, en vald er mjög vandmeðfarið,“ segir Sigurborg spurð um hvernig tekist hafi til með nýfengið vald og aukin þvingunarúrræði gagnvart vanrækslu í dýrahaldi. „Það er auðvitað ekki gripið til róttækra þvingunarúrræða nema eitthvað mikið hafi gengið á. Þá hefur eftirlitsþeginn eða bóndinn haft nokkra fresti til að bæta úr og koma með andmæli. En þá má líka benda á að fyrir marga er orðið andmælaréttur framandi. Ég vil líka segja að kannski hefði mátt standa betur að því að útskýra fyrir bændum þetta vinnulag okkar.

Við vorum búin að útskýra þetta í skrifum í Bændablaðið og á fundum – en ég hefði viljað fara á fleiri fundi, mér hefur alltaf þótt gaman að hitta bændur. Ég sakna þess að hafa ekki haft tíma til að komast í betra samtal við bændur um þessi mál og önnur.“

Í kjölfar nokkurra mála á síðasta ári, þar sem grípa þurfti til róttækra aðgerða gagnvart bændum og þeir sviptir sínu búfé, kom upp gagnrýni á að bæjarnöfn voru birt í fréttum um málið. „Ég skil ósköp vel þá gagnrýni,“ segir Sigurborg. „Það er samt þannig að í landinu er eitthvað sem heitir „upplýsingalög“ og við verðum að fara eftir þeim. Á vegum MAST eru starfandi lögfræðingar sem hafa skoðað þetta og þeir hafa komist að þeirri niðurstöðu að okkur sé ekki stætt á öðru en að láta upplýsingarnar af hendi sé um þær beðið. Hins vegar látum við þessar upplýsingar ekki frá okkur að fyrra bragði, til að mynda í fréttatilkynningum.

Það er alþekkt að oft má rekja vanrækslu við dýr til einhverra veikleika í fólkinu sjálfu – gjarnan er það eitthvað andlegt. Það getur verið margvíslegt; elliglöp, andleg veikindi, alkóhólismi, eiturlyfjafíkn eða eitthvað annað. Svo eru sumir sem bera hreinlega ekki skynbragð á vanræksluna – oft er þá fólkið orðið samdauna því ástandi sem er viðvarandi. Þeir skilja ekkert í því að verið sé að gera eitthvað í málum núna, því þau hafa „alltaf verið svona“.

Það er alltaf ömurlegt að þurfa að koma dýrum til hjálpar með því að lóga þeim, eins og þurfti að gera síðastliðið haust.“

#### Þegar gerðar eru kröfur um úrbætur þarf að bregðast við

Sigurborg segir að almennt megi

segja að bændur umgangist skepnur sínar vel. „Það er þó víða að gera mætti betur. Aðbúnaður dýra hefur batnað á mörgum sviðum. Til dæmis hefur hestahald batnað mikið, öll umhirða og húsakostur, mjólkurkúahald er líka orðið mun betra; öll þessi nýju fjós með legubásum er bylting frá því sem var þegar kýr voru bundnar á bása níu mánuði ársins og gátu ekki hreyft sig.


Núna er meirihluti kúa í lausagöngufjósum, geta farið í mjaltagryfjur og mjaltapjóna og allt það. Enn þá er þó víða pottur brotinn. Það má segja að fleiri dýr hafi það betra nú en höfðu á árum áður.

Á hinn bóginn er líka kominn fram búskapur sem ekki þekktist áður, með miklum fjölda dýra. Hús voru byggð með ákveðnum forsendum, eins og í svina- og alifuglaræktinni, og það er mikið mál að endurinnrétta bása­fyrirkomulag í svinahúsum. Þetta á líka við í alifuglaeldinu, þar sem varphænur eru haldnar í búrum, en í framtíðinni mun slíkt leggjast af. Gyltur eru líka orðnar stærri og básar í mörgum tilvikum orðnir of litlir. Að þessu leyti hafa mál þróast á verri veg. En allt tekur tíma og fyrst þarf að gera sér grein fyrir því að eitthvað sé ekki eins og það á að vera eða nýjar kröfur eru settar með reglum og síðan þarf að vinna að úrbótum. Bændur og þeir sem halda dýr þurfa að átta sig á að þegar gerðar eru kröfur um úrbætur, þá þurfa þeir að bregðast við. Ég ætla að sinna mínu starfi og skyldum í að sjá til þess að lögum og reglum sé fylgt. Aðalatriðið er að dýrunum líði vel, ég er ekki svo kassalaga að ég geti ekki horft í gegnum fingur mér með eitthvað annað sem er ekki alveg í lagi, svo fremi að dýrin líði ekki fyrir það.“

/smh

# Gólfhitakerfi

## Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnaði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



**Hringas ehf.**

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur  
Sími 567 1330 Fax 567 1345 [www.hringas.is](http://www.hringas.is)



# KLAKABRJÓTUR

## RAIKO

# RAIKO.is

## s-8610000



Gamli traktorinn



# Iseki – framleiddur undir ýmsum nöfnum

Japanska fyrirtækið Iseki var stofnað árið 1926 og fyrstu áratuginu framleiddi það ýmiss konar landbúnaðartæki og vélar. Það var þó ekki fyrr en árið 1961 að það hóf framleiðslu á traktorum sem í Japan kallast Iseki en hafa verið seldir undir ýmsum heitum á Vesturlöndum. Hönnun Iseki dráttarvélna tók mið af japönskum landbúnaði þar sem flest býli eru smá og því þörf fyrir litla og lipra traktora. Þrátt fyrir smæðina þóttu vélarnar sterkar og endingargóðar.

### Seldar undir mörgum heitum

Dráttarvélaframleiðendur í Bandaríkjunum hrifust mjög af vélunum og árið 1970 fór Ford að flytja þær inn undir eigin vörumerki og lit. Fljótlega fylgdu framleiðendur eins og AGCO, Bolens, Challenger, International Harvester, Massey Ferguson og White í kjölfarið. Auk þess hafa Landini á Ítalíu og Massey Ferguson í Frakklandi framleitt vélar fyrir Iseki.

Lengi var sjaldgæft að japanskar vélar og landbúnaðartæki væru seld undir eigin vörumerki. Dráttarvélaframleiðandinn White kallaði reyndar vélarnar sem hann flutti inn White Iseki og reyndi því ekki að leynd þá að fullu að vélarnar væru japanskar.



Auknar vinsældir, stærri traktorar

Eftir að vinsældir vélanna jukust á Vesturlöndum stækkuðu þær. Árið 1982 hóf Iseki framleiðslu á dráttarvél fyrir White sem kallaðist 2-75 og var með 75 hestafla díselvél og er stærsti traktorinn sem Iseki hefur framleitt til þessa. Framleiðslu þeirrar vélar var hætt árið 1988. Eftir að AGCO tók yfir White hætti fyrirtækið innflutningi á Iseki dráttarvélum til Bandaríkjanna. Þrátt fyrir að tapa þeim markaði er Iseki stöndugt fyrirtæki og það sá varla högg



á vatni í framleiðslutölum þess. Iseki hefur frá upphafi rekið vélaverksmiðju í Japan og ári 2011 var önnur slík sett á laggirnar í Hubei-héraði í Kína.

### Margar stærðir fánlegar

Í dag framleiðir Iseki margar gerðir af traktorum en mest þó af minni vélum af þeirri stærð sem við sjáum iðulega sem sláttur-traktora í almennings- og stórum gördum.

### Iseki á Íslandi

Í grein í Þjóðviljanum 28. september 1982 segir að Dráttarvélar hf. hafi nýlega fengið umboð fyrir japönsku Iseki vélaverksmiðjurnar, sem framleiða bæði dráttarvélar og margar aðrar bú- og vinnuvélar. Iseki dráttarvélin hefur vakið athygli fyrir fjölþætt notagildi við hin margvíslegustu störf, bæði til sjávar og sveita og eru bæði sparneytnar og öruggar í akstri. Að svo stöddu er ekki vitað um afdrif þessara véla hér á landi en eitthvað hefur selst af þeim því í smáauglýsingum DV 13. apríl 1991 má svo sjá að auglýsandi er að leita sér að Iseki 2160 með fram- og afturskóflu og að aðeins vel meðfarin vél komi til greina.

VH

## Utan úr heimi



Kartöflurækt:

# Saltþolið kartöfluaafbrigði

Hópur hollenskra vísindamanna hefur undanfarið gert tilraunir með ræktun á kartöflum sem þola óvenjulega saltan jarðveg. Tilraunirnar fóru fram á hollensku eyjunni Texel en jarðvegur þar er mjög saltur og því upplagður til að prófa saltþol ræktunarplatna.

Aðstandendur tilraunanna segja að saltþol eins kartöfluaafbrigðisins, spunta, sem var prófað, hafi komið verulega á óvart og að þeir hafi í fyrstu ekki ætlað að trúa hversu mikil uppskeran var. Annað sem kom á óvart var að í stað þess að verða saltar á bragðið hafi bragðið af kartöflunum orðið sætara.

Tilraunirnar hafa aukið vonir manna um að búið sé að finna kartöfluaafbrigði sem rækta megi á svæðum sem áður var ónothæft til matjurtaræktunar. Nokkur tonn af kartöflunum hafa þegar verið send til Pakistan þar sem jarðvegur er víða mjög saltur og tilraunir með ræktun þeirra hafin þar. /VH



# Mannýgt nautgripakyn kennt við nasista

Fyrir nokkrum árum flutti bóndi í Devon á Bretlandseyjum inn nokkra gripi af evrópsku kúakyni sem kallast Heck. Gripirnir þykja einstaklega mannýgir og hefur bóndinn neyðst til að fækka í stofninum.

Kynið er skylt uxum sem gengu villtir í Evrópu fyrir nokkrum öldum. Nafnið Heck er dregið af nafni þýsku Heck-bræðranna, dýrafræðinga, sem þróuðu kynið með kynbótum í upphafi 20. aldar. Hugmyndin mun hafa verið sú að gripirnir líktust

nautgripum goð- og þjóðsagna. Sagan segir að í Þýskalandi nasismans hafi verið hugmyndir um að sleppa gripunum lausum í Evrópu og leyfa veiðar á þeim. Gripirnir, sem eru stórhyrndir og fremur úfnir á að líta, hafa löngum verið kenndir við nasisma vegna uppruna síns og geðslags. Ræktum gripanna gekk vel en að sögn eiganda þeirra réðust þeir á fólk um leið og tækifæri gafst og margir áttu, að hans sögn, fótum sínum fjör að launa ef þeir hættu

sér út á akur þar sem gripirnir voru á beit. Starfsfólk búins var einnig í stöðugri lífshættu þegar það var að sinna gripunum og því ekki um annað að ræða en að sláttra þeim allra mannýgustu. Til að koma sláturgripunum inn í flutningabílinn var fenginn sprettharður ungur maður til að fara inn á akur þar sem gripirnir voru á beit. Þeir eltu hann síðan í geðvonsku sinni og tók maðurinn stefnuna upp á ramp og þaðan inn í flutningabílinn með nautin á eftir sér. /VH

# Benjy hólpinn og rómantík í loftinu

Eins og greint var frá í Bændablaðinu fyrir skömmu átti að sláttra tuddanum Benjy eftir að í ljós kom að hann hafði meiri áhuga á öðrum tuddum en kvígunum sem hann átti að kelfa. Í framhaldi af fréttum um samkynhneigð tuddans fór af stað söfnun til að forða honum frá sláttun og í stað þess að enda sem hamborgari gæti hann eytt ævinni í sveitasælu á athvarfi fyrir dýr. Fyrir nokkrum dögum var Benjy fluttur frá Írlandi á sitt nýja heimili sem heitir Hillside Animal Sanctuary og er í Norfolk á Bretlandi. Sögur herma að rómantíkin hafi blásið við Benjy strax efir að hann kom á nýja heimilið og hitti ársgamlan tudda sem kallast Alex.

VH




# Sparaðu með varmadælu hitun kæling

## SÉRSTAKLEGA FRAMLEIDDAR OG PRÓFAÐAR FYRIR NORÐLÆGAR SLÓÐIR

LG Nordic varmadælnar eru framleiddar sérstaklega fyrir norrænt loftslag. Með því er átt að þær eru byggðar fyrir Norðurslóðir en ekki bara aðlagðar frá Evrópu gerðum. Þetta þýðir þýðir aukin einangrun á hverju hólfi fyrir sig í tækinu sem er utanhúss, sem ver búaðinn fyrir salti, kulda, raka og þar með tæringu sem er helsta vandamálið með varmadælur frá öðrum framleiðendum á Norðurslóðum. Einnig með tvöfaldri pressu (*Twinn Compressor*) öflugum eimsvala (*kondensor*) öflugum af-frysti (*defrost*), einangruðum ackumulator, hitalögnum í botni, silikon áferð á printplötum og fl. sem gera þær fullkomar fyrir Norðurslóðir. Hver gerð er prófuð á Norðurslóðum í að minnsta kosti eitt ár áður en almenn framleiðsla og sala er sett í gang. Norrænu LG NORDIC varmadælnar sem allar eru með kælingu líka, eru þróaðar í nánú samstarfi milli norrænna tæknimanna og sérfræðinga LG ELECTRONICS í Suður Kóreu. Þetta þýðir að LG Nordic varmadælnar geta staðist mikið betur harða norræna vetur, kalt og rakt loftslag með hitastig niður fyrir -25 C°

### FRÁBÆR SPARNAÐUR - LG NORDIC PRESTIGE PLUS: ORKUFLOKKUR A+++

Í síðustu rannsókn varð norræna NORDIC PRESTIGE varmadælan fyrir hönd sænska Energy Agency prófuð af SP Technical Research Institute. Prófin sýndu að LG Nordic Prestige fékk bestu aðaleinkunn sem loft í loft varmadæla hefur nokkurn tíman fengið. Ný gerð sem heitir LG Nordic Plus er bæði orku meiri, ennþá sparneytnari **A+++** og er tilbúinn fyrir WiFi búnað, til þess að þú getir verið fær um að hafa stjórn á hita hvar sem þú ert. Best í flokki hefur því orðið enn betri.



### TILBÚNAR FYRIR WIFI STÝRINGU

Nordic Prestige Plus og Nordic Libero Plus eru báðar tilbúnar fyrir WiFi stýringu. Það þýðir að þú getur auðveldlega keypt WiFi mát, sem síðan er sett undir lok dælunar, og þá sýnilegt. Með WiFi, stjórnar þú varmadælunni einfaldlega í gegnum snjallsímann hvar sem þú ert. Þú getur stjórnað hitastigi, loftstreymi og tímasetningu, hvort sem þú ert í frii eða bara á leiðinni heim úr vinnunni. Frábært, ekki satt?



### FRAMHALD AF FYRRA TEST SIGURVEGARA!

Í síðustu rannsókn varð norræna NORDIC PRESTIGE varmadælan fyrir hönd sænska Energy Agency prófuð af SP Technical Research Institute. Prófin sýndu að LG Nordic Prestige fékk bestu aðaleinkunn sem loft í loft varmadæla hefur nokkurn tíman fengið. Ný gerð sem heitir LG Nordic Plus er bæði orku meiri, ennþá sparneytnari **A+++** og er tilbúinn fyrir WiFi búnað, til þess að þú getir verið fær um að hafa stjórn á hita hvar sem þú ert. Best í flokki hefur því orðið enn betri.



### SÉRSTAKLEGA HLJÓÐLÁT VARMADÆLA

LG Nordic varmadælnar eru sérstaklega lágværar, innan dýra er lágmarks hljóðstyrkur aðeins 25 dB í upphitun (38 / 33 / 25 / 17sleep) sem þýðir að þær eru þær allra hljóðlátustu á markaðnum. Í kælingar aðgerð og sleep er hljóðið aðeins 17 dB sem er það hljóðlátasta sem þekkist.



LG Nordic Artcool CA12 **3,8 kW** við -7°C úti, max 6,0 kW / SCOP 4, kW **kr. 329.000.-** m/Vsk

LG Nordic Libero Plus D09 **3,3 kW** við -7°C úti, max 5,0 kW / SCOP 4,1 kW (*WiFi*) **kr. 239.000.-** m/Vsk

LG Nordic Prestige Plus F09 **4,5 kW** við -7°C úti, max 6,6kW / SCOP 5,2 kW (*WiFi*) **kr. 329.000.-** m/Vsk



LG Nordic Prestige P12 **4,8 kW** við -7°C úti, max 6,8 kW / SCOP 4,6 kW **kr. 349.000.-** m/Vsk

LG Nordic Prestige Plus F12 **4,9 kW** við -7°C úti, max 7,0 kW / SCOP 5,1 kW (*WiFi*) **kr. 379.000.-** m/Vsk

WiFi stýring f. Prestige Plus & Libero Plus **kr. 45.000.-** m/Vsk.

### LOFTTÆKNI EHF

Hvammadal 4 190 Vogar

Sími: 546 9500 Farsími: 892 8030 lofttaekni.is

### Umboðs, uppsetninga og þjónustuaðilar:

Akureyri: Ljósgrjafinn ehf, S: 460-7799

Eskifjörður: Rafkul ehf, S: 822-8567

Vestmannaeyjum: Geisli ehf, sími: 421-4900

Hvolsvöllur: Rafverkstæði Ragnars ehf, S: 487-8022

Patreksfjörður: Vélsmiðjan Logi ehf, S: 456-1245

Vestur & suðvesturland: Ölver Ragnarsson rafvirki, S: 893-3543

# LOFTTÆKNI

## Helstu nytjaplöntur heimsins

# Sætar kartöflur – sætuhnúðar

Vilmundur Hansen  
vilmundur@bondi.is



Í heiminum er að finna um 50.000 plöntur sem teljast ætar. Þrátt fyrir það eru einungis þrjár, hrísgrjón, mais og hveiti, riflega 60% af öllum plöntuafurðum sem fólk borðar.

Neysla á rötargrænmeti eins og rófum, radísum og gulrótum, hefur dregist talsvert saman á Vesturlöndum síðustu áratugin. Þrátt fyrir það er rötargrænmeti í hitabeltinu, yam, taro, kassava, maka og fleiri tegundir, um 20% af samanlagðri fæðu mannkyns og í sumum löndum Afríku hátt í 50% af fæðu íbúanna.

Samkvæmt upplýsingum á vef Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) eru sætar kartöflur í sjöunda sæti yfir þær plöntur sem mest er neytt af í heiminum. Á vefnum segir einnig að auðvelt sé að auka ræktun þeirra og draga þannig verulega úr hungursneyð í mörgum af fátækustu löndum heims.

## Uppruni og útbreiðsla

Þrátt fyrir nafnið eiga sætar kartöflur fátt skylt með venjulegum kartöflum. Kartöflutengingin er því villandi og réttara að kalla þetta rötargrænmeti sætuhnúð eða sætuhnýði.

Uppruni sætuhnúða er í Mið-Ameríku en í dag eru þeir ræktaðir í hitabeltinu um allan heim en mest er neytt af þeim í Suðaustur-Asíu, eyjum Kyrrahafsins og latnesku Ameríku.

Sætuhnúðar eru ekki þekktir í sinni náttúrulegu mynd og því ljóst að plantan hefur verið í ræktun lengi. Fornleifarannsóknir í Mið-Ameríku benda til að hún hafi verið í ræktun í 8.000 til 10.000 ár og það gerir hana að einni elstu plöntu í ræktun sem vitað er um. Það var svo Kólabúsi sem rambaði á eyjar í Karíbahafinu árið 1492 í stað þess að finna siglingaleið til Indlands og sagður hafa fundið Ameríku fyrir vikið, sem flutti nokkrar plöntur með sér til Spánar. Þaðan var plantan flutt til Afríku og Asíu.

Seinna fundust í ræktun sætuhnúðar á nokkrum eyjum í Pólinesíu. Ekki er vitað hvernig þeir bárust þangað en norskir landkönnuðurnir Thor Heyerdahl taldi það sönnun um siglingar milli Suður-Ameríku og eyja í Pólinesíu á reyrbátum löngu fyrr en ætlað er. Kenning Heyerdahl um að menn hafi flutt sætuhnúða yfir Kyrrahafið fyrir tíma landafunda Evrópumanna hefur verið gagnrýnd með þeim rökum að ekkert mæli gegn því að fræ eða rætur hafi getað borist þessa leið með fuglum eða rekavið.

## 30% heimsframleiðslunnar í dýrafóður

Heimsframleiðsla á sætuhnúðum var 106 milljón tonn árið 2011 og er neysla þeirra mest í Asíu.

Af löndum heims rækta Kínverjar yfir 90% allra sætuhnúða og er stærstum hluta framleiðslunnar neytt innanlands. Af öðrum löndum sem framleiða talsvert af sætuhnúðum má nefna Indónesíu, Indland, Víetnam, Afríkuríkin Rúanda og Úganda, auk þess sem einhver framleiðsla er í Suður-Ameríku og Eyjaálfunni.

Talsvert er framleitt af sætuhnúðum í suðurríkjum Bandaríkjanna, Norður-Karólínu, Mississippi, Louisiana og einnig í Kaliforníu. Þrátt fyrir að framleiðsla Bandaríkjanna á sætuhnúðum sé ekki nema um 1% af heimsframleiðslunni og að þeir flytji ekki út nema 7,6%



Nánast allir sætuhnúðar sem fluttir eru til Íslands koma frá Bandaríkjunum.



Appelsínugulir sætuhnúðar eru mýkri og sætari undir tönn eftir suðu en gulir.



Eftir að farið var að skera sætuhnúða í strimla eins og franskar kartöflur margfaldaðist markaðsvirði þeirra.

af sinni framleiðslu eru um 1/3 af sætuhnúðum á heimsmarkaði upprunninn í Bandaríkjunum. Bandaríkin eru því stærsti útflytjandi sætuhnúða í heiminum í dag og eru Kanadamenn, Hollendingar og Bretar stærstu kaupendurnir.

Þegar horft er til nytja á sætuhnúðum er 50% heimsframleiðslunnar borðuð af mannfólki, 30% er nýtt sem dýrafóður, aðallega fyrir svín. Restin er nýtt til að brugga úr áfengi, sem útsæði eða annarra nytja.

Japanir eru allra þjóða iðnastar við að framleiða áfengi úr sætuhnúðum. Vínið kallast shochu

og er 35% af styrkleika.

Samkvæmt upplýsingum frá Bönunum ehf., sem er stærsti innflytjandi sætuhnúða hér á landi, eru nánast allir sætuhnúðar sem þeir flytja inn upprunnir í Bandaríkjunum.

Vinsældir sætuhnúða, sem skornir eru í strimla eins og franskar kartöflur eða flögur, hafa farið ört vaxandi undanfarin misseri og margfaldað markaðshlutdeild og virði þeirra.

## Hitakær planta

Latínuheiti sætuhnúða er Ipomoea batatas og er plantan af vafklukkuætt



Samkvæmt upplýsingum á vef Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) eru sætuhnúðar í sjöunda sæti yfir þær plöntur sem mest er neytt af í heiminum.

en ekki náttskuggaætt eins og kartöflur. Skriðlæg eða klifrandi jurt með dökkgrænum blöðum sem getur ná 3 til 5 metra hæð. Blómin eru hvít eða bleik og lúðurlaga. Rótin er löng forðarót með brúnrauða eða brúnappelsínugula húð en ljós, gul eða appelsínugul að innan. Plantan er fjölær en yfirleitt ræktuð sem einær.

Plantan þrífst best milli 40° norðlægrar og 30° suðlægrar breiddar og upp í 2.500 hæð yfir sjávarmáli. Kjörhitastig við ræktun er 20 °C og má hitastigið helst ekki fara niður fyrir 15° eða upp fyrir 35° á ræktunartímanum.

Plantan gerir litlar kröfur til jarðvegs en þolir illa mikla bleytu. Tilraunir sýna að hnúðarnir dafna best í eilítið súrum jarðvegi, pH 5,5 til 6,5. Sætuhnúðar eru því vel ræktanlegir í þurrum og næringarsnauðum jarðvegi án þess að notaður sé mikill áburður. Þar sem hitastig og loftraki er plöntunni hagstætt er yfirleitt nóg að setja niður græðling eða rót í rakan jarðveg og láta plöntuna vera þar til kemur að uppskeru þremur til sex mánuðum síðar.

Hnýðin geymast vel í jarðvegi í óveðrum og oft ræktuð á svæðum þar sem fellibylir eru algengir sem

varabirgðir falli annar nytjagróður. Annars geymast hnýðin ekki vel eftir að þau eru tekin upp. Talsvert er um að sjúkdómar og meindýr leggist á plönturnar þar sem þær eru ræktaðar í einræktun í stórum stíl.

Þrátt fyrir ótal afbrigði af sætuhnúðum eru þeir sem fást í verslunum aðallega tvenns konar og er annað mýkra en hitt að innan. Mýkra afbrigðið er appelsínugult á litinn, sætara á bragðið og mýkra undir tönn eftir suðu en það ljósgula rammara og harðara undir tönn. Megnið af sætuhnúðum sem framleiddir eru í Bandaríkjunum, og fluttir eru hingað til lands, eru af mýkri og sætari gerðinni.

## Bakaðir í ofni eða soðnir í potti

Sætuhnúðar eru góðir orkugjafar sem innihalda mikið af A- og C-vítamíni og steinefnum. Soðnir og stappaðir hnúðar með eilítlu af kókosolíu eru sagðir prýðilegur og ódýr barnamatur. Blöð plöntunnar má þurrka og nota í te.

Best er að matreiða ljósa eða gula hnúða með suðu en bleika með því að hita þá í ofni.

# Dekkjainnflutningur

**15% afsláttur af öllum dekkjum til 31. janúar 2015**

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.



**Jason ehf.**  
Hafnarstræti 88  
Akureyri

**Vinsamlegast hafið samband við**

Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail [jasondekk@simnet.is](mailto:jasondekk@simnet.is)  
Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124

**Við mælum með**

**FLUKE**

Fluke LVD2



Spennupenni

Fluke 179



Fjölsviðsmælir

Fluke 1587



Fjölsviðsmælir með innbyggðum megger

**NAUST**marine

Miðhelli 4 · 221 Hafnarfirði  
S. 414 8080 · [www.naust.is](http://www.naust.is)

*Bændablaðið kemur næst út 29. janúar*



**Savage Arms**

EIGUM TIL ÚRVAL AF RIFFLUM Á GÓÐU VERÐI



Savage:  
M10-110 Trophy hunter XP cal. 270

ACCUTRIGGER  
ACCUSTOCK

Savage:  
Varmint Lam SS cal. 308

ACCUTRIGGER  
ACCUSTOCK

Savage:  
Mark II FVXP cal. 22

ACCUTRIGGER  
ACCUSTOCK

Savage:  
93R17 TRR-SR cal. 17 HMR

ACCUTRIGGER  
ACCUSTOCK

**Vesturröst**

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - [www.vesturrost.is](http://www.vesturrost.is)

## Óskast til leigu

SFR – stéttarfélag óskar eftir íbúðum og/eða sumarhúsum til leigu fyrir félagsmenn sína sumarið 2015, á sunnanverðum Vestfjörðum og Suðausturlandi.

Einungis fullfrágengið húsnæði í góðu ásigkomulagi kemur til greina, auk þess sem húsnæðið þarf að vera fullbúið húsgögnum og búnaði. Lóðir þurfa einnig að vera fullfrágengnar.

Áhugasamir sendi upplýsingar til Önnu Dóru Þorgeirsdóttur, verkefnastjóra SFR, á netfangið [dora@sfr.is](mailto:dora@sfr.is) fyrir 27. jan. næstkomandi.

Allar almennar upplýsingar verða að koma fram, s.s. verð, almennt ástand eignarinnar, staðsetning, stærð, möguleikar á fjölda gesta, aldur eignar, aðstaða (heitir pottar og slíkt), lýsing á útivistarmöguleikum og afþreyingu í næsta umhverfi, o.s.frv. auk mynda. Öllum tilboðum verður svarað.



STÉTTARFÉLAG  
Í ALMANNAPJÓNUSTU

**DAIKIN**

Loft í loft varmadælur á vaxtarlausum kortalánnum í allt að 6 mánuði meðan birgðir endast\*

**0%**  
**VEXTIR**

Byrjaðu strax að spara orku til húshitunar...

Caldo X25 - 1,0 - 6,6 kW

Caldo X35 - 1,0 - 7,2 kW

Nano X25 - 1,1 - 5,5 kW

Daikin varmadælur eru framleiddar í Evrópu, X línan er hönnuð í Svíþjóð til að standast ströngustu kröfur um afköst og gæði á varmadælum.



19 dBA



**Sími: 517 0270**  
**VERKLAGNIR.IS**

Sérfræðingar í varmadælum!

Smiðjuvegur 70 - 200 Kópavogur  
[www.verklagnir.is](http://www.verklagnir.is) - [info@verklagnir.is](mailto:info@verklagnir.is)

\*Athugið að lántökugjald bætist við. \*\*Miða við heimild í lögum um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupna á varmadælu

# Af degi bláunar nýjum

Vetur og vos, hálka og hlákur, byljir og barningur hafa þrengt að vegfarendum síðan í nóvember. Haustið var milt og stundum blítt, en svo fóru lægðirnar að sækja í sig veðrið. En aftur að sólunni sveigir nú heimskautið kalda og rokur undir Hafnarfjalli, á Þverárfjalli, í Víkurskarði og hvað sem þessir veðurnæmu staðir heita, þær fara að ganga í sig og ökumenn á frónskum vegum þekkja að þrauka þarf þorrann, góu og einmánuð til hörpu og sumarkomu.

Gísli Ólafsson frá Eiríksstöðum kvað:

*Dregur úr Ránar dimmum þyt,  
af degi bláunar nýjum.  
Sveipar gljána silfurlit  
svalur máni í skýjum.*

Síðastliðið vor var kynnt í þessu blaði bænda handverks-sýning í Ártúnum, sem stóð í 17 daga og laðaði að sér 350 gesti, nokkra utan af Skaga, aðra vestan af Akranesi, sunnan af Skeiðum, austan úr Kelduhverfi og fjölmörgum bæjum öðrum. Má ætla Bændablaðið gott til kynningar en veðurguðir létu ekki heldur sitt eftir liggja og blessuð



Sigríður Ólafsdóttir, Ártúnum, að ræða við einn gestanna. Nokkrar myndir Sigríðar eru í baksýn.

sólin gleymdi ekki að skína í Blöndudalinn þessa daga. Húsmóðirin og handverkskonan SÓL tók á móti gestum með kaffi og pönnukökum en börn hennar gengu með gestum um stofur hússins, sýningarsalinn og rifjuð voru upp gömul kynni, ættvísi, sagnir og önnur fræði sem hæfðu stund og stað. Tilefni sýningarinnar var níræðis-



Mörk á Laxárdal, saumuð mynd eftir Sigríði. Gamalt höfuðból í eyðidal, þar sem Sigríður fæddist og foreldrar hennar bjuggu.

afmæli Sigríðar á árinu og vitneskja ættingjanna um myndir hennar og handavinnu sem reyndust mun fleiri og meiri að vöxtum en nokkurn óraði fyrir. Við í Ártúna-fjölskyldunni þökkum þessum gestum góða komu og viljum senda þeim óskir um gott ár og gjöfult til drjúgra verka, hlýrra hugrenninga og góðrar heilsu. **IHJ & GþJ Selfossi.**

# Ljósleiðari um allt land

Í nýársávarpi forsætisráðherra var sagt frá því að á næsta ári ætti að hefja framkvæmdir við ljósleiðaravæðingu alls landsins en það var eitt af þeim stefnumálum sem Framsóknarflokkurinn lagði áherslu á í síðustu kosningum.

Ljósleiðaravæðing alls landsins verður eitt stærsta framfaramál sem ráðist hefur verið í þegar kemur að styrkingu á innviðum og byggðum landsins.

Í aðdraganda síðustu alþingis-kosninga var talsverð umræða um fjarskiptamál á landsbyggðinni. Framsóknarflokkurinn lagði þar höfuðáherslu á mikilvægi ljósleiðaravæðingar í dreifbýli. Í grein sem formaður, varaformaður og þingflokksformaður Framsóknarflokksins skrifuðu í aðdraganda síðustu kosninga sagði:

„Ríkisstjórnin ætti að hafa frumkvæði að því að kalla saman fjarskiptafyrirtækin og leggja áherslu á að nýta Fjarskiptasjóð í slíkt verkefni. Allir fjarskiptaaðilar geta veitt þjónustu á kerfinu. Mikilvægt er að allir landsmenn geti fengið jafna og góða þjónustu á sama verði. Fyrir þessu höfum við framsóknarmenn talað. Með samstarfi allra aðila ásamt sveitarfélögunum væri hægt að ljósleiðaravæða landið á nokkrum árum. Ný heildstæð byggðastefna er nauðsynleg. Framsóknarflokkurinn leggur mikla áherslu á að um hana ríki víðtæk sátt. Við erum fámenn þjóð í stóru landi. Eitt fyrsta skrefið ætti að vera ljósleiðaravæðing alls landsins.“



Ásmundur Einar Daðason.

Frá myndun ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hefur verið unnið eftir þessari sýn.

## 300 milljónir til undirbúnings

Í byggðaaætlun 2014–2017 er sérstaklega fjallað um fjarskiptamál og þar er m.a. lögð áhersla á að vinnuhópur á vegum ríkisstjórnarinnar geri tillögur að fyrirkomulagi faglegs stuðnings við opinbera aðila sem koma að uppbyggingu ljósleiðarakerfa og annarra fjarskiptainnviða. Þessi vinna hefur verið í gangi undir forystu tveggja stjórnarþingmanna og nú á vörþingi er gert ráð fyrir nýrri fjarskiptaaætlun sem mun gera ráð fyrir ljósleiðaravæðingu alls landsins.

Alþingi samþykkti fyrir jól tillögu meirihluta fjárlaganefndar um að veitt verði 300 milljónum til þess að styðja við fyrirhugaða fjarskiptaaætlun og hefja fyrsta áfanga framkvæmda við fyrirhugaða ljósleiðaravæðingu. Þessum fjármunum á að verja í fyrsta áfanga fjarskiptaaætlunar. Aætlunar sem á að setja fram töluleg markmið um ljósleiðaraæðingu og uppbyggingu annarra fjarskipta á næstu árum. Með fjárveitingunni verður hægt að skipuleggja og kortleggja innviðagrunni ljósleiðara, hefja tengingar á ótengdum svæðum auk þess að hringtengja landsvæði o.fl.

Þetta fyrsta skref sýnir að ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar ætlar sér að stíga stórt skref í áttina að því að jafna búsetuskilyrði fólks í dreifbýli og þéttbýli. Það er mikilvægt að allir sitji við sama borð þegar kemur að fjarskiptum og ljósleiðaravæðing gegnir þar lykilhlutverki. Það var ánægjulegt, sem fjárlaganefndarmaður, að taka þátt í því að leggja til við Alþingi að veita fjármunum til þessa verkefnis. Samþykkt Alþingis á þessari fjárveitingu er skýr staðfesting á því að Framsóknarflokkurinn mun líkt og bent var á fyrir síðustu kosningar beita sér fyrir stórefldum fjarskiptum á þessu kjörtímabili.

**Ásmundur Einar Daðason**  
alþingismaður og nefndarmaður í fjárlaganefnd



Matvælastofnun ...frá heilbrigði til hollustu

## Ný reglugerð um velferð sauðfjár og geitfjár: Sauðfjárhald tilkynningaskylt

Út er komin reglugerð um velferð sauðfjár og geitfjár byggð á nýjum lögum um velferð dýra auk laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Eldri reglugerð um aðbúnað og umhirðu sauðfjár og geitfjár fellur þar með úr gildi. Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði alls sauðfjár og geitfjár með góðri meðferð, umsjá og aðbúnaði. Leitast skal við að sauðfé og geitur geti lifað í samræmi við eðlilegt atferli sitt eins og framast er

kostur. Í reglugerðinni koma fram lágmarkskröfur um einstök atriði. Meðal nýmæla má nefna að hver sem ætlar að eignast sauðfé eða geitfé skal tilkynna það til Matvælastofnunar svo tryggt sé að lögbundnar skráningar, merkingar og eftirlit geti hafist. Einnig er kveðið á um að umráðamaður eða sá sem sinnir kindum eða geitum hafi hæfni og þekkingu á þörfum dýranna auk líkamlegrar og andlegrar getu til þess að annast dýrin. Í reglugerðinni eru ákvæði

um að dýralæknum sé einum heimilt að afhorna kindur og geitur þannig að fari inn í sló og gelda karldýr. Skylt er að nota deyfingu við þær aðgerðir og nota skal langverkandi verkjalyf þar sem það á við. Einnig er að finna ákvæði er kveður á um að við þörun skuli varast að æxla saman dýrum sem vitað er að gefa afkvæmi sem valda verulegum burðarerfiðleikum. Í byrjun árs 2023 tekur gildi ákvæði er varðar gólf þar sem málmristar eða málmgrindur eru í stúgólfum. Eftir gildistöku

ákvæðisins skal 40% af gólfpletinum, hið minnsta, vera með legusvæði úr timbri eða öðru efni með samsvarandi eða minni varmaleiðni en timbur. Skerpt er á nokkrum ákvæðum frá eldri reglugerð s.s. að fé sem haldið er úti yfir vetur skal haft í fjárheldum girðingum þannig að eftirlit sé framkvæmanlegt fram yfir sauðburð, öllu sauðfé og geitfé skal tryggt nægilegt húsaskjól að vetrarlagi og skal á hverjum tíma vera hægt að sýna fram á að slíkt rými sé til staðar

fyrir vetrarfóðraðar kindur. Einnig er skerpt á því að sauðfé og geitum skal tryggður aðgangur að nægu vatni í húsum á meðan þau eru á innistöðu. Með reglugerðinni eru tveir viðaukar, sá fyrri fjallar um lágmarksstærðir húsa, innréttinga og búnaðar en sá seinni tilgreinir hvernig eigi að meta holdafar og hjálpar þannig við að meta fóðurástand gripa. **Einar Kári Magnússon,** dýraeftirlitsmaður.



## Ný reglugerð um velferð nautgripa: Básafjós munu heyra sögunni til

Út er komin reglugerð um velferð nautgripa byggð á nýjum lögum um velferð dýra auk laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Fjölmörg nýmæli eru í reglugerðinni, þar á meðal að leggja skuli af básahald nautgripa innan 20 ára og að öll ný fjós skuli vera lausagöngufjós. Bændum er gert að koma upp sérstökum burðarstíum innan 10 ára. Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði nautgripa með góðri meðferð, umsjá og aðbúnaði. Í anda hinna nýju laga um dýravelferð er sérstaklega tekið fram að leitast skuli við að nautgripir geti lifað í samræmi við sitt eðlilega atferli eins og framast er kostur. Þá er undirstrikað að reglugerðin

tilgreinir lágmarkskröfur um einstök atriði og þannig gert ráð fyrir að bændur gefi sjálfir út leiðbeiningar um góða búskaparhætti, þ.e. gefi út lýsingu á fyrirmyndarbúskap. Tæplega helmingur kúa á Íslandi eru haldnar í básafjósum og því er sérstaklega tiltekið í reglugerðinni að þær skuli geta óhindrað lagst niður, legið eðlilega, risið á fætur, staðið, hreyft sig og sleikt, auk þess sem básarnir skuli uppfylla mál sem tilgreind eru í sérstökum viðauka reglugerðarinnar. Nýmæli er að gerð er krafa um sérstaka þekkingu nautgripabænda, annaðhvort í formi náms eða reynslu af kúabúskap og bændur eiga að venja nautgripa við umgengni við menn, bæði utan- og innandyr. Sérstök áhersla er lögð á

slysavarnir og sjúkdómavarnir, varðandi móttöku og afhendingu dýra sem aðfanga og aðgengi þjónustuaðila og gesta. Annað dýrahald með nautgripum er rýmkað frá fyrri reglum, en þó verður áfram óheimilt að halda önnur klaufdýr með nautgripum þannig að bein snerting á milli þeirra eða saurmengun geti átt sér stað. Slysavörnum eru gerð skil og taka til tækja, búnaðar, viðhalds og möguleika til rýmingar, auk vinnulags svo sem við tæmingu haughúsa. Með reglugerðinni eru viðaukar, einn sem tilgreinir hvernig eigi að



meta holdafar og hjálpar þannig við að meta fóðurástand gripa. Annar viðauki er um hvernig eigi að skjóta nautgripa, auk þess sem tiltekin grein í reglugerðinni fjallar um hvernig megi aflífa nautgrip heima á bæ. Þetta er til mikilla bóta og kemur í veg fyrir rangt vinnulag við aflifun. Einnig er bændum nú skylt að tilkynna Matvælastofnun ef þeir aflífa nautgrip vegna slyss eða alvarlegra

veikinda og læknismeðferð er ekki möguleg. Þetta er mikilvægt því héraðsdýralæknir þarf að meta hvort taka eigi sýni til greiningar eða ekki, auk þess sem yfirlit fæst um neyðaraflífun nautgripa og þannig gæti það stuðlað að uppgötvun sjúkdóma eða ástands sem hægt væri að bregðast við. **Sigurborg Daðadóttir,** yfirdýralæknir.



# DEUTZ-FAHR Agrofarm 420 TTV

**Deutz Fahr Agrofarm 420 TTV með STOLL FZ-10 ámoksturstækjum  
- Ein þægilegasta tækjavél sem völ er á.**

- 99 ha, 4 lítra, 4 strokka Deutz mótör með forþjöppu og millikæli
- Stiglaus skipting frá SDF - engir gírar, aldrei að kúpla
- Skriðstillir (Cruise Control)
- Kúplingsfrír vengir með stillanlegu átaki.
- Rúmgott 4 pósta hús með topplúgu.
- Loftþúða fjöðrun á öikumannssæti
- Farþegasæti
- 93 lítra vökvadæla og sér dæla fyrir stýri
- 3 tvöföld vökváurtök (6 stútar), rafstýrð

- Útskjótanlegur dráttarkrókur
- 5.300 kg. lyftigeta á þríþengi. Rafstýrt beisli.
- 100% driflæsing að framan og aftan.
- ASM drifstýring, slær út driflæingu og 4WD við ákv. hraða og beygju
- 3 hraða aflúrtak 540/540E/1000
- Sjálfvirk aflúrtak, slekkur á sér þegar beisli er lyft
- Michelin flotdekk, 480/65R24 að framan, 540/65R34 að aftan.
- STOLL FZ10 ámoksturstækki, með servo stýringu, 3. sviði og dempun



## Við hefjum nýtt ár með krafti:

Með öllum nýjum dráttarvélum sem við seljum með STOLL ámoksturstækjum í janúar fylgir glæsilegur kaupauki:

**STOLL baggagreip að andvirði 312.000 kr.\***

\*Verð með vsk.

Sölumenn okkar eru sammála um að þetta sé skemmtilegasta ámoksturstækjavél sem þeir hafa prófað. Hafið samband og kynnist þessum einstaka traktor hjá okkur. Sölumenn okkar á Krókhálsi 16 í Reykjavík eða á Lónsbakka á Akureyri taka vel á móti ykkur.



ÞÓR HF | Reykjavík: Krókhálsi 16 | Sími 568-1500 | Akureyri: Lónsbakka | Sími 568-1555 | www.thor.is

GLER RENNIHURÐIR Á FRÁBÆRU VERÐI

*Bændablaðið*  
*Smáauglýsingar 56-30-300*

## Staðfesting um breytingu á verðskrá

Samkvæmt staðfestingu frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti frá 21. nóvember 2014 er Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) heimilt að innheimta að hámarki kr. 6000,- auk vsk fyrir vinnu við sérfræðistörf sem falla undir búnaðarlög, sbr. 7. gr. búnaðarlagasamnings dags. 28. september 2012 og 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga. Heimildin tók gildi þann 1. janúar 2015.

Verðskrána má nálgast á vef rml [www.rml.is](http://www.rml.is)



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins  
Sími 516 5000  
[www.rml.is](http://www.rml.is)



Nú um áramótin hætti Landbúnaðarháskóli Íslands útseldum þjónustuefnagreiningum á jarðvegi, heyi og öðru fóðri og mun skólinn í framtíðinni aðeins sinna efnagreiningum fyrir sín eigin rannsóknarverkefni.

Bændum er því bent á að leita til RML með þessa þjónustu en undanfarið hefur ráðgjafarmiðstöðin annast tengsl við erlenda aðila sem annast þjónustuefnagreiningar fyrir bændur.

Enn fremur er bent á að á Hvanneyri er í undirbúningi stofnun einkarekinnar rannsóknarstofu, Seyla ehf., sem taka mun upp þráðinn með þessa þjónustu síðar á árinu.



## Fróðleiksbásinn

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur



# Kíví – loðið, ljúft og laglegt

Víða í skógum, kjarrlendi og fjalladölum Kínaveidis má rekast á sérkennilega og snotra vafningsviði sem hlykkjast upp eftir trjástofnum og breiða sig út í trjákrónum gestgjafanna. Flestir hafa þeir gljáandi leðurkennd, hjartalaga laufblöð og skrautleg blóm með sex krónublöðum, nokkur saman í klössum.

Plönturnar eru það sem kallað er „sérbylisjurtir“, þ.e. að ýmist eru plönturnar karlkyns eða kvenkyns. Þær fella lauf á haustin og laufgast aftur á vorin. Blómin eru einkar sérkennileg fyrir það, að út frá þykkum kólfi í miðju þeirra standa fræflar eða frævur í geislamynstri líkt og við þekkjum frá „carmen-rúllunum“ sem allar tilhaldskonur þekktu í eina tíð fyrir ekki svo mörgum áratugum. Af þessu geislamynstri dregur ættkvíslin nafn sitt og kallast Actindia á fræðimálinu. Íslenska heiti ættkvíslarinnar, fléttur, er hvorki sérlega frumlegt né lýsandi og virðist vera vitnisburður um tímahrak þýðenda grasafraði- og garðyrkjubóka. En það verður að duga þar til betri uppástunga kemur fram. Geislaflétta gæti gengið en er of stírt í samsetningum.

## Fimmtíu tegundir

Til ættkvíslarinnar Actindia teljast rúmlega fimmtíu tegundir, allar dreifðar um austurhluta Mið-Asíu. Frá fornu fari hafa nokkrar þeirra verið ræktaðar. Ýmist vegna skrautlegra blaða líkt og kattafléttan eða kameljónafléttan, Actindia kolomikta, eða vegna berjanna eins og t.d. broddfléttan, Actindia arguta, sem á ensku kallast „chinese gooseberry“ en á nágrannamálum okkar „stíkilsberja-kíví“ eða „míní-kíví“. En síðast en ekki síst er kívífléttan – kívíberin – sem nú kallast Actindia deliciosa eftir að fræðimenn gáfu henni sjálfstæði frá þeirri síðasttöldu. Við nánari rannsókn á síðari árum hefur nefnilega komið í ljós að hún mun vera „ræktunartegund“ sem orðin er til eftir kynblöndun annarra tegunda á þeim nokkur þúsund árum sem hún hefur verið í ræktun. Hún hefur ekki dreift sér út af sjálfsdáðum og þarf aðhlynningu manna til að komast á legg.

Allar tegundirnar eru sérbylisjurtir og því þarf bæði



Kíví – berin þroskuð.



karl- og kvenplöntur til að blómin frjóvgist og plönturnar þroski berin. Lögun og stærð berjanna getur verið mismunandi eftir tegundum. Sumar tegundanna þroska ber að stærð og lögun eins og stíkilsber. Hjá öðrum eru þau líkt og fingur að lengd og gildleika. En þær tvær tegundir sem einkum eru ræktaðar vegna berjanna þroska nokkuð stór, flateggjalaða ber á stærð við andaregg. Gullkíví er beinn afkomandi broddfléttunnar og eru gul í gegn og með hárlausu hýði. Þau eru sjaldséð í verslunum langt frá ræktunarlöndunum. En hin eiginlegu kívíber eða kívíaldin eru nokkuð bosmameiri, móloðin að utan en að innan með fallega

grænu og safaríku aldinkjöti. Um þau fjallar afgangurinn af þessum pistli.

## Nýsjálensk kennslukona og tveir karlar

Lítið hafði heimurinn heyrt um „kínversku stíkilsberin“ fram yfir aldamótin 1900. En þá bar það við að nýsjálensk kennslukona, Mary Isabel Fraser að nafni, kom með nokkur fræ heim með sér eftir að hafa heimsótt vinkonu sína á kristniboðsstöð í bænum Yichang við Gulafljót í Kína árið 1904. Fræjunum kom hún til nágranna síns, Alexander Allison, sem var bóndi með brennandi áhuga á sjaldsæðum nytjaplöntum. Alexander tókst vel til og fékk fyrstu „kínversku stíkilsberin“ um 1910. Tíu árum seinna hafði hann valið úr nokkrar góðar plöntur sem hann seldi til gróðrarstöðva vítt um kring. En um þessar mundir vaknaði áhugi Nýsjálendinga á að finna heppilegar tegundir ávaxta sem hentuðu nýsjálensku loftslagi og gætu orðið undirstaða fyrir ávaxtarækt

í stórum stíl. Þá kom til sögunnar garðyrkjumaðurinn Hayward Wright. Hann víxlfrjóvgaði fram og aftur þann efnivið sem Mary Isabel hafði upphaflega komið með frá Kína. Að lokum hafði hann fengið fram yrki sem stóðst flestar væntingar. Það var hraust og kröftugt, var auðræktað og skilaði stórum berjum sem þöldu langa geymslu og flutning um langan veg. Þetta yrki kynnti hann stoltur á sýningu 1956. Og það var ekki að sökum að spyrja. Til heiðurs honum var það nefnt 'Hayward' og var lengi vel eina yrkið sem hentaði í stórræktun og útflutning til annarra landa. En fyrst í stað stóð samt „Chinese Gooseberry HAYWARD“ á merkimiðanum.

## Nýtt nafn – nýir tímar og þjóðarfuglinn

En þetta gamla enska nafn þótti ekki hentugt þegar ljóst varð að ávöxturinn var á hraðri leið út á heimsmarkaðinn. Nokkrar uppástungur höfðu komið fram, en árið 1959 var ákveðið að tengja þennan ávöxt endanlega við Nýja-Sjáland með því að gefa honum nafn nýsjálenska þjóðarfuglsins kíví. Þar þóttu líkindin líka góð hvað varðaði sköpulag og áferð. Hinn kubbbslegi kívífugl með sitt móloðna yfirbragð fékk því að ljá honum nafn sitt. Upphaflega var þó varlega farið í sakirnar og ávöxturinn látinn heita „kiwifruit“. En fyrr en varði var það nafn einfaldlega stýtt í „KIWI“ og það nafn er nú notað um allan heim eða því sem næst. Á íslensku höfum við þó einfalt vaff í nafninu.

## Framvinda og heimsverslun nú

Eftir að kíví varð ein aðalútflutningsvara Nýsjálendinga komu fram mun fleiri yrki sem þöldu flutningsshnjask og langa geymslu. Og Nýsjálendingar voru lengi vel einir um hituna. Meginuppskera hjá þeim er á haustmánuðum Suðurhvels, þ.e. í apríl. En ekki leið á löngu þar til farið var að rækta kíví í fleiri löndum þar sem loftslag hentar til þess. Ítalía, Chile, Brasilía og Ástralía eru nú þau lönd sem kívíráktun er mikil.

Nú orðið hefur Ítalía tekið

forystuna í kívíráktuninni og nýtur þess að uppskerutíminn þar er á haustmánuðum Norðurhvels, þannig að þeir eiga vetrarmarkaðinn hér á Vesturlöndum. Þannig má reikna með að þau kívíaldin sem við kaupum á veturna komi frá Ítalíu en á sumarmarkaði fáum við þau frá Nýja-Sjálandi. Til að þrífast þurfa plönturnar vel framræstan, frjóan jarðveg. Skjól fyrir vindum og nægan jarðraka árið um kring. Og síðast en ekki síst góða vörn gegn frosti.

## Ræktun hér á norðurslóðum

Nokkuð er um að garðeigendur í nágrannalöndunum reyni sig við ræktun á kívíplöntum. Komið hafa fram yrki sem beinlínis eru ætluð til þess. Jafnframt hafa þróast yrki sem eru tvíkynja og geta frjóvgast af eigin frjódufti. Kívíplöntur hafa jafnvel fengist hér í garðplöntuverslunum á vorin. Í þeim tilvikum er undantekningarlaust, má telja, tvíkynja plöntur. En ef við ætlum sjálf að rækta kíví, þarf sú ræktun að fara fram í frostlausum gróðurhúsum. Plönturnar þurfa mikið rými, hver planta þarf að minnsta kosti þriggja til fjögurra fermetra vaxtarrými á vegg og þræði til að vefja sig upp eftir. Og þá gildir einu hvort við erum með hina eiginlegu, berjastóru kívíflétu ellegar þær tegundir sem nágrannar okkar kalla „míní-kíví“. Hvort heldur sem er, þurfum við gróðurhús til að dæmið gangi upp. Engin tegundanna þolir vetraralagið hér utandyra.

Á síðustu árum hefur samt verið lögð nokkur vinna í það, í löndunum sem næst okkur eru, að fá fram harðgerðari yrki sem geta staðið af sér frostkalda umhleyppingavetur og skilað af sér árlegri uppskeru úti í góðrum. Svo við verðum bara að bíða þolinmóð. Sumir hafa sáð fræjunum innan úr kívíberjum að gamni sínu. Fræin spíra vel og plönturnar komast á legg en það tekur þær fimm til tíu ár að verða kynþroska. Og til að von sé um að þær skili berjum verðum við að muna að það þarf tvo til, karlplöntu og kvenplöntu, svo við þurfum mikla þolinmæði og gott pláss til að bíða eftir árangrinum.

## Kívíberið sjálft eins og við þekkjum það

Að utan móloðið. Að innan með grænu, sætsúru aldinkjöti og svörtum fræjum sem geislast í hring út frá kólflaga miðju séð horft á það þverskorið. Berin eftirþroskast þegar búið er að tína þau af plöntunni og það þarf að geyma þau í kæli við ákveðnar aðstæður til að þau endist lengi á lager. Séu kæliaðstæður góðar geymast þau í fjóra til fimm mánuði. En inni í stofuhita ofþroskast þau á fimm til sex dögum og verða þá fremur ólustug. Fyrir notkun þarf að afhýða þau. Í hýðinu eru efni sem geta valdið ofnæmisgjörnum nokkrum vandræðum. Kívíber eru afar auðug af C-vítamini og öðrum næringarefnum. Einnig innihalda þau efni sem brjóta niður eggjahvítu. Því eru þau oft notuð til að meyra kjöt. Þessi meyringarefni valda því að ekki er hægt að nota kíví í hleyptar sultur eða rétti þar sem matarlím kemur við sögu. Kíví er gott sem mauk saman við skyr eða jógúrt. Það má nota það sem tertuskaut. Og svo auðvitað eins og það kemur fyrir og maður moki því upp í sig með teskeið innan úr hýðinu.



Kíví – kvenplöntur í blóma.

**Kränzle** [www.buvis.is](http://www.buvis.is) TRAUST OG GÆÐI VELDU BÆÐI  
Verið velkomin á vefsíðu okkar

# HÁGÆÐA ÞÝSKAR HÁPRÝSTIDÆLUR

## TIL SMÆRRI OG STÆRRI VERKA



**Profi 195 TST**  
Hámarksprýstingur 195 bar  
Vinnuþrýstingur 10-170 bar  
Vatnsmagn 8 l/min  
220 volt, 3,2 kw  
Kr. **169.000,-** án vsk.



**Quadro 1000**  
Hámarksprýstingur 250 bar  
Vinnuþrýstingur 30-220 bar  
Vatnsmagn 15,5 l/min  
Vatnstankur 16 l  
400 volt, 5,5 kw  
Kr. **289.600,-** án vsk.



**1152 TST**  
Hámarksprýstingur 150 bar  
Vinnuþrýstingur 10-130 bar  
Vatnsmagn 10 l/min  
220 volt, 2,8 kw  
Kr. **99.900,-** án vsk.



**HD10/122**  
Hámarksprýstingur 135 bar  
Vinnuþrýstingur 10-120 bar  
Vatnsmagn 10 l/min  
220 volt, 2,5 kw  
Kr. **69.950,-** án vsk.

**Búvís** Akureyri  
Akureyri | Sími 465 1332

## Vantar þig aðstoð við val á hentugum áburðartegundum?

Við veitum óháða ráðgjöf



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins  
Sími 516 5000  
[www.rml.is](http://www.rml.is)



## Fundur með formanni BÍ

Mánudaginn 19. janúar kl. 20.30

í fundarsal í Búgarði.

Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ ræðir um félagskerfi landbúnaðarins og það sem er efst á baugi í málefnum bænda.



BÚNAÐARSAMBAND  
EYJAFJARÐAR

## Rými - Lipurð - Þægindi



KUBOTA M108s

### Ein bestu dráttarvélakaupin í dag

Í KUBOTA M108s sameinast tveir eftirsóknarverðir kostir, einfaldleiki og gæði. Vélin er laus við óþarfa rafmagnsbúnað en hefur þó allt það sem þýða skal alhliða dráttarvél. Það eru fáar dráttarvélar sem standast KUBOTA vélunum snúning þegar kemur að lipurð og beygjuradiús, enda er beygjuradiús KUBOTA M108s vélarinnar einungis 4,7 m. KUBOTA M108s skilar aflinu mjög vel og þeir bændur á Íslandi sem eiga M108s eru allir sammála um það að olíueyðslan sé ótrúlega lág. Allt þetta og meira til er sönnun þess að það er leit að betri dráttarvélakaupum á Íslandi í dag.



### Við hefjum nýtt ár með krafti:

Með öllum nýjum dráttarvélum sem við seljum með STOLL ámoksturstækjum í janúar fylgir glæsilegur kaupuki:

**STOLL baggagrip að andvirði 312.000 kr.\***

\*Verð með vsk.



**Reykjavík:**  
Krókháls 16  
110 Reykjavík  
Sími 568-1500

**Akureyri:**  
Lónsbakka  
601 Akureyri  
Sími 568-1555

**Vefsíða:**  
[www.thor.is](http://www.thor.is)



## Frí heimsending í janúar á 50 myndum eða fleirum

|            |             |
|------------|-------------|
| 1-50       | 45 kr. stk. |
| 51-100     | 40 kr. stk. |
| 101-300    | 35 kr. stk. |
| 301-500    | 30 kr. stk. |
| 501 og fl. | 25 kr. stk. |

[www.framkollunarthjonustan.is](http://www.framkollunarthjonustan.is)

**Sendu í netframköllun**

Framköllunarþjónustan ehf. Borgarnesi

[framkollun@simnet.is](mailto:framkollun@simnet.is)

[facebook.com/framkollun](https://facebook.com/framkollun) Sími 437-1055

## Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir starf garðyrkjuráðunautar

Garðyrkjuráðunautur mun veita alhliða og markvissa ráðgjöf í garðyrkju og ylrækt með það að markmiði að stuðla að aukinni framleiðni, hagkvæmni og eflingu þessarar mikilvægu greinar landbúnaðarins. Við leitum eftir einstakling sem hefur mikinn áhuga á garðyrkju og er tilbúinn til þess að setja sig vel inn í starfsumhverfi greinarinnar. Ráðningin er til eins árs en með möguleika á framlengingu.

### Ábyrgðarsvið

- Markviss fagráðgjöf og þróunarstarf fyrir framleiðendur í ylrækt og garðyrkju.
- Uppbygging ráðgjafar á sviði garðyrkju
- Þverfaglegt samstarf við ráðunauta á öðrum fagsviðum RML.
- Hugmyndavinna, nýjungar og mat á viðskiptahugmyndum.
- Vinnur að þróun og sölu á ráðgjöf á landsvísu.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í garðyrkju/búvísindum/líffræði.
- Reynsla og þekking á ráðgjafarstörfum er æskileg
- Metnaður, frumkvæði og leiðtogaþæfileikar.
- Samviskusemi, skipulögð vinnubrögð og góð hæfni í mannlegum samskiptum.

Áhugasömum er bent á að sækja um á heimasíðu RML [WWW.rml.is](http://WWW.rml.is), ekki seinna en 1. febrúar næstkomandi.

Nánari upplýsingar gefur Berglind Ósk Óðinsdóttir starfsmannastjóri RML [boo@rml.is](mailto:boo@rml.is).

Umsóknnum skulu fylgja upplýsingar um menntun og starfsferil umsækjanda ásamt upplýsingum um umsagnaraðila.



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins  
Sími 516 5000  
[www.rml.is](http://www.rml.is)



# Ekki gera ekki neitt

**Dr. Ólafur R. Dýrmundsson, fyrrverandi ráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands, ritaði grein í síðasta tölublað Bændablaðsins, sem bar heitið „Verndum íslensku mjólkurkúna og framleiðslu mjólkur á fjölskyldubúum“.**

Þar sem Ólafur lét af störfum hjá Bændasamtökum Íslands um síðustu áramót, vil ég þakka honum fyrir samstarfið innan samtaka bænda á undanförnum árum og óska honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

### Stóraukin eftirspurn

Nautgriparæktin á Íslandi stendur um þessar mundir á mestu tímamótum í áratugi. Því veldur einkanlega mjög mikil aukning eftirspurnar eftir nautgripaafurðum; bæði mjólk og kjöti. Á skömmum tíma hefur greiðslumark mjólkur verið aukið um 24 milljónir lítra, úr 116 milljónum í 140 milljónir lítra á yfirstandandi ári. Innlend framleiðsla nautgripakjöts var tæplega 3.500 tonn og selst allt það kjöt jafnharðan. Það skal ítrekað að hér er um að ræða 3.500 tonn af skrokkum. Því til viðbótar voru flutt inn á síðasta ári yfir 1.000 tonn af nautgripakjöti; án beina. Verðmæti þessa innflutnings var hátt í einn milljarður króna. Vitanlega er misjafnlega mikið flutt inn af einstaka skrokkhlutum, en almennt má gera ráð fyrir að nýtanlegar afurðir séu um 60% af fallþunganum. Til að fá 1.000 tonn af kjöti þarf því tæplega 1.700 tonn af skrokkum. Það er því ekki fjarri lagi að nautakjötsmarkaðurinn hér á landi sé um 5.200 tonn ár



Baldur Helgi Benjamínsson

hvert. Til samanburðar má benda á að heildarsala kindakjöts á innanlandsmarkaði er um 6.200 tonn á ári.

Ein af meginröksemdunum fyrir þeirri starfsumgjörð sem landbúnaði er sköpuð hér á landi, er að innanlandsmarkaði sé sinnt í öllum meginatriðum. Óþarfi er að rekja í löngu máli, hvaða áhrif smávægilegir hnökrar á því hafa haft. En það er ekki nóg að uppfylla þarfir markaðarins; framleiðslan þarf líka að gefa afkomu fyrir bændur. Að öðrum kosti leggst hún af. Það er í þessu ljósi sem Landssamband kúabænda hefur unnið að því samfleytt í rúmlega fimm ár, að bændum standi til boða öflugri og hagkvæmari kjötframleiðslugripir en raunin er í dag. Í því verkefni hafa fáir aðrir lagt hönd á plóg. Heildarhagsmunir

landbúnaðarins felast því í að sinna innlendum markaði með hagkvæmri, innlendri framleiðslu.

### Öflugar smitvarnir

Tryggjar smitvarnir eru lykilatriði í innflutningi á erfðaefti búfjár; gildir þá einu hvort um er að ræða innflutning á holdanautasæði, svínasæði, lifandi minkum eða frjóvguðum eggjum. Því fékk Landssamband kúabænda Veterínærinstituttet í Noregi til að vinna vandað og mjög ítarlegt áhættumat vegna innflutnings á nautgripasæði frá Noregi til Íslands. Niðurstaða þess er sú, að í langflestum tilfellum er sjúkdómaáhætta ekki til staðar, þar sem viðkomandi sjúkdóma hefur ekki orðið vart, ýmist aldrei eða þá ekki svo árum eða áratugum skiptir. Í þeim tilfellum þar sem áhætta er til staðar, er hún í öllum tilfellum metin hverfandi lítil. Þá kemur Landssamband kúabænda að vinnu við mótun á sóttvarnareglum vegna innflutnings á holdanautasæði, ásamt Matvælastofnun og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði. Þar mætti horfa til þeirra krafna sem Nýsjálendingar gera til innflutnings á t.d. nautgripasæði. Það er að mínu mati villandi málflutningur sem kemur fram í forsiðufrétt síðasta Bændablaðs að innflutningur á búfé til Nýja-Sjálands sé „nánast bannaður“. Til landsins eru fluttir fósturvísar og sæði, að uppfylltum ítarlegum skilyrðum.

### Virk stofnstærð 63 gripir

Ólafi verður í grein sinni nokkuð

tíðrætt um „eyðingu erfðaeftnis“. Það hugtak er notað í allvíðu samhengi; allt frá því að taka til einstakra erfðavísa yfir heilu dýrategundirnar. Hér á landi hefur í áratugi verið unnið kerfisbundið að því að eyða „hyrnda“ erfðavísinum út úr íslenska kúastofninum, með því að taka ekki inn á nautastöð kálfa undan hyrndum kúm. Sama gildir um erfðavísa sem valda síðu júgri, útstæðum spenum eða hvaða öðrum eiginleikum sem óæskilegir teljast í nútíma mjólkurframleiðslu; unnið er markvísst að útrýmingu þeirra.

Í Landsáætlun erfðanefndar landbúnaðarins 2014–2018 kemur fram, að virk stofnstærð íslenska kúastofnsins hafi fallið úr 115 gripum árin 2000–2005, niður í 63 árin 2005–2010. Þessi hefur þróunin orðið, þrátt fyrir að talsvert hafi verið gert til að halda aftur af aukningu skyldleikaræktar á þeim 40 árum, sem núverandi kynbótaskipulag íslenska kúastofnsins hefur verið í gildi. Innan fárra ára verður stofninn því kominn á svipaðar slóðir og kúastofnarnir Holstein og Jersey, þar sem virk stofnstærð er á bilinu 40–50 gripir.

Ólafur leggur einnig til í grein sinni, að nautgripabændur setji kíkinn fyrir blinda augað þegar kemur að göllum íslenska stofnsins og þeim takmörkunum sem stofnstærðin setur mögulegum framförum í kynbótum. Það getur auðvitað verið notalegt um stund að koma sér hjá því að ræða það sem manni þykir óþægilegt, en á endanum verður ekki hjá því komist. Sú bylting sem er að eiga sér stað í kynbótastarfi nágrannanýjóðanna með kyngreindu sæði, úrvali á grunni erfðamarka o.s.frv. er efni í aðra grein. Íslenska ríkið undirgekkst sáttmála um líffræðilega fjölbreytni fyrir tæplega aldarfjórðungi, því leiðir af eðli máls að á herðum þess hvílir að vinna verndaráætlun fyrir íslensku búfjárkynin.

### Bústærðin fimmfaldast

Það eru loksins aftur farin að heyrast hamarshögg í sveitunum, eftir stöðnun í þeim efnun allt frá því að viðskiptabankarnir fóru afvelta haustið 2008. Þegar litið er yfir þróun í fjósbyggingum hér á landi undanfarna áratugi, má greina ákveðna toppa með nokkurra áratuga millibili; mikið var byggt á áttunda áratugnum og var þá oft byggt fyrir 30–40 kыр. Talsvert var byggt á fyrsta áratug þessarar aldar og þá fyrir 60–70 kыр, eða einn mjaltaþjón. Þróunin er um það bil sú, að núverandi kynslóð byggir tvöfalt, jafnvel þrefalt stærra en kynslóðin á undan; árið 1978, um það leyti er Ólafur hóf störf hjá samtökum bænda, lagði meðal kúabóndinn inn 45.000 lítra en á þessu ári verður meðal innleggið nálægt 215.000 lítrum. Það er tæplega fimmföldun á rúmlega aldarþriðjungi. Þessari þróun er fjarri því lokið; þó svo áræðnir aðilar hugsi sér að taka þetta skrefinu lengra og byggja fyrir rúmlega 200 kыр, þá er beinlínis fjarstæðukennt að líkja slíkum áformum saman við landlausan búrekstur í fjarlægum löndum, sem kaupir allt fóður, fargar mykjunni í nærliggjandi eyðimörk og heldur tugi þúsunda gripi.

Byggingarkostnaður hér á landi er hár, fjármagnskostnaður enn hærri. Lætur nærri að hver legubás

og tilheyrandi uppeldisaðstaða fyrir ungviði kosti um tvær milljónir kr. Að óbreyttu dreifast afskriftirnar og fjármagnskostnaðurinn á miklu færri framleiddar einingar hér en í nálægum löndum. Opinber stuðningur við greinina hefur dregist saman um 20% á einum áratug. Það er því ljóst að kúabændur fara ekki í slíkar framkvæmdir nema að vandlega yfirlögðu ráði; það er óhætt að segja að ekki hafi verið offramboð af slíkum aðilum undanfarin ár. Í ljósi þess er satt að segja með miklum ólíkindum, að starfsmaður samtaka bænda skuli sjá sóma sinn í því að setja ofan í við bændur sem eru að endurnýja framleiðsluaðstöðuna; atyrða þá fyrir að leita leiða til að kljúfa fjárfestinguna og tryggja afkomu sína.

Það er líka mjög áleitin spurning hvort hið íslenska fjölskyldubú, þar sem bústörfin hvíla árið um kring á herðum eins eða tveggja einstaklinga, er sérstaklega eftirsóknarvert fyrirkomulag þegar til framtíðar er litið. Í nútíma samfélagi er lögð vaxandi áhersla á frítíma, m.a. til að sinna félagsstarfi og margvíslegum hugðarefnum fólks. Kúabændur eru þar ekkert undanskildir. Til að skapa aðstæður fyrir slíkt, þurfa búin að vera af þeirri stærð að þau standi undir launuðum starfskröftum sem geta gengið í öll verk.

Vinna við nýjan mjólkursamning er (of) skammt á veg komin, það liggur því ekkert fyrir um hvaða skilyrði verða sett vegna stuðningsgreiðslna við greinina. Í því samhengi er þó rétt að minna á, að einu gripirnir sem njóta „sérkjara“ í núverandi stuðningskerfi, eru kыр af holdakynjunum sem flutt voru hingað til lands á síðustu öld. Samkvæmt ákvörðun íslenskra stjórnvalda eru greiddar tvöfalt hærri gripagreiðslur út á þær en mjólkurkырnar. Vel má hugsa sér að beita gripagreiðslunum til að stuðla að viðgangi íslenska kúastofnsins til framtíðar.

### Kaup LK á Nautastöðinni

Undanfarna mánuði hafa staðið yfir samningaviðræður milli LK og BÍ um kaup Landssambands kúabænda á Nautastöð BÍ. Bæði búnaðarþing og aðalfundur LK hafa veitt stjórnnum samtakanna umboð til þessa með ályktunum sínum. Markmið LK með kaupunum, ef af þeim verður, er að tryggja faglega og fjárhagslega ábyrgð greinarinnar sjálfrar á ræktunarstarfinu, auk þess að glæða áhuga og metnað umbjóðenda samtakanna á þessu sviði. Það er að mínu mati óboðlegt að starfsmaður samtaka bænda, geri málefnaleg áform þeirra tortryggileg í málgagni samtakanna og grafi með því undan þessum fyrirætlunum. Það má líka spyrja sig; hverjir aðrir en kúabændur á Íslandi eiga að sjá um ræktunarstarf íslenska kúastofnsins?

Nautgriparæktin stendur frammi fyrir margvíslegum áskorunum; eftirspurn eftir afurðum hennar eykst, mikil uppsöfnuð þörf er á endurnýjun framleiðsluaðstöðunnar, kröfur til samfélagsins til greinarinnar breytast og aukast hratt. Við þær aðstæður er eðlilegt að íhuga alla valkosti með opnum huga. Það er ekki í boði að gera ekki neitt.

**Baldur Helgi Benjamínsson**  
framkvæmdastjóri  
Landssambands kúabænda

## Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða

### kynnir hér með Vestfjarðarit IV.

Rit þetta er 624 bls. og inniheldur ábúendatöl Austur-Barðastrandarsýslu frá 1900-2012 og ýmsu öðru efni gerð góð skil. Mikill fjöldi mynda prýða bókina. Ritstjóri og bókarrhöfundur er Finnbogi Jónsson frá Skálmarnesmúla. Í Reykhólahreppi sér Karl Kristjánsson um söluna. Símar 434-7715 og 866-8318. Á höfuðborgarsvæðinu sér Aðalheiður Hallgrímsdóttir um söluna. Símar 567-0904 og 863-5187. Panta má bókina og fá hana póstsenda án sendingarkostnaðar. Birkir Friðbertsson tekur við pöntunum í síma 456-6255. Verð bókarinnar er kr. 11.700.-



HJALLA MEÐUR GRÆNA

VESTFJARÐARIT IV

HJALLA MEÐUR GRÆNA

Austur-Barðastrandarsýsla 1900-2012

# SAMSUNG

## Njóttu boltans - áfram Ísland

### SAMSUNG SMART TV

H6475 LÍNAN

400 CMR skjár  
Screen mirroring.  
Upptaka og afspilun á USB  
T2 móttakari

55" verð: 269.900.-  
65" verð: 449.900.-



### SAMSUNG SMART TV

H6675 LÍNAN

600 CMR skjár  
með Micro dimming  
Upptaka og afspilun á USB  
T2 móttakari

48" verð 199.900.-

### SAMSUNG

H5005 LÍNAN

100 CMR (riða) skjár.  
Afspilun af USB.  
T2 móttakari

32" verð: 86.900.-  
40" verð: 99.900.-  
48" verð: 149.900.-



FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

## ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

## SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

KS  
SAUDÁRKRÓKI  
SÍMI 455 4500

SR · BYGG  
SIGLUFIRÐI  
SÍMI 467 1559

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
PAN-NESKAUPSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160

GEISLI  
VESTMANNAEYJUM  
SÍMI 481 3333

## Utan úr heimi

# Í Kína eru borðaðir hundar en ekki ostar!

Þeir sem fylgjast með þróun heimsverslunar með mjólkurafurðir vita að kínverski markaðurinn hefur verið gríðarlega mikilvægur fyrir helstu útflutningslönd mjólkurafurða og verður það væntanlega áfram.

Það sem er þó allsérstakt fyrir þennan markað er að hann tekur við óhemju miklu af mjólkur- og undanrennudufti en raunar sáralitlu af ostum. Reyndar er það svo að mörg af þeim löndum Asíu og Afríku, sem halda uppi eftirspurninni eftir mjólkurafurðum, eiga það sameiginlegt að hafa litla eftirspurn eftir ostum. Skýringin felst fyrst og fremst í hefðum og þar sem hefð fyrir brauðáti er lítil er beint samhengi við ostaneyslu, en engum dylst að brauð og ostar tengjast miklum böndum. Þar sem ostamarkaðir heimsins eru svo til mettaðir keppast því afurðafélögin sem eru í útflutningi við að koma inn hefð fyrir ostaáti í löndum eins og Kína.

## Mettaður ostamarkaður

Með stórauðinni mjólkurframleiðslu í heiminum undanfarin misseri, og raunar fyrirsjáanlega töluverða aukningu í löndum Evrópusambandsins á þessu ári, eykst þrýstingurinn nánast dag frá degi á markaðsdeildir afurðafélaganna. Afar vel gekk að afsetja mjólkurvörur framan af árinu 2014 en svo lokuðust markaðirnir hver af öðrum og heimsmarkaðsverð mjólkurvara byrjaði að falla jafnt og þétt. Segja má að kínverskir innkaupasérfræðingar hafi náð að leika svolítið á markaðinn með því að kaupa jafnt og þétt upp mjólkur- og undanrennuduft framan af árinu og byggja með því töluvert mikla spennu. Svo gerðist það, nánast með engum fyrirvara, að duft steinhætti að seljast til Kína. Í ljós kom að einhverjir höfðu fengið fyrirmæli um að kaupa inn duft til þess að byggja upp sterka birgðastöðu en þar sem markaðurinn er afar lokaður, var ekki hægt að sjá þetta nógu vel fyrir.

## Rússland lokaði einnig

Ekki bætti úr skák að rússneski markaðurinn lokaðist einnig um mitt síðasta ár og hefur sú lokun haft þau áhrif að ostar og aðrar mjólkurvörur, sem áður runnu inn á þann stóra markað, hefur nú verið þrengt inn á aðra markaði með tilheyrandi verðfalli. Lokun rússneska markaðarins, samhliða minni innkaupum á dufti í Kína, hefur því ýtt á enn frekari verðlækkunar á öðrum mörkuðum þar sem sam-keppnin þar hefur aukist. Rússneski markaðurinn var langstærsti markaður heimsins fyrir osta og kom um helmingur magnsins inn á þann markað frá afurðafélögum í Evrópu. Nefna má sem dæmi um mikilvægi hins rússneska markaðar að árið 2013 voru flutt inn til landsins um 440 þúsund tonn af ostum en til samanburðar má geta þess að innflutningurinn til Kína nam ekki nema um 80 þúsund tonnum.

## Snarlækkandi afurðastöðvaverð

Verðfall á mjólkurafurðum hefur svo auðvitað haft þau áhrif að afurðastöðvaverð til kúabænda hefur snarlækkað. Þannig fær t.d. kúabóndi sem leggur inn mjólk hjá Fonterra í Nýja-Sjálandi nú ekki nema um 33 krónur fyrir lítrann og bóndinn sem leggur inn hjá norður-evrópska rísanum Arla fær nú rétt um 45 krónur. Verðfallið á afurðastöðvaverðinu hefur verið gríðarlega mikið á einungis 12 mánuðum eða sem nemur um þriðjung. Til þess að setja þriðjungs verðlækkun í samhengi má geta þess að meðalframleiðsla þeirra kúabænda í Danmörku sem leggja inn hjá Arla er um 1,5 milljónir lítra eða sem



Sinn er síður í landi hverju. Hér má sjá framhluta af hundi tilbúinn í kjötbörðið í kínversku borginni Sjanghæ. Þótt Íslendingar hafi ekki lagt í vana sinn að leggja sér hundakjöt til munns og hrylli jafnvel við tilhugsuninni, þá er slíkt kjötát tíðkað víða um heim. Þannig eru Kínverjar einna þekktastir fyrir hundakjötsát í dag, en þeirra er líka neytt í Kóreu, Vietnam og í okkar nálæga landi Sviss. Þá hefur neysla hundakjöts líka verið vel þekkt í Vestur-Afríku, Suður- Ameríku og víðar.



Fjölmargar ástæður eru fyrir því að Kínverjar hafa fram til þessa ekki verið miklir ostaneytendur. Þar spilar trúlega stærstu rulluna sú staðreynd að manninum er ekki eiginlegt að neyta mjólkurvara á fullorðinsaldri. Er talið að hjá um 90% Kínverja framkalli mjólkurvöruneysla líkamleg einkenni vegna mjólkursykursóþols (lactósaóþol). Vesturlandabúar hafa hinsvegar próað með sér í gegnum aldirnar hæfni til að melta mjólkursykur án teljandi vandræða.

## Dönsku búin stór

svarar til um 125 þúsund lítrum á mánuði. Fyrir þá mánaðarframleiðslu fær hinn danski kúabóndi nú 2,2 milljónum króna minna heldur en á sama tíma í fyrra.

## Erfitt hjá mörgum

Þessi alvarlega staða á heimsmarkaði hefur e.t.v. ekki haft stór áhrif hér á landi en kúabændur á hinum Norðurlöndunum hafa ekki farið varhluta af stöðunni, þó hefur ástandið hitt kúabændurna misjafnlega fyrir. Líklega hafa enn sem komið er hinir sænsku og dönsku kúabændur farið verst út úr þessu ástandi. Nýverið birtist t.d. skýrsla um sænska mjólkurframleiðslu þar sem fram kom að meðal kúabúið þar í landi væri nú rekið með tapi og hið lága afurðaverð hefði einnig gert það að verkum að verst reкну búin næðu ekki einu sinni að fá tekjur til þess að standa undir breytilegum kostnaði, hvað þá öðru. Þrengingarnar á sænska markaðinum hafa einnig komið fram í afurðastöðvageiranum, en þar hefur verið töluvert um uppsagnir undanfarið til þess að mæta minnkandi tekjum.

## Norðmenn í vörn

Í Noregi hefur þessi breytta staða á heimsmarkaði ekki haft mjög mikil áhrif en Tine, stærsta afurða-félag landsins, missti þó allstóran ostamarkað frá sér þegar

rússneski markaðurinn lokaðist. Stjórn félagsins hefur því farið í ákveðnar varúðaraðgerðir til þess að draga úr kostnaði svo mæta megí lágu afurðaverði. Félagið mun á þessu ári fara í víðtækar sparnaðaraðgerðir sem felast í lokunum afurðastöðva og uppsögnum starfsmanna. Alls stendur til að spara 750 milljónir norskra króna, eða sem nemur um 13 milljörðum íslenskra króna.

## Finnska Valio í mestum vanda?

Sömu sögu er í raun að segja frá Valio í Finnlandi, en þar hafði lokunin á rússneska markaðinum þó langmest áhrif sé horft til áhrifanna á Norðurlöndin. Alls þýddi lokunin samdrátt í sölu sem nam fimmtungi tekna auk þess sem þær vörur sem áður fóru til Rússlands voru framlegðarháar vörur og því þýddi lokun markaðarins um þriðjungs samdrátt í rauntekjum. Þetta hefur leitt til þess að Valio hefur farið í gegnum verulega miklar og íþyngjandi aðgerðir eins og fjöldauppsagnir starfsmanna, en alls hafa þær snert hundruð Finna.

## Mikil heimsframleiðsla mjólkur

Þrátt fyrir hið lága heimsmarkaðsverð mjólkur hefur það þó ekki haft teljandi áhrif á mjólkurframleiðsluna og er raunar útlit fyrir framleiðsluaukningu á komandi mánuðum. Skýringin er margþætt, kvótakerfið í mjólkurframleiðslu Evrópusambandsins verður lagt niður 1. apríl næstkomandi, og þá hefur víðað einkar vel til mjólkurframleiðslu í Nýja-Sjálandi undanfarið og framleiðslan þar aukist um 10–12% á 12 mánuðum. Þá hefur framleiðslan í Bandaríkjunum einnig aukist undanfarið svo allt í allt hefur framleiðslan verið í töluvert miklum vexti þrátt fyrir lágt verð. Líklega vona allir að um tímabundið ástand sé að ræða og því eigi þeir von um bætta afkomu þegar fram líða stundir.

## Skyndibitinn hjálpar!

Í ljósi þess sem hér að framan greinir hefur þrýstingurinn á markaðssérfræðinga helstu afurðafyrirtækjanna í heiminum vaxið mjög mikið og nú kann að vera að lausnin sé fundin! Tilfellið er nefnilega að samhliða auknum hagvexti og bættum hag fólks hefur áhugi neytendanna í Kína á skyndibita vaxið jafnt og þétt. Margir telja að breyttar neysluvenjur Kínverja í þessa veru muni vekja áhuga þeirra á ostum. Þísur með ostum og ostahamborgarar gætu því gegnt mikilvægu markaðssetningarhlutverki fyrir osta í Kína og hlúa því öll helstu afurðafélög heimsins að skyndibitasölustöðunum og hvetja þau fyrirtæki til dáða!

## Drykkjarjógúrt lausnin?

Önnur möguleg lausn gæti einnig falist í því að auka framboð og nýjungar á drykkjarjógúrti en töluvert hefð er fyrir því að drekka sk. hrísgrjónadrykki í Kína og hjálpar sú hefð því að koma með nýjungar inn á markaðinn. Drykkjarjógúrt, og raunar hefðbundin drykkjarmjólk einnig, virðist hafa náð góðri fótfestu í Kína og er jafnvel talið að neyslulínur hrísgrjónadrykkja og mjólkurdrykkja muni skarast á næsta ári þannig að neysla á mjólkurdrykkjum verði meiri en á hrísgrjónadrykkjum. Í raun er um hreint ótrúlega mikla breytingu á neysluhegðun Kínverja á stuttum tíma. Það veit bara á gott og gæti gagnast við markaðssetningu á ostum, sem er jú sú vara sem einna hæstu framlegðina ber.

## Ostaneysla Kínverja mun aukast

Heildarneyslan á ostum á hinum kínverska markaði árið 2012 var rétt um 120 þúsund tonn og var einungis um þriðjungur þess magns framleitt í Kína sem skýrir áhuga erlendra afurðafélaga á þessum markaði. Auk þess vegur þungt í áhuga félaganna á Kína að neytendum í svokallaðri millistétt landsins hefur fjölgað verulega á undanfórnum árum og er talið að til þess hóps muni heyra um 3–400 milljónir Kínverja á næstu örfáu árum. Þessi hópur neytenda er einmitt sá sem hefur næg fjárráð til þess að kaupa sér heldur dýrari matvörur og áhrifin eru mikil. Helstu neysluspár gera t.d. ráð fyrir því að ostaneyslan aukist verulega á komandi árum og að árið 2020 verði hún komin í um 350 þúsund tonn. Hvað sem gerist á þessum áhugaverða markaði, þá verður spennandi að fylgjast áfram með þróun mála og þá jafnframt hvort takist að kenna Kínverjum að borða osta.

## Snorri Sigurðsson

sns@seges.dk

Ráðgjafafyrirtækinu SEGES P/S

# FITUBRENNSLA Á NÁTTÚRULEGAN HÁTT

**ICECARE** kynnir: Chili Burn-töflurnar auka brennslu, örva meltingu og minnka sykurlöngun.

Sævar Guðmundsson hefur lést eftir að hann fór að taka Chili Burn.

**CHILI BURN** töflurnar eru byltingarkenndar töflur sem hjálpa til við fitubrennslu á náttúrulegan hátt. Töflurnar innihalda chili-jurtina sem eykur brennslu, grænt te sem örvar meltinguna, króm sem minnkar sykurlöngun, piparmyntuolíu sem dregur úr uppþembu og vindgangi ásamt B-vítamíni og magnesíumi. Chili Burn virkar þannig með þreföldum hætti, það eykur brennslu, örvar meltinguna og minnkar sykurlöngunina.

### HJÁLPAR TIL VIÐ AÐ LÉTTAST

Sævar Már Guðmundsson hefur lengi átt í baráttu við aukakílóin og hefur hreyfing verið helsta ástæða þess að hann hefur ekki verið í ofþyngd. „Fyrir nákvæmlega ári síðan var ég í mjög góðum málum og búinn að vera að léttast töluvert á hálfu ári á undan. Þá hafði ég tekið mataræðið í gegn svo um munaði og hreyfði mig mikið. Álag í vinnunni gerði það svo að verkum að í upphafi þessa árs fór ég að hafa minni tíma til að æfa og borða rétt og fór þá að þyngjast aftur,“ segir Sævar.

Í lok ágúst fór Sævar aftur að mæta í ræktina. „Þetta snýst allt um sjálfsgaga og ég fann það á fyrstu skiptunum mínum að ég þurfti breytingu í öllu. Ég skráði mig í fasta tíma í ræktinni og æfi í það heila fimm sinnum í viku. Eftir að ég sá auglýsingu um ChiliBurn í byrjun september ákvað ég að prófa það. Tæpum tveimur mánuðum síðar hafði ég lést um rúm fjögur kíló og fituprósentan lækkað um tæp fjögur prósent.“

### SYKURPÖRFIN MINNI

Sævar tekur ChiliBurn töfluna kvölds og morgna og hann telur það hjálpa til við að halda bruna gangandi allan daginn. „Með réttu mataræði hjálpar þetta mikið. Auk þess finnst mér sykurlöngun minna, mig langar ekki eins



mikið að fá mér gosdrykki eða nammi eins og áður. Ég leyfi mér það þó einu sinni í viku.“

Hann segir það lykilatriði að hafa trú á þessu öllu saman. „Hreyfing skiptir mig miklu máli og rækt á líkamanum til að viðhalda hraustu útliti. Chili Burn hjálpar til við að halda niðri sykurlöngun og mataræðinu í lagi auk þess sem það er vatnslosandi,“ segir Sævar.

### FRAMLEITT OG PRÓFAÐ Í SKANDINAVÍU

Sænskir sérfræðingar hjá New Nordic hafa próað þessar nýju töflur byggðar á efnum úr chili-plöntunni. Þykkninu hefur verið blandað saman við önnur náttúruleg efni sem innihalda katekín-andoxunarefni. Klínískar rannsóknir sem hafa verið birtar í vísindatímaritinu „Obesity“ sýna fram á að sama magn af þeim innihaldsefnum og er í töflunum getur dregið úr líkamsfitu. Sérfræðingarnir

bættu piparmyntuolíu við töfluna, sem dregur úr uppþembu og vindgangi.

Sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til að hámarka gæðin bæði úr chili-plöntunni og öðrum innihaldsefnum, allt frá vinnslu þar til neytandinn tekur við þeim.

## Töflurnar innihalda:

- Chili jurtina sem eykur brennslu
- Króm sem minnkar sykurlöngun
- Piparmyntuolíu sem dregur úr uppþembu og vindgangi
- Blöndu B vítamína og magnesíum

# ACTIVE LIVER FYRIR LIFRASTARFSSEMINA

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði. Lifrastarfsemin hefur mikla þýðingu fyrir efna-skiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir lifrafitu. Það getur verið vegna áfengisneyslu en lifrafita er einnig algengt vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi eru algeng merki þess að mikið álag er á lifrinni.

### NÝTUR ÞÚ LÍFSINS OF MIKIÐ?

Þegar þú lifir lífinu til fulls þá er auðvelt að finna fyrir því og það sést. Nú geturðu fengið hjálp: Active Liver styður við niðurbrot fitunnar í þörmunum, bætir meltinguna og stuðlar að eðlilegri lifrastarfsemi.



Active Liver er gott „vítamín“ fyrir lifrina. Taktu inn eina töflu daglega.

Þú leiðir ekki hugann dagsdaglega að lifrinni. En hún gegnir mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og fitugur matur veldur of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins.

Matur sem við neytum nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegri efnaskiptingu og niðurbroti á fitu. Sem betur fer er það ekki einungis prótein sem getur örvað lifrastarfsemina.

### LEYNDARMÁLID UM ACTIVE LIVER

Active Liver inniheldur náttúrulegt jurtapykkni kólín, sem er þekkt fyrir að örva virkni lifrarinnar og gallsins og einnig mjólkurpistil, ætipistil, túrmerik og svartan pipar. Þessi efni eru mikilvæg fyrir fitubrennslu og hjálpa til við að minnka lifrafitu.



## Bio-Kult Candéa virka miklu betur



„Ég var mjög gjörtn á að fá sveppasýkingar og var mjög viðkvæm og fékk kláða og óþægindi ef ég notaði dömbindi eða túrtappa. Þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og pírting þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var vön, og það eina sem ég hafði breytt út af vananum með var að nota hylkin frá Bio-Kult Candéa, varð ég himinlifandi. Venjulega þegar ég hef ég verið á sýklalyfjakúr hef ég tekið inn margfalda skammta af mjólkursýrugerlum (acidophilus), en það virkar miklu betur fyrir mig að nota Bio-Kult Candéa hylkin. Eftir að ég kynntist Bio Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursýrugerla (Acidophilus) þar sem það virkar langbest fyrir mig. Ég er mjög ánægð með árangurinn af Bio-Kult Candéa.“

Kolbrún Hlín



## 5 góðar ástæður til að nota Active Liver

- Eykur virkni lifrarinnar og gallsins
- Eykur fitubrennslu
- Stuðlar að daglegri hreinsun líkamans
- Bætir meltinguna
- Inniheldur einungis náttúrulegar jurtir t.d. mjólkurpistil, ætipistil túrmerik, kólín og svartan pipar

# Hvert fer ágóðinn af kynbótastarfinu?

Jón Viðar Jónmundsson  
Jón V. Jónmundsson/Bondi



Eitt af verkfærum bænda til aukinnar hagræðingar í landbúnaði í tæpa öld hefur verið kynbótastarf. Rökin fyrir stuðningi ríkisins við þetta starf hjá flestum þjóðum hefur öðru fremur verið sá að hagnaðurinn skili sér að stærstum hluta til neytenda í lægra vöruverði og/eða meiri gæðum framleiðslunnar. Augljóst er samt að þetta getur verið mjög breytilegt eftir því hver framleiðslan er og nægir þar að benda á annars vegar mjólkurframleiðslu og hins vegar hrossarækt hér á landi.

Beinar mælingar á því hvert ágóðinn skilar sér í mjög löngum framleiðslu- og sölufæri getur verið mjög flókið að mæla en það á við mest af framleiðslu búfjárafurða. Þess vegna er ekki um gróskuríkan garð rannsókna sem hægt er að vitna til í þessu sambandi.

## Hver er ágóðinn?

Nýverið barst mér í hendur erindi sem Ástralíumaðurinn R. G. Banks hélt á heimsráðstefnunni um búfjárrækt sem haldin var í Kanada síðsumars á síðasta ári. Titill erindisins var sá sami og fyrirsögn greinarinnar. Höfundurinn mun um árabíl hafa starfað að skipulagningu í sauðfjár- og holdanautarækt í sínu heimalandi. Margt í hans málflutningi finnst mér styðja hugmyndirnar sem hið félagslega ræktunarstarf í búfjárrækt hér á landi hefur byggt á síðustu áratugi. Hér á eftir vil ég reyna að koma á framfæri nokkrum atriðum úr erindinu og skoða eitthvað með hliðsjón af starfi hér á landi.

Hann byrjar á að segja að ágætt sé að velta fyrir sér þrem viðbótarspurningum: Hvað eru kynbótaframfarir?, Græðir einhver á þeim og getum við verðlagt ágóðann? Skiptir máli hver hagnast?

## Kynbótaframfarir

Það er löngu þekkt að mögulegt er að ná kynbótaframförum fyrir fjölda eiginleika og við getum mælt þær af mikilli nákvæmni. Við verðum að vita hvað við viljum bæta (skilgreina ræktunarmarkmið), mæla eiginleika, velja fyrir þeim og uppskera árangurinn. Framleiðsluferillinn er hins vegar langur og hann er sibreytilegur vegna þess að við vinnum með lifandi gripi. Þarna ber hann þetta saman við bílaiðnaðinn þar sem eru árgangar sem breytast með vissu millibili.

Framleiðsluferillinn er langur og mjög breytilegur. Hann tekur sem dæmi holdanautafurframleiðslu í Bandaríkjunum og Ástralíu. Byrjunin eru kynbótabúin sem eru um 12.000 samtals í báðum löndum. Þvínæst koma holdanautahjarðir sem telja verulega á níunda hundruð þúsunda búa, þá koma venjuleg framleiðslubú sem eru yfir 100 þúsund og eldisstöðvar (feedlots) sem eru um 2.300, sláturhúsakeðjur eru hins vegar aðeins átta og smásöluaðilar skipta þúsundum. Hér og þar er sá meginmunur að kynbætur eru aðeins unnar á tiltölulega fáum ræktunarbúum en framleiðslan fer fram í holdanautahjörðunum þaðan sem kálfarnir fara á framleiðslubú eða í eldisstöðvar fram til slátrunar. Í búfjárrækt hér á landi er allur þessi hluti ferilsins hins vegar nær ætíð allur í einni og sömu einingunni.

Nokkur augljós atriði þessarar skiptingar sem ástæða er að benda á:

Kynbótabúin eru lítil en mörg og ráða hvert og eitt yfir litlu fjármagni og geta ekki fjármagnað rannsóknir og skýrsluhald nema að vissu marki.

Eiginleikarnir birtast í framleiðslueiningum utan kynbótabúanna. Þetta á ekki við hérlandis en gæti verið umhugsunaratriði hvort gæti átt við



Myndarlegt sauðfé í Reykjarfirði í Árneshreppi á Ströndum.

Myndir / HKr.



Holdanautgripir í Kerlingardal skammt austan við Vík í Mýrdal. Framleiðsluferill holdanauta er langur og mjög breytilegur.

að einhverju leyti í sauðfjárrækt hér á landi.

Lítið eða ekkert flæði verðskilaboða frá markaði berst til hins enda keðjunnar.

Ýmis andstæð viðhorf geta verið á mismunandi stöðum í ferlinum. Höfundur nefnir t.d. að sláturhúsakeðjurnar sé oft uppteknastar af magni meðan neytendur ef til vill leggi meiri áherslu á gæði.

Þetta leiði því auðveldlega til að áherslur í byrjun verða oft ekki þær sem skila ferlinum í heild mestu.

## Hvar birtist ágóðinn?

Það sem best er þekkt er að kynbótaframfarir leiða til lækkunar framleiðslukostnaðar og/eða aukinna gæða framleiðslunnar og slíkt skapar ágóða einhvers staðar í framleiðslukeðjunni. Mest hjá neytendum en fleira kemur til.

Kynbótastarfið skapar einnig betri upplýsingar um kynbótagripina sem eru verðmæti sem ræktandinn getur fengið til sín sem auknum hluta í sölu kynbótagripa. Þarna suður frá hafa þeir lagt mat á hve miklu slík betri þekking á kynbótagripunum er í raun að skila bæði í holdanauta- og sauðfjárrækt. Sem betur fer er orðið algengt að það sé talsvert umfram aukinn kostnað við upplýsingaöflun og skýrsluhald.

Stóraukin þekking og færni þeirra sem við kynbótastarfið fást er full ástæða til að meta sem auðævi og sú aukna hæfni skilar sér víða í daglegri önn.

Ávallt má ræða hvort minni framfarir vegna dreifðrar ákvarðanatöku í kynbótum í þessum greinum sé yfirunnin að minni áhættu í ræktunarstarfinu. Hin dreifða ákvarðanatöku í ræktun þessara tegunda skilar sér líklega í meiri erfðabreytileika í stofninum. Frávik frá hámarksframförum er

auðvelt að mæla en minni áhættu og aukinn breytileika er miklu erfiðara að verðleggja. Þetta er innbyggð í uppbyggingu greinanna og spurning hvort það sé til lengdar samt ekki samkeppnishæft við slíkt starf í svínum og kjúklingum.

## Hvert fer ábatinn?

Ekki er um auðugan garð að gresja í sambandi við rannsóknir á mati á ágóða ræktunarstarfsins og skiptingu hans. Fyrir um áratug birti Nýsjálendingurinn Amer, sem síðari ár hefur verið mest áberandi kenningasmiður í þessum fræðum, útreikninga sína á ágóða ræktunarstarfs í holdanauta- og sauðfjárrækt í Bretlandi og mat hann ábatann 32%. Ekki gerði hann tilraun til að meta dreifingu hans. Hann fann að við 7% vaxtakröfu þá var hlutfall ágóða á móti kostnaði 8:1.

Ástralir hafa lengi staðið framarlega í landbúnaðarhagræði og velt meira en margir aðrir fyrir sér hvernig takmörkuðu framlagi til rannsókna og þróunar sé best varið. Fjármögnun rannsókna og þróunar í landbúnaði byggir mest á framleiðendagjaldi af allri kjötfurframleiðslu þar sem ríkisvaldið leggur einnig fé á móti. Þessi fjármögnun nemur í heildina um 2% af heildarverðmætum kjötfurframleiðslunnar á framleiðenda-stigi. Mesta vandamálið við mat á ábatanum er að fá upplýsingar um verð framleiðslunnar á ýmsum stigum framleiðslunnar. Þetta stafar bæði af áhugaleysi um öflun á þessum verðupplýsingum eða vissir aðilar í framleiðslukeðjunni vilja ekki veita öðrum aðgang að slíkum upplýsingum. Þetta er líklega ekki alveg óþekkt við hérlandar aðstæður. Þess vegna þarf stundum að byggja mat á þessum stærðum á eigin hyggjuviti. Þróun síðustu ára hefur verið að vissu marki frá

fjármögnun beint í kynbótastarfinu á þennan hátt til fjármögnunar á markaðsátaksverkefnum. Þau hafa reynst áhættusöm, hafa skilað árangri, en hann er oft ákaflega flókið að meta.

Ástralir hafa þróað flókin haglíkön til að mæla áhrif breytinga á mismunandi stöðum framleiðslukeðjunnar á hvar og hvernig ábatinn skili sér. Mat þeirra er að í grófum dráttum skilar rúmur fjórðungur ábatans af kynbótastarfi í þessum greinum sér til framleiðenda en ¾ til neytenda. Það er að vísu rétt að taka fram að á miklum útflutningsmarkaði eins og þar er þá skilar hluti ábatans sér til neytenda erlendis. Rannsóknir þeirra sýna einnig að meira af ábatanum hjá ræktendum skilar sér sem vaxandi markaðshlutdeild fremur en herra lífdýraverð. Til lengdar segja þeir að við 7% vaxtakröfu þá var hlutfall hækkanði verði lands.

## Hverjir kosta kynbætur?

Höfundur birtir niðurstöður útreikninga um það hverjir standi straum að kostnaði við kynbótastarfið í þessum greinum. Hér verðum við að muna skiptingu bæðanna í ræktendur og framleiðendur. Niðurstöðurnar eru að í holdanautarækt koma 24% frá ræktendum, 8% frá framleiðendum og 70% af skattfé. Í sauðfjárræktinni er kostnaðarskiptingin þannig að 20% koma frá ræktendum, 18% frá framleiðendum og 62% af skattfé. Kostnaður ræktenda er sagður tilkominn vegna upplýsingasöfnunar og úrvinnslu upplýsinga þ.e. að breyta söfnuðum upplýsingum í kynbótamat gripa.

## Hvaða áhrif hefur þetta á nýja ræktunartækni?

Síðasta rúman áratug hefur úrval út frá erfðamengi (genomics) verið mesta tískuorðið í kynbótastarfinu víða um heim. Staðreyndin er sú að það hefur haft byltingarkennd áhrif á framkvæmd kynbótastarfs í mjólkurkúm í stærstu ræktunareiningunum víða um heim en hjá öðru búfé eru áhrifin enn ákaflega takmörkuð. Höfundur segir að reynslan hafi samt sýnt að notagildi þessarar tækni standi og falli algerlega með þeim svipfarsupplýsingum sem séu handbærar við að byggja upp úrval í kynbótastarfinu á þessum grunni. Vangaveltur um ræktunarstarf með slíkri tækni hafi hins vegar leitt til miklu heildrænni sjónarmiða. Sjónarmið neytenda fá aukið vægi og farið er að velta fyrir sér hvernig skila megi ábata starfsins til sem flestra. Fyrir ræktendur er morgunljóst að

möguleikarnir liggja umfram allt í sem mestum og fjölbreyttustum svipfarsupplýsingum um búféð.

## Mismunandi framkvæmd og sjónarmið

Þessu fylgir höfundur eftir með allöngum hugleiðingum um hvernig öryggi kynbótastarfsins verði best tryggt um langa framtíð. Ákvarðanatöku verður ætíð á byrjunarpunktinum hjá ræktandanum og árangur þar ræður miklu. Það er nær sjálfsgefið að heildræn ákvarðanatöku sem horfir á allan framleiðsluferilinn leiðir af sér áherslu á fleiri eiginleika og jafnari áherslur á eiginleika en þröng ákvarðanatöku frá sjónarhóli ræktandans eins.

Opinber stuðningur við ræktunarstarf beinis að byrjunarpunkti ferilsins en höfundur segir misjafn hvernig áherslur sé lagðar. Bendir á ástralska holdanauta- og sauðfjárrækt sem hafi eingöngu byggst á stuðningi við uppbyggingu verkfæra ræktunarstarfsins meðan í slíkum stuðningi við þannig ræktun í Frakklandi sé einnig beint að ákvarðanatöku um ræktunarmarkmið. Þröng ræktunarsjónarmið bjóði heim hættu á einhliða áherslum og samhliða óæskilegum breytingum í öðrum en tengdum eiginleikum. Viðbrögð við þessu séu leiðréttingar sem leiði til óskaðra breytinga. Dreifð ákvarðanatöku leiði til sveigjanlegrí stofns og meiri möguleika til að bregðast við snöggum breytingum í framleiðslumhverfinu eða markaði.

Gagnvart framtíðinni segir höfundur meginatriði að geta tryggt sem besta og víðtækasta skráningu eiginleika. Auka þurfi skráningu eiginleika sem ef til vill eru ekki þýðingarmiklir í dag en geta haft verulega þýðingu í náinni framtíð. Þetta verði ekki mögulegt að tryggja nema með sameiginlegri fjármögnun slíkra kerfa. Hann telur að einfaldast sé að gera það með samvinnu stjórnvalda og framleiðenda þannig að lagður sé frá hendi framleiðenda skattur á framleiðsluna þar í ferlinum sem gegnsæi og einfaldleiki sé mestur (eins konar búnaðargjald til skýrt afmarkaðs verkefnis). Segir hann fyrirmynda að leita t.d. í sambandi við fjármögnun kornkynbóta í mörgum löndum. Hann telur að þessi leið muni einnig best tryggja samheldni framleiðenda í mismunandi greinum.

Lokaorð höfundar eru að þessi leið muni tryggja það að í framtíðinni verði lækkun framleiðslukostnaðar og aukin gæði framleiðslunnar megináherslur en um leið verði tryggt að bæði lífsgæði gripanna og þróun búskapahátta hafi sín áhrif á mótun kynbótamarkmiða.

liklegur@internet.is



# Út að leika – engin aldursmörk

Um hver áramót er Íslendingum gjarnt að strengja ýmis áramótaheit. Ekki hefur mér tekist að efna öll mín áramótaheit undanfarin ár, en það að fara út og leika mér oftar á ís hefur mér tekist nokkuð oft.

Fátt finnst mér skemmtilegra en að leika mér á góðu svelli og það fólk sem ég þekki og finnst gaman að fara út á ísilögð vötn og veiða, á skauta, hestbak eða á vélknúnum farartækjum virðast öll sammála um að fátt sé skemmtilegra.


Of oft sér maður fréttir af óhöppum út af veikum ís

Það eina sem maður þarf að passa vel upp á er að ísinn þoli þann þunga sem á honum er. Oft hefur verið vitnað í óhapp þegar nokkrir hestar fóru niður um ís á Reykjavíkurtjörn þegar ísinn brast undan þunga hestanna. Í því tilfelli var ísinn ekki nema um 10

cm þykkur og þegar svo margir hestar voru saman hlið við hlið fór sem fór. Í þessu tilfelli varð engum meint af, en of oft hefur veikur ís verið orsök harmleiks. Til að vera viss um að ísinn þoli þungann sem á hann er lagður er gott að bora í hann á nokkrum stöðum og á meðfylgjandi mynd er ágætis viðmiðunartafla um styrk í mismunandi þykktum ís.

Á að vera sjálfsagður hlutur að vara við hættum

Á mörgum vötnum eru þekktir staðir þar sem ísinn er þynnri en annars staðar eða jafnvel vakir. Viti menn af svoleiðis á að vera sjálfsagður hlutur að vara við veikum ís til þeirra sem hyggjast fara út á ísinn. Förum varlega á ísnum og látum ekki óvarfærni skemma þá miklu skemmtun sem ísilögð vötn geta veitt manni. Góða veiði og skemmtun.



## Lesendabás

# Af dýralæknum og mjólkurframleiðslu

Sæl verið þið, lesendur góðir. Ástæðan fyrir því að ég sé mig knúinn til að færa í letur hugrenningar mínar um málefni kúabænda og stöðu þeirra gagnvart dýralæknaþjónustu í hinum dreifðu byggðum, er sú staða sem við kúabændur höfum þurft að búa við undanfarin ár. Þá er ég að tala um það regluverk sem í gildi er og við bændur sem í greininni störfum verðum að fara eftir.

Ég vil taka það fram að ég er ekki að setja út á hvernig eða hversu vel dýralæknar sinna sínu starfi, þeir

þurfa líka að vinna samkvæmt þeim reglum sem í gildi eru.

Oft er það þannig að skjótt þarf að bregðast við ef gripur veikist og getur það skipt öllu máli að það sé mögulegt að hægt sé að hefja meðferð gripisins strax. Til þess þurfa bændur að hafa í lyfjaskápum sínum þau lyf sem nauðsynleg eru til að geta hafið meðferð. Því miður hafa dæmin sannað það að sú er ekki raunin.

Í mínum huga er staðan sú að við búum við kerfi ofstjórnunar og algjörs vantrausts af hálfu Matvælastofnunar, sem verður þess

valdandi að við sem störfum við þessa búgrein og eigum og viljum hafa velferð dýra á okkar búum sem besta höfum ekki tök á vegna þessa kerfis.

Því skora ég á Matvælastofnun að endurskoða vinnureglur þessar í samstarfi við kúabændur svo allir geti farið sáttir frá því borði.

Svo að allt öðru.

Við kúabændur stöndum frammi fyrir þeirri skemmtilegu og nýju stöðu að markaðurinn kallar á alla þá mjólk sem hægt er að framleiða í fjósum þessa lands.Nú eigum við að bregðast við kallinu og gera allt

til þess sem hægt er til að fullnægja þörfinni. Bændur eru misvel í stakk búnir til að takast á við það verkefni.

Í raun þýðir þessi staða það að allir geta framleitt eins og þeir geta án nokkurra takmarkana, án tillits til greiðslumarks hvers býlis fyrir sig. Aftur á móti þýðir þessi staða líka það að þeir bændur sem nú þegar framleiða alla þá mjólk sem þeirra aðstaða leyfir verða fyrir beinni tekjuskurðingu, vegna þess að framleiðsluskylða hvers og eins er 100% fyrir árið 2015.

Það er að segja að A-hluti beingreiðslna er skertur í beinu hlutfalli við það sem vantar upp á að bóndinn framleiði upp í sitt greiðslumark.

Til viðbótar þessu kemur að eftir

því sem greiðslumarkið eykst þá skerðast beingreiðslur á hvern lítra í hlutfalli við það.

Til þess að við bændur getum svarað kallinu og gert það sem þarf til þess, þarf að hækka afurðaverð til okkar umtalsvert. Það kostar að fara í dýrar framkvæmdir, sem varla er hægt að verja eins og staðan er í dag. Dæmið þarf nefnilega að ganga upp.


Er ekki kominn tími á að sjá lánasjóð landbúnaðarins endurvakinn?

Óska öllum landsmönnum farsældar á árinu!

Kveðja úr Blöndudalnum, **Brynjólfur Friðriksson**, formaður Félags kúabænda í Austur-Húnavatnssýslu.

# KROSSGÁTA Bændablaðsins

— lausnina er að finna á næstöftustu síðu

|  |  |              |            | 5            | VÖXTUR  | RÁS        | ÞANGAD TIL SAMKVÆMT | STEIN-TEGUND  | ÞYNGDAR-EINING | GORTAR        | ÞÁTT-TAKANDI | FLOKKAD   |
|------------------------------------------------------------------------------------|--|--------------|------------|--------------|---------|------------|---------------------|---------------|----------------|---------------|--------------|-----------|
|                                                                                    |  |              |            | ÖRÐUG-LEIKAR |         |            |                     |               |                |               |              |           |
|                                                                                    |  |              |            | HEGNI        |         |            |                     |               | RELLA          |               |              |           |
|                                                                                    |  |              |            | GORT         |         |            |                     |               | KROT           |               |              |           |
|                                                                                    |  |              |            |              |         |            |                     | FRÆGD         |                |               |              |           |
|                                                                                    |  |              |            |              |         |            |                     | SKESSA        |                |               |              |           |
|                                                                                    |  |              |            |              |         |            |                     |               |                | FÓSTRA        |              |           |
|                                                                                    |  |              |            | PJATLA       |         |            |                     |               |                | BRÚN          |              |           |
|                                                                                    |  | ÁLAG         |            | KK NAFN      |         |            |                     | FERÐ          |                |               |              |           |
|                                                                                    |  | ÁGÆTIS       |            | KNÆPA        |         |            |                     | ÁTT           |                |               |              |           |
| BÚÐAR-HILLA                                                                        |  |              |            |              |         | MUNDA      | GEGNA               |               |                | NÍÐUR-FELLING | TÁLKNB-LAÐ   | NÚMER     |
| SVEFN                                                                              |  |              |            |              |         |            | VELTA               |               |                |               |              |           |
|                                                                                    |  |              |            |              | GARGA   |            |                     |               | HEITI          |               |              |           |
|                                                                                    |  |              |            |              | GLINGUR |            |                     |               | RÚN            |               |              |           |
| ÁTT                                                                                |  |              | KÆR-LEIKUR |              |         |            |                     | GREFTRUN      |                |               |              |           |
|                                                                                    |  |              | SÍÐLEYSI   |              |         |            |                     | FJALLS-TINDUR |                |               |              |           |
| NÖGL                                                                               |  |              |            | FROST-SKEMMD |         |            |                     | SJÁVAR-BOTN   |                |               |              | FNÆSA     |
|                                                                                    |  |              |            | GÖÐ          |         |            |                     | TUNGUMÁL      |                |               |              |           |
|                                                                                    |  | FRAMHJÁ-HALD |            |              |         | LÉREFT     |                     |               | SLÁ            |               |              | ÓM-SKÖÐUN |
|                                                                                    |  | FJÖRLEYSI    |            |              |         |            |                     |               | SAMTÖK         |               |              |           |
| LÍFGA                                                                              |  |              |            |              |         | EIN-SÖNGUR | GAGN                |               |                | MÆLI-EINING   |              |           |
|                                                                                    |  |              |            |              |         |            |                     |               |                | SEFA          |              |           |
| GIFT                                                                               |  |              |            |              |         | NAUMUR     |                     |               |                |               | ÞURRKA ÚT    |           |
|                                                                                    |  |              |            |              |         | TVEIR EINS |                     |               |                |               | FYRIR HÖND   |           |
| ERLENDIS                                                                           |  |              |            |              |         |            |                     |               |                |               |              |           |
| FUGL                                                                               |  |              |            |              | AFL     |            |                     |               | NÚMER TÖNVERKS |               |              |           |
|                                                                                    |  |              |            |              |         |            |                     |               |                |               |              |           |
|                                                                                    |  |              | SKJÁLFA    |              |         |            |                     |               | HINDRA         |               |              |           |

### Ert þú klár fyrir veturinn?



FRUM - www.frum.is



snjóplógar  
snjótennur



Akureyri | Sveinungsvík

Búvís • Grímseyjargötu 1 • 600 Akureyri • Iceland  
Sími 465 1332 • buvis@buvis.is • www.buvis.is

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

**Sindri og Birna keyptu jörðina af fyrri ábúendum árið 2011.**

Þau hafa síðan þá unnið að því að auka framleiðslu búins og bæta aðstöðu, ásamt því að skemmta sér konunglega.

**Býli:** Neðri-Mýrar.

**Staðsett í sveit:** Refasveit, Austur-Húnavatnssýslu.

**Ábúendur:** Sindri Bjarnason og Birna Ágústsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Börnin eru fjögur, Tanja Kristín (13 ára), Atli Þór (8 ára), Arnór Ágúst (6 ára) og Heiða Bjarnís (6 mánaða). Þá búa á heimilinu þrír hundar, tókin Mia og rakkamir Snati og Kraftur.

**Stærð jarðar?** Um 450 hektarar.

**Gerð bús?** Blandað bú.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** 30 kýr, tilheyrandi kálfar, 300 kindur og alltof mikið af hrossum.

**Hvernig gengur hefðbundinn**



**vinnudagur fyrir sig á bænum?** Hefðbundinn vinnudagur hefst í fjósi, þá er gefið í fjárhúsum og svo haldið til þeirra verka sem eru helst aðkallandi þann daginn. Vinnudeginum lýkur svo eins og hann byrjar, í fjósi og fjárhúsum.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Sauðburður er skemmtilegastur en girðingavinna þykir leiðinlegust.



**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Börnin verða næstum farin að sjá um þetta, er það ekki?

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Þau eru bara í ágætu horfi.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Vel, ekkert annað hægt en vera bjartsýnn á framtíðina.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Við teljum helstu tækifærin liggja í útflutningi á skyri og lambakjöti.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, smjör, ostur, lifrarkæfa, gúrka og hálf krukka af rauðrófum. Hún



er reyndar búin að vera þarna mjög lengi.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Nautakjöt og bernaise.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Við höfum ekki búið nógu lengi enn þá til að neitt toppi daginn sem við tókum við.



MATARKRÓKURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

# Drekabollur með svínakjöti og funheitur grænmetisréttur

**Þegar kalt er í veðri og snjór yfir öllu er tilvalið að láta sig dreyma um hita og sól og elda að austurlenskum hætti.**

Svínasíða er hentug í austurlenska matreiðslu þar sem langur eldunartími og fituofið kjötið gera gæfumuninn. Auðvelt er að gera allan undirbúning fyrirfram þegar gerðar eru drekabollur með svínakjöti (gua bao). Nafnið vísar í lögunina á bollunum sem eru eins og uppglenntur drekakjafur með bragðgóðri fyllingu. Bollurnar smakkast ótrúlega vel upphitaðar daginn eftir.

**Fyrir svínasíðu**

- › 2 msk. salt
- › 2 msk. sykur
- › 500–1000 g beinlaus svínasíða, skorin í fjóra bita
- › 1/2 bolli kjúklingasoð (vatn og kraftur)

**Fyrir gufusoðnar bollur:**

- › 1 tsk. þurrger
- › 1 tsk. sykur
- › 1/2 bolli vatn
- › 2 bolli hveiti
- › 1,5 tsk. lyftiduft
- › 1/4 bolli sykur
- › 3 tsk. brætt ósaltað smjör
- › 1/4 tsk. salt



Drekabollur með svínakjöti.

**Aðferð**

Sjóðið kartöflur, látið malla í 10 til 15 mínútur, þar til soðnar að fullu. Setjið kartöflur í skál og látið þær kólna. Blandið saman dijon-sinnepi, majónesi, beikoni og vorlauk. Kryddið til með salti og pipar eftir smekk, skreytið með mandarínnum og blaðsellerí (sem gott er að skera með grænmetisflysjara).

**Í framleiðslu**

- › Hoisin sósa
- › Sneiddar gúrkur
- › Vorlaukur, skorinn fínt
- › Kóríander
- › Chili sósa eða Sriracha hot sósa ( má sleppa)

**Aðferð**

Sameinið salt og sykur. Setjið svínakjötið í plastpoka, hellið yfir salti og sykri og setjið í kæli í nokkra tíma eða yfir nótt.

**Deigið:** Leysið ger og sykur upp í volgu vatni (50°C) og látið það standa í 10 mínútur. Sigið saman hveiti og lyftiduft. Sett í olíusmurða skál og hyljið létt með plastfilmu. Látið hefast á heitum stað þar til deigið tvöfaldast að stærð. Þetta ætti að taka um 1–2 klst.

Svínakjöt: Hitið ofninn í 150°C.

Takið svínakjöt úr saltinu og setjið í ofnfast fat. Fitán snýr upp. Hellið kjúklingasoði og 1/2 bolli aukalega af vatni í fatið. Lokið þétt með álpappír og steikið svínakjötið í um 2 1/2 klst., eða þar til það er maukeldað. Fjarlægið álpappír og hitið ofninn í 220°C. Steikt í 20 mínútur til vibótar eða þar til kjöt er gullið og fallegt. Fjarlægið úr ofninum og látið kólna niður í 30 mínútur. Skerið eða rífið niður svínakjöt og kryddið til með safanum úr fatinu. Þetta er hægt að gera daginn áður en bollurnar eru búnar til.

**Gufusoðnar bollur:** Mótið deigið í litlar kúlur og setjð yfir plastfilmu til að halda fersku. Takið hvert stykki af deigi og rúllið út í flatkökur. Þurstið deigið létt með olíu og brjótið saman. Látið hefast í aðrar 20 mínútur (gott að setja á smjörpappír). Bollurnar er hægt að gera fyrirfram líkt og kjötið.

Undirbúið eimbað í wokpönnu eða pott með sigti. Bollurnar ættu að vera í a.m.k. 3 cm frá vatninu. Setjið nokkrar bollur í sigtið og lokið. Gufusjóðið í um 7 mín. eða þar til bollurnar eru loftkenndar og hvítar.

**Hitið svínakjöt** í pönnu með pönnusafanum. Smyrjið hverja bolla með hoisin-sósu og fyllið með svínasíðum og gúrkum. Gott er að strá muldum salthnetum, kóríander og vorlauk yfir. Berið fram strax.

**Grænmetisréttur með kókosmjólk og rauðu karrý**

- › 2 msk. olía sesamolía
- › 2 hvítlausríf, pressuð



Grænmetis-karrí.

- › 500 g blandað grænmeti, skorið í teninga
- › 1–2 msk. rautt karrý (allt eftir því hversu sterkt þið þolið)
- › 1 paprika, skorin í strimla
- › 1 rauðlaukur, skorinn í sneiðar
- › 1 dós kókosmjólk
- › 1 msk. hnetusmjör
- › safi úr 1 lime
- › 1/2 búnt kóríander, til skrauts
- › 50 g salthnetur
- › salt og pipar

**Aðferð**

Látið olíu á pönnu og steikið hvítlaukinn lítilliga við meðalhita. Bætið grænmetinu út á pönnuna og steikið í 3–4 mínútur (tilvalið að nota afgangss grænmeti, blöndu eða taka til í grænmetis-skúfunni í ísskápnum) eða þar til það fer að mýkjast. Hellið kókosmjólkinni síðan út á pönnuna ásamt hnetusmjöri og limesafa. Bætið kóríander saman við og kryddið til. Hitið að suðu og látið sjóða í 1 mínútu. Berið fram með hrísgrjónum. Skreytið með kóríander.

# Gamaldags jakki og húfa fyrir nýfædda Heiðrúnu Hlín

Það eru forréttindi að fá að upplifa það að verða langamma. Þetta er fyrsta langömmustelpan mín en fyrir á ég tvo heilbrigða og hrausta langömmustráka.

Þessi jakki gæti verið frá því að amma hennar fæddist.

**Jakki:**

Stærð 1-3, 6-9, 12-18 mánaða.

Nú eru börn svo misstór nýfædd þannig að í sm væri þetta ca 50/60 , 62/68, 74/88.

**Garn:**

Baby star sem er til í mörgum litum en við notuðum bleika litinn nr 520. Sjá www.garn.is þar sjáit þið útsölustaðina og litaúrvalið.

Í jakkann og húfuna fóru 2 stk. 100 g dokkur og hefði sennilega dugað í hósar líka.

**Heklunál:** nr 3,5

3 tölur.

**Aðferð:**

Jakkinn er heklaður fram og til baka frá hálsmáli að ermaopi, muna að setja hnappagöt hægra megin, þá eru ermarnar heklaðar í hring að ofan og niður. Síðan er vinstra framstykki, bak og hægra framstykki heklað fram og til baka þar til réttri sídd er náð. Heklaðir takkar meðfram báðum boðungum og kringum hálsmálið.

**Byrjað á hálsmáli:**

Heklið 66-71-71 loftlykkjur laust.

Snúa við og hekla 1 stuðul í 4 loftlykkju frá nálinni\* hlaupið yfir 1 loftl.

stuðul í hverja næstu 3 loftl. \* endurtakið \*.\* þar til 2-3-3 loftlykkjur eru eftir hlaupið þá yfir 1 loftl. og heklið stuðul í síðustu 1-2-2 loftl.= 48-52-52 stuðlar þar með taldir 4 stuðlar í byrjun og enda umferðar. Snúa.

Nú eru sett prjónamerki frá réttunni.

**Stærð 1–3:** A merkið við milli 11-12 stuðuls, B milli 17 og 18 stuðuls, C milli 31 og 32 stuðuls og D milli 37 og 38 stuðuls.

**Stærð 6–9 og 12–18 mánaða:** merkið við A milli 12 og 13 stuðuls, B milli 18 og 19 stuðuls C milli 34 og 35 stuðuls D milli 40 og 41 stuðuls.

Færið merkin upp eftir því sem verkinu miðar áfram.

Í næstu umferð eru heklaðir stuðull í stuðul nema þar sem merkin eru, þar er aukið út þannig.

Heklið þar til 3 stuðlar eru eftir af merkinu, heklið



þá 2 stuðla í næsta stuðul og 2 stuðla í næsta stuðul 1 stuðul í hvern af 2 næstu stuðlum en merkið á að vera á milli þessara tveggja stuðla.

2 stuðla í næsta stuðul og 2 stuðla í þarnæsta stuðul. Þannig eru auknir út alls 16 stuðlar í umferðinni.

Þessi útaukning er endurtekin í hverri umferð alls 4-5-7 sinnum. Munið hnappagötin sem eru gerð þannig að í stað þriðja stuðuls frá byrjun á hægra boðungi er gerð 1 loftlykkja og síðan heklað yfir hana í næstu umferð með stuðli.

Staðsetning hnappagata : 1–3 mánaða eftir 2-7-12 sm.

6–9 mánaða eftir 2-8-13 sm, 12-18 mánaða 2-8-14 sm.

